LÁRA KRISTÍN UNNARSDÓTTIR
*Fer ótroðnar slóðir í fatavali og klæðagerð*
• tíska • heilsa • heimili
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



VELJUM ÍSLENSKT
*Sælkerar og bústnar peysufatakonur*
Sérblaðið Veljum íslenskt
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

6. nóvember 2008 — 304. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR



### Mikilvæg starfsemi

Barnahúsið er tíu ára um þessar mundir. Starfsmenn þess hafa aðstoðað yfir 2.000 börn frá opnun.

TÍMAMÓT 30



### Lagður í einelti vegna Eddunnar

Þröstur Leó stendur einn á móti öllum í sínum flokki.

FÓLK 46

### Guðlastari skrifar um guðsmann

Úlfar Þormóðsson hefur ekkert heyrt frá kirkjunnar mönnum.

FÓLK 54



### Veigar í góðum hópi

Frábær spilamennska Veigars Páls Gunnarssonar í vetur setti hann í hóp íslenskra úrvalsleikmanna.

ÍÞRÓTTIR 48

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTA** Í dag verður yfirleitt hæg suðaustlæg átt. Töluverð rigning suðaustanlands en síðan gengur úrkomusvæðið til vesturs yfir land og því víða væta síðdegis eða í kvöld. Áfram fremur milt.

VEÐUR 4

# Reynt að kúga Ísland til sátta við Bretland

**Sú skoðun er uppi innan einstakra Evrópuríkja að ekki eigi að veita Íslendingum alþjóðlega lánafyrirgreiðslu nema sátt náist um meðferð innstæðureikninga í Bretlandi. Þingmaður VG telur að í slíkum afarkostum felist fjárkúgun.**

**STJÓRNMÁL** Samkomulag vegna innstæðna í íslensku bönkunum í Bretlandi er, í hugum sumra ríkja, forsenda þess að Íslendingar fái lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Neyðarsjóði Evrópusambandsins.

Embættismenn Evrópusambandsins gerðu þingmönnum í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA þetta ljóst á fundum í Brussel í byrjun vikunnar.

Starfsmaður ráðherraráðsins upplýsti að meðal nokkurra ríkja væri sú skoðun uppi að Íslendingar gætu ekki vænst jákvæðrar afgreiðslu í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrr en innstæðumálin væru frágengin.

Sama er uppi á teningunum varðandi fyrirgreiðslu úr neyðarsjóði ESB, að sögn starfsmanns framkvæmdastjórnarinnar.

Landsbankinn og Kaupþing tóku við innlánum í nokkrum Evrópuríkjum en einkum í Bretlandi. Ganga Bretar hart fram í vörslu hagsmuna sparifjáreigenda.

„Mér finnst fólgin í þessu fjárkúgun,“ segir Árni Þór Sigurðsson, þingmaður VG, sem á sæti í Íslandsdeild þingmannanefndarinnar. „Það var sagt að ekki yrði af lánafyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nema samkomulag næðist við Breta. Þeir eru innanbúðar í sjóðnum og geta sett svona skilyrði. Það væri þá fjárkúgun,“ segir Árni Þór.

Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður Íslandsdeildarinnar, segir að bent hafi verið á að Íslendingar ætluðu að virða lög en greindi á við Breta um sum lagaleg atriði. Jafnframt hafi því verið komið á framfæri að ekki mætti vera samhengi milli alþjóðlegrar fyrirgreiðslu og ágreiningsins um innstæðutryggingarnar.

Bresk stjórnvöld hafa boðist til að lána Íslendingum peninga svo greiða megi út af reikningum Landsbankans í Bretlandi. Þeir setja þó það skilyrði að slík lánveiting yrði hluti af samkomulagi Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, ítrekaði þetta í samtali við fréttaveituna Dow Jones á mánudag.

- bþs




**BREYTTIR TÍMAR?** Hvítir karlar lesa um úrslit í bandarísku forsetakosningunum í blöðum gærdagsins á meðan þeir láta pússa skó sína. Kosningarnar voru sögulegar því í fyrsta sinn mun þeldökkur maður setjast í stól Bandaríkjaforseta. Sjá síðu 16 NORDICPHOTOS/AFP

Niðurfelling ábyrgða starfsfólks Kaupþings vegna hlutabréfakaupa víða til skoðunar:

# Skattayfirvöld rannsaka kaup

**VIÐSKIPTI** „Við höfum þegar sent einum bankanum fyrirspurn og munum skrifa hinum tveimur,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri. Í bréfunum er óskað upplýsinga um lán til starfsmanna gömlu bankanna til hlutabréfakaupa, lánakjör, upphæðir og fleira.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að ef skuldir hafi verið gefnar eftir sé skattalöggjöfin skýr. „Ef um eftirgjöf skulda er að ræða telst það til tekna nema um nauðasamninga sé að ræða.“

Kauphöll Íslands barust ekki tilkynningar frá Kaupþingi um niðurfellingu ábyrgða starfsfólks bankans. Þar er rannsókn hafin á málinu.

Helgi Magnús Gunnarsson, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segir hugsanlega geta verið um skilasvik að ræða eða umboðssvik. Slík brot geta varðað allt að sex ára fangelsi.

- hhs, ikh, jse / sjá síðu 4 og 10

Einar Bárðason:

# Aðstoðarmaður hjá þingmanni



EINAR BÁRÐARSON

**STJÓRNMÁL** „Á tímum sem þessum, getur maður ekki skorast undan. Ég sá þetta sem leið til að geta orðið að einhverju gagni,“ segir Einar Bárðarson sem oft hefur verið kallaður umboðsmaður Íslands.

Einar hefur nú verið ráðinn aðstoðarmaður Kjartans Ólafssonar, 4. þingmanns Suðurkjördæmis, sem situr á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Afskipti Einars af stjórnmálum eru lítil fyrir utan að hafa verið varaformaður ungra sjálfstæðismanna í Árnessýslu seint á síðustu öld. „Kjartan er frændi minn og mér að góðu kunnur frá því að ég ólst upp á Selfossi,“ segir Einar en breyttar aðstæður hafa kallað fram aukinn áhuga hans á innanlandsmálum og pólitík.

- jbg / sjá síðu 54

Prófessor við Harvard:

# Ísland reiði sig á auðlindirnar

**UMRÆÐA Ísland hefur alla burði til að ná sér upp úr núverandi efnahagsþrengingum en það mun taka nokkurn tíma. Þetta kemur fram í grein Michaels Porter, prófessors við Harvard-háskóla, og Christians Ketels, samstarfsmanns hans.**

**Porter og Ketels rannsökuðu samkeppnishæfni Íslands fyrir tveimur árum. Þeir segja að íslenska efnahagsundrið hafi verið annað og meira en fjármálabóla, en íslensk fyrirtæki hafi verið áhættusæknari en erlendir keppinautar. Ísland verði nú að nýta auðlindir sínar til að vinna sig út úr vandanum, en skuldir ríkisins vegna falls bankanna hægi á endurreisninni og komi niður á uppbyggingu atvinnulífsins.**

- bs/ sjá síðu 28









## SPURNING DAGSINS



*Guðfinnur, í hvernig bíl hlær frúin þessa dagana?*

„Mercedez Benz."

Guðfinnur Halldórsson hjá bílasölu Guðfinns segir það vera „geim óver fyrir Range Rover" í bili, en áttatíu og fjórir nýir og nýlegir slíkir bílar hafa verið settir á söluskrá síðasta mánuð. „Frúin hlær í betri bíl" er þekkt slagorð bílasölunnar.

Afgreiðslumaður af erlendum uppruna flaskaði á tíu þúsund króna Davíðsseðli:

# Borgun með seðlinum fjársvik

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla leitar nú einstaklings sem skipti tíu þúsund króna seðli, með mynd af Davíð Oddssyni seðlabankastjóra í matvörubúð í byrjun vikunnar. Sá sem keypti fyrir þrjú þúsund krónur með seðlinum og fékk sjö þúsund til baka, á yfir höfði sér ákæru vegna fjársvika. Afgreiðslumaðurinn í viðkomandi verslum er af erlendum uppruna og hefur ekki þekkt eins vel til íslenskra peningaseðla og innfæddir.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu mun uppruna tíu þúsunda króna seðilsins vera að leita til útskriftarsýningar Listaháskóla Íslands á Kjarvalsstöðum síðastliðið vor. Þar var eitt verkanna seðlabúnt með tuttugu þúsund tíu þúsund króna seðlum. Um var að ræða prentsmiðjuprentaða seðla. Einhverjir þeirra munu hafa horfið af sýningunni þegar gestir tóku þá með sér sem minjagripi.

Útskriftarneminn sem sýndi seðlana, Óðinn Þór Kjartansson, nemi í grafískri hönnun, sagði í viðtali við Vísi að hugsunin á bak við verkið hafi verið að gagnrýna ástandið í landinu á þeim tíma. Hann kvaðst hafa verið með tvær fullar töskur af peningunum á sýningunni, auk þess sem seðlum hafi verið raðað á borð í sýningarsalnum. **- jss**




**DAVÍÐSSEÐILLINN** Tíu þúsund króna seðlar eru ekki til hér á landi.

Bankahrunið sló evrurnar út:

## Áætlanir í salt fram á nýtt ár

**VIÐSKIPTI „Þessar áætlanir frestast fram á fyrsta ársfjórðung á næsta ári í síðasta lagi," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.**

**Stefnt var að því að fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöllina gætu fært hlutafé sitt í evrur síðar í mánuðinum. Áætlað var að Finnlandsbanki myndi sjá um uppgjörið. Við bankaþrotið fyrir mánuði fóru þær áætlanir út af borðinu.**

**„Þetta kemur okkur ekki á óvart. Enda höfum við beðið lengi eftir græna ljósinu," segir Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems.** **- jab /** **sjá síðu 22**



**PÓLSKU „ENDURNAR"** Lech og Jarozlaw Kaczynski. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pólsku tvíburabræðurnir:

## Uppnefnið ekki brot á lögum

**PÓLLAND, AP** Dómstóll í Póllandi hefur kveðið upp þann úrskurð að engum sé að lögum óheimilt að uppnefna tvíburabræðurna Lech og Jarozlaw Kaczynski „endurnar", eða „kaczory" á pólsku.

Dálkahöfundurinn Jerzy Pilch kallaði bræðurna þessu nafni ítrekað í skrifum sínum, og var fyrir vikið kærður fyrir að hafa uppi óhróður gegn bræðrunum.

Lech er forseti Póllands og Jarozlaw er fyrrverandi forsætisráðherra en núverandi leiðtogi stjórnarandstöðunnar á þingi. Þeir hafa sjálfir ítrekað notað andartákn í gamansömum tilgangi. **- gb**

# Veiddu lax til að gefa fátækum fjölskyldum

**Á annað hundrað fiskar bárust á land í gær í Ytri-Rangá er flokkur manna beitti þar flugustöngum sínum til að færa skjólstæðingum Fjölskylduhjálparinnar reyktan lax. Fiskistofa gaf leyfi fyrir þessari einstöku nóvemberveiði.**

**FÉLAGSMÁL** „Við fórum að veiða í soðið fyrir Fjölskylduhjálpina," segir Axel Óskarsson, hjá Lax-á, sem í gær var við veiðar í Ytri-Rangá með undanþágu frá Fiskistofu.

„Við tókum hóp valkunnra manna, blöndu af alvöru veiðimönnum og þekktu fólki," segir Axel sem kveður frábært að fá þessa framlengingu á veiðitímanum. Skjólstæðingar Fjölskylduhjálpar Ísland njóti ekki síður góðs af.

„Það er heldur betur líka frábært fyrir Fjölskylduhjálpina að fá gefins mat í öllu volæðinu. Við sáum frétt í síðustu viku þar sem var verið að lýsa aðstæðum og þá fengum við þessa hugmynd. Við ætlum að gefa þeim í harðindunum allan afla sem kemur á land," segir Axel og upplýsir að Lax-á muni láta reykja og grafa allan laxinn áður en hann verður afhentur Fjölskylduhjálpinni.

Að sögn Axels var aðeins veitt á flugu og öllum hrygnum látnar lifa en hængar drepnir. Á annað hundrað laxar veiddust, þar af 95 hængar.

Samkvæmt lögum eru laxveiðar heimilar til 30. september. Fiskistofa getur þó lengt veiðitímann fram til 31. október. Þótt komið sé fram yfir þau tímamörk segir Árni Ísaksson hjá Fiskistofu að ekkert hafi þótt vera því til fyrirstöðu að heimila veiðar á tíu stangir í Ytri-Rangá í einn dag. Veiðifélag árinnar gaf einnig leyfi fyrir sitt leyti.

„Það er þarna lax í ánni sem er engum til gagns í sjálfu sér og við leyfðum veiðar í þennan eina dag í þágu góðgerðastarfsemi," segir Árni og útskýrir að þarna sé að auki um tilraunaverkefni að ræða.

„Þeir ætla að kanna ástandið á fiskinum, hvernig holdafarið er, hvort hann er veiðanlegur og hvort hann er ætur. Þeir eiga að skrá þetta allt saman og gefa okkur skýrslu," segir Árni.

Axel og Árna ber saman um að þessar veiðar hafi engin neikvæð áhrif enda sé Ytri-Rangá hafbeitará þar sem afar léleg skilyrði séu til hrygningar. „Þarna eru þúsundir laxa sem gera lítið annað en að vera í ánni og ganga út næsta vor og meiri parturinn drepst væntanlega," segir Árni.

Að mati Axels mætti vel veiða í Ytri-Rangá lengra fram á haustið en nú er gert. „Það er gríðarlegt magn af fiski í ánni. Fiskurinn er kannski ekkert sérstakur en við höfum samt fengið marga bjarta og nýgengna laxa." **gar@frettabladid.is**



**VIÐ RANGÁRFLÚÐIR** Hrefna Ósk Benediktsdóttir, Ragnheiður Thorsteinsson og Brynja Gunnarsdóttir með þrettánda laxinn sem þær veiddu um miðjan dag í gær. MYND/EGILL

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:

## Umsókn Íslands á morgun

**EFNAHAGSMÁL** „Ísland verður tekið fyrir í stjórninni á föstudag, ég get staðfest það," sagði blaðafulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við Fréttablaðið í gær.

Á vefsíðu sjóðsins má skoða dagskrá stjórnar sjóðsins. Þar mátti um miðjan dag í gær sjá að sjóðsstjórnin hugðist fjalla um aðstoð til Úkraínu og Ungverjalands í þessari viku. Ekki var að sjá að Ísland væri þar á dagskrá, þrátt fyrir yfirlýsingar forsætisráðherra um að ríflega tveggja milljarða dala lán yrði tekið fyrir á morgun. Blaðafulltrúi sjóðsins sagði að eftir ætti að uppfæra vef sjóðsins og sagðist gera ráð fyrir að gengið yrði í málið. **- ikh**



**STJÚPAMMAN KÆTIST** Sarah, stjúpamma Obama, fagnar í Kenía. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sigri Obamas fagnað:

## Þjóðhátíð lýst yfir í Kenía

**KENÍA, AP Sigri Baracks Obama var fagnað víða í gær, en líklega þó hvergi jafninnilega og í Kenía þar sem ættingjar hans stóðu agndofa af gleði. „Ótrúlegt," hrópaði Malik, hálfbróðir Baracks, þegar hann var borinn á höndum nágranna sinna í þorpinu Kogelo. „Obama er að koma, víkið úr vegi," hrópuðu ættingjarnir, sem höfðu beðið úrslitanna með eftirvæntingu.**

**Mwai Kibaki, forseti Kenía, lýsti yfir að í dag yrði haldin þjóðhátíð í landinu til að fagna sigri þessa fræga „sonar ættjarðarinnar".** **- gb**

Ný íslensk matreiðslubók:

## Allur ágóði rennur til ABC

**SAMFÉLAGSMÁL „Ég vona að bókin verði til góðs," segir Aðalbjörg Reynisdóttir, sem hefur á eigin spýtur látið prenta bókina Allir geta eldað, með eigin mataruppskriftum og heilræðum. Allur ágóði af bókinni rennur til ABC barnahjálpar.**

**Aðalbjörg segir féð eyrnamerkt ákveðnu framtaki, Grænmetisgarðinum, sem snýst um að gera ABC-heimilin sem mest sjálfbær hvað matvælaframleiðslu snertir.**

**- gun /** **sjá sérblaðið Veljum íslenskt**




Baracks Obama varð stærri en flestir höfðu þorað að spá:

# Sigurinn stærri en spáð var

**BANDARÍKIN, AP** Sigur Baracks Obama varð stærri en flestir höfðu þorað að spá, jafnvel þótt skoðanakannanir hafi flestar hverjar sýnt að möguleikinn á stórsigri væri vel raunhæfur.

Obama hafði í gær, þegar talningu var lokið í flestum kjördæmum, fengið 52,3 prósent atkvæða á landsvísu, en McCain var með 46,4 prósent. Á kjörmannasamkomunni, þar sem formleg úrslit kosninganna ráðast, hafði Obama tryggt sér 349 atkvæði af 538, þrátt fyrir að niðurstöður í tveimur ríkjum væru enn ekki orðnar ljósar. Til sigurs hefði honum nægt að fá 270 atkvæði.

Á þingi unnu demókratar jafnframt sinn stærsta sigur í fimmtán ár og hafa nú góðan meirihluta í báðum deildum. Síðdegis í gær voru demókratar öruggir með 56 þingmenn í öldungadeild, en repúblikanar með 40. Fjögur þingsæti voru enn óútkljáð, en til þess að geta komið í veg fyrir að repúblikanar hindri afgreiðslu mála í deildinni með málþófi hefðu demókratar þurft að fá 60 þingsæti.

Í fulltrúadeildinni voru demókratar búnir að bæta við sig 20 þingsætum frá síðasta kjörtímabili, og voru þá komnir með 252 þingmenn af samtals 435 í þeirri deild. **- gb**



**CHRISTINE KING FARRIS** Systir baráttumannsins Martin Luthers King fagnaði sigri Obamas í hópi góðra vina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
Afsláttar dagar
6.–9. nóvember
Í fjóra daga bjóðast betri kjör, spennandi vörur og mikið fjör.
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 05.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 127,12 | 127,72 |
| Sterlingspund | 202,05 | 203,03 |
| Evra | 163,54 | 164,46 |
| Dönsk króna | 21,971 | 22,099 |
| Norsk króna | 18,891 | 19,003 |
| Sænsk króna | 16,424 | 16,520 |
| Japanskt jen | 1,2866 | 1,2942 |
| SDR | 189,24 | 190,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,4588

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ekkert liggur fyrir um millifærslur úr Kaupþingi segir skilanefnd bankans:

# Sérfræðingar rannsaki hvort vikið var frá lögum

**EFNAHAGSMÁL** Ekkert liggur fyrir um hvort milljarðar króna voru færðir úr sjóðum Kaupþings skömmu fyrir yfirtöku ríkisins á bankanum, eins og fram hefur komið í fréttum Stöðvar 2. Þetta kemur fram í tilkynningu frá skilanefnd Kaupþings.

Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá því á þriðjudag að hún hefði heimildir fyrir því að 100 milljarðar króna hafi verið millifærðir úr sjóðum Kaupþings inn á erlenda bankareikninga skömmu fyrir þjóðnýtingu bankans.

Í yfirlýsingu skilanefndarinnar segir að skilanefndin hafi ráðið óháðan sérfræðing til að kanna hvort vikið hafi verið frá lögum, eða innri reglum bankans. Sérfræðingurinn hafi óheftan aðgang að gögnum bankans, en um gríðarlegt gagnamagn sé að ræða.

Um er að ræða rannsókn sambærilega við þá sem skilanefndir allra bankanna hafa sett af stað.

„Á þessu stigi málsins er ekki unnt að greina frá niðurstöðu framangreindrar athugunar, enda er henni ekki lokið,“ segir í yfirlýsingunni.

Þar er þó tekið fram að ekkert liggi fyrir um að fjármunum hafi verið ráðstafað úr sjóðum bankans með ólögmætum hætti. Ekkert liggi heldur fyrir um að peningar hafi verið færðir til landa þar sem erfitt sé að komast að því hver reikningseigandinn er, eins og gefið hafi verið til kynna í frétt Stöðvar 2.

Ekki náðist í Steinar Þór Guðgeirsson, formann skilanefndarinnar, í gær, og því fengust ekki upplýsingar um nafn óháða sérfræðingsins sem sem rannsakar Kaupþing. **- bj**



**KAUPÞING** Sérfræðingur sem rannsakar hvort vikið hafi verið frá reglum bankans, eða ákvæðum laga, hefur aðgang að öllum gögnum Kaupþings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hugsanlega sekir um tvenns konar svik

**Yfirmaður efnahagsbrotadeildar segir hugsanlegt að fyrrum stjórn Kaupþings hafi gerst sek um svik. Kauphöll lætur rannsaka hvort reglur voru brotnar þar sem ráðstafanir um niðurfellingu ábyrgða starfsfólks voru ekki kynntar.**

**VIÐSKIPTI** Helgi Magnús Gunnarsson, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segir hugsanlegt að fyrrum stjórn Kaupþings hafi gerst brotleg um skilasvik og jafnvel umboðssvik með ákvörðun sinni 25. september síðastliðinn. Slík brot geta varðað allt að sex ára fangelsisvist.

Varðandi fyrrnefnda brotið segir hann: „Fyrrum stjórnendur Kaupþings gætu verið refsiábyrgir fyrir að rýra möguleika bankans á að standa við skuldbindingar sínar með því að gefa eftir kröfur á hendur starfsmönnum.“

Um hugsanlegt umboðssvik segir hann, „þar sem þeir [stjórnendur bankans] sem fóru með umboð til taka ákvarðanir fyrir hönd bankans hafi hugsanlega valdið honum tjóni með þessum ákvörðunum sínum. En það er rétt að hafa þann fyrirvara á í báðum þessum tilfellum að ég hef engar frekari upplýsingar en þær sem ég hef frá fjölmiðlum.”

Kauphöll Íslands var ekki tilkynnt um þær ráðstafanir að fella niður ábyrgðir starfsfólks af lánum sem tekin voru til hlutabréfakaupa. Málið er komið til rannsóknar hjá Kauphöllinni.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segist ekki geta dæmt um það strax hvort reglur hafi verið brotnar með samningunum. „Það væri ekki sanngjarnt af mér að fella dóm áður en aðilum gefst kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Við tökum enga afstöðu fyrr en við höfum allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta komist að niðurstöðu.“

Meðal þess sem kauphöllin hefur til skoðunar er hvort ákvæði um verðmótandi upplýsingar og upplýsingaskyldu hafi verið brotin. Í öðru lagi hvort reglur um að tilkynna beri um óeðlilega samninga, það eru samningar sem ekki eru gerðir á viðskiptalegum grundvelli, eigi við. Í þriðja lagi hvort um hafi verið að ræða fjárhagslegar upplýsingar sem hefði átt að tilkynna með réttum hætti til kauphallarinnar.

Þórður segir venjulega fái hlutaðeigandi allt að því viku til að skýra málstað sinn. Það muni fara eftir þeim útskýringum og rannsóknum Kauphallarinnar hvort málinu verði vísað til Fjármálaeftirlitsins til frekari rannsóknar.

**jse@frettabladid / holmfridur@fettabladid.is**



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON



ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON

### ÚR ALMENNUM HEGNINGARLÖGUM

250. gr. Fyrir skilasvik skal refsa með allt að 6 ára fangelsi hverjum þeim, sem sekur gerist um eftirgreinda verknaði:

4. Skerðir rétt einhvers lánardrottins síns til þess að öðlast fullnægju af eignum hans með því að gefa rangar upplýsingar, með undanskoti eigna, málamyndagerningum, ótilhlýðilega miklum gjöfum eða mikilli eyðslu, sölu eigna fyrir óhæfilega lágt verð, greiðslu eða tryggingu ógjaldkræfra krafna eða tiltölulega hárra gjaldkræfra krafna, stofnun nýrra skulda, sem að mun rýra efnahag hans, eða með öðrum svipuðum hætti.

249. gr. Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.



**GATNAMÓT** Miklabraut verður lögð í stokk en gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar látin halda sér.

3ja hæða mislæg gatnamót:

## Út af borðinu

**SAMGÖNGUR** Hugmyndir um þriggja hæða mislæg gatnamót á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar hafa verið slegin út af borðinu. Er það niðurstaða samráðshóps um umferðamál á gatnamótunum. Í staðinn verður Miklabraut lögð í stokk og núverandi gatnamót látin halda sér að öðru leyti.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, segir niðurstöðuna ótvírætt teljast til tímamóta. Á henni verði ekki annað séð en að Sjálfstæðisflokkurinn hafi tekið upp ný viðhorf í samgöngu- og skipulagsmálum Reykjavíkur. **- hhs**

Fjórir í gæsluvarðhaldi:

## Einn hefur kært úrskurðinn

**LÖGREGLUMÁL Einn fjögurra manna sem sæta nú gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu á nauðgunarmáli, hefur kært gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar.**

**Mennirnir, sem eru á þrítugsaldri, voru í fyrrakvöld úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 11. nóvember. Þeir voru handteknir í tengslum við rannsókn kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á nauðgunarmáli þar sem 17 ára stúlka á hlut að máli. Lífsýni hafa verið tekin úr mönnunum svo og stúlkunni vegna rannsóknarinnar.**

**jss**

Brynja Halldórsdóttir:

## Tapaði vonandi með sæmd

**VIÐSKIPTI „Ég keypti minn hlut fyrir mitt sparifé og hef staðið og fallið með því,“ segir Brynja Halldórsdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður Kaupþings, aðspurð hvernig hún hafi fjármagnað hlutabréfakaup sín hjá bankanum.**

**Staðan á eign hennar var 9.205 hlutir þegar bankinn fór í þrot. „Þannig að ég lagði allt mitt að veði, reyndar tapaði ég því líka en vonandi með fullri sæmd. Ég trúði og reyndar trúi enn á gott félag og setti mitt sparifé alla leið og myndi gera aftur í sömu sporum.“ - jse**




**SÖFNUNARFÉÐ AFHENT** Sérstakur varagljái, merktur átakinu, var seldur til að safna fé. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Átak Krabbameinsfélagsins:

## Yfir 50 milljónir söfnuðust

**SAMFÉLAGSMÁL** Yfir 50 milljónir króna söfnuðust í átakinu Á allra vörum, sem haldið var til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands í sumar. Upphæðin var afhent Krabbameinfélaginu í gær en féð mun renna til kaupa á nýjum leitarbúnaði á Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands.

Átakið Á allra vörum var að undirlagi Grόu Ásgeirsdóttur, sem greindist með brjóstakrabbamein í fyrra. Hún stóð fyrir sölu á varalitagljáa sem var sérmerktur átakinu, auk þess sem efnt var til sérstaks söfnunarþáttar í júní. **- bs**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**ÁFRAM MILT**
Það er ekki að sjá annað en milt verði áfram næstu daga. Er helst að sjá mögulega kólni um miðja næstu viku. Í dag er hins vegar úrkomuloft á leiðinni frá suðaustri og á leið vestur yfir land. Því verður úrkoman í fyrstu við suðausturströndina en síðan smám saman fer að rigna annars staðar. Síst þó reyndar á Vestfjörðum.




Á MORGUN
3-8 m/s

LAUGARDAGUR
Breytileg átt 3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 19° |
| Amsterdam | 13° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 15° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 12° |
| New York | 16° |
| Orlando | 27° |
| Osló | 3° |
| París | 12° |
| Róm | 19° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


HELGARFERÐ Í SMÁRALIND ER MIKLU ÓDÝRARI
ENGINN GJALDEYRIR
EKKERT VEGABRÉF
ALLTAF 23 STIGA HITI
Afsláttur allt að
50%
í Smáralind út nóvember
Helgarferð í Smáralind
Allar helgar í nóvember verða verslanir og veitingastaðir í Smáralind með glæsileg tilboð sem eiga sér enga hliðstæðu í nágrannalöndunum.
OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD
Glæsileg tilboð og líf og fjör út nóvember
Helgarferð í Smáralind er betri leið til að versla.
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
ENNEMM / SÍA / NM36046

## KJÖRKASSINN



*Treystir þú nýjum stjórnendum íslensku viðskiptabankanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 11,7% |
| Nei | 88,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ertu ánægð/ánægður með nýjan forseta Bandaríkjanna?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Forstöðumaður rannsóknarstofnunar í vinnumarkaðshagfræði:

# Ættum að varast „finnsku leiðina“

**VIÐSKIPTI** „Það er vafamál að hægt sé að tala um einhverja ákveðna finnska leið,“ segir Jaakko Kiander, forstöðumaður rannsóknarstofnunar í vinnumarkaðshagfræði við Helsinki-háskóla. Aðgerðir Finna hafi hvorki verið samræmdar né úthugsaðar og mörg alvarleg mistök hafi verið gerð.

„Í Finnlandi var atvinnuleysi leyft að fara úr böndunum áður en gripið var til aðgerða og kreppan varð fyrir vikið dýpri en ástæður voru til,“ segir Kiander. Á árunum 1990 til 1993 fór atvinnuleysi í Finnlandi í 18 prósent og samdráttur í landsframleiðslu var 13 prósent. „Þessu fylgdu félagsleg vandamál, áfengisneysla jókst og fátækt varð landlæg.“



**JAAKKO KIANDER** Kiander flutti opinn fyrirlestur fyrir fullu húsi í hátíðarsal Háskóla Íslands á þriðjudag. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

Stjórnvöld gerðu að hans mati alvarleg mistök þegar þau létu hjá líða að aðstoða skuldsettar fjölskyldur. „Frekar en að láta fólk missa heimili sín í nauðungarsölum, sem leiddi til stórra útlánatapa hjá bönkunum, sem síðan varð að aðstoða með almannafé, hefði verið betra ef ríkið hefði hjálpað fólki og fyrirtækjum með skuldbreytingum lána. Þess í stað horfði það aðgerðalaust á fjöldagjaldþrot sem leiddu til meira atvinnuleysis.“

Kiander segir vandamál Íslendinga nú mun alvarlegri en vandamál Finna. „Nú er alþjóðleg fjármálakreppa og Íslendingar hafa tapað lánstrausti erlendis, það mun því verða erfitt að fjármagna nauðsynlegar aðgerðir.“ **- msh**

Ástandsskoðun ökutækja:

# Sektir fyrir vanrækslu

**UMFERÐ** Ný ákvæði umferðarlaga taka gildi eftir áramótin, sem fela í sér 15.000 króna sekt fyrir vanrækslu á að fara með ökutæki í skoðun á réttum tíma. Þeir sem hafa vanrækt að láta skoða bílinn í október þurfa að greiða þessa upphæð, en þó er mögulegt að lækka gjaldið um allt að 50 prósent fari skoðun fram innan tiltekins frests sem gefinn verður.

Í tilkynningu frá Umferðarstofu segir að með þessari nýbreytni sé reynt að sporna við alvarlegum umferðarslysum sem rekja má til ástands ökutækja. **- kg**






# Þeistareykir leita samninga við Alcoa

**Unnið er að nýjum samningum við Alcoa um rannsóknarboranir á Þeistareykjum. Um sex milljarðar hafa farið í rannsóknarboranir og er hlutur fyrirtækisins um tveir en Norðurþings um einn. Erlendar skuldir þess hafa hækkað mjög.**

**VIRKJANIR** Hér á landi eru staddir fulltrúar frá Alcoa til að freista þess að ná áframhaldandi samningum um rannsóknarboranir við Þeistareyki. Landsvirkjun fer með samningsumboðið, en viljayfirlýsing fyrirtækisins og Alcoa um raforkusölu rann út um mánaðamótin.

Fréttablaðið óskaði eftir að fá kostnað Þeistareykja við rannsóknarboranirnar uppgefinn, en fékk þau svör að stjórnin sæi „á þessu stigi“ ekki ástæðu til að gera reikninga félagsins opinbera. Franz Árnason stjórnarformaður sagði um miðjan ágúst að fyrirtækið hefði lagt fram tvo milljarða króna. Þá sagði hann Landsvirkjun hafa lagt fram þrjá milljarða og Norðurþing einn.

„Við erum ekki búin að gera upp boranir þessa árs en þessi tala er nærri lagi,“ segir Franz Árnason, stjórnarformaður Þeistareykja ehf. Hann segir að um 40 prósent þeirrar upphæðar séu hlutafé, afgangurinn, 1,2 milljarðar, sé lánsfé, mestallt í erlendri mynt.

Gengisvísitala hefur hækkað um 40 prósent síðan um miðjan ágúst og samkvæmt því er lánsupphæðin því um 1,69 milljarðar, með tilheyrandi vaxtagreiðslum.

„Vextir hafa hækkað verulega vegna gengisfalls og þar sem fyrirtækið gefur ekki tekjur liggur okkur á að afla þeirra,“ segir Franz.

Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, segir menn hafa fullan hug á að endurnýja viljayfirlýsingu við Alcoa um Þeistareyki. Í gildi er slík yfirlýsing milli sveitarfélagsins, Alcoa og ríkisvaldsins um álver á Bakka.



**ÞEISTAREYKIR** Viðræður standa yfir við Alcoa um frekari rannsóknarboranir en viljayfirlýsing þar um rann út um síðustu mánaðamót. Um sex milljarðar hafa farið í boranir. FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**FRANZ ÁRNASON**



**BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON**

„Við erum heilir í því sem við gerum og vinnum samkvæmt þeirri yfirlýsingu og ræðum því ekki við aðra. Þetta er allt í sínum eðlilega farvegi og við höldum ótrauðir áfram.“

Spurður hvort aðrir hefðu sýnt orkunni við Þeistareyki áhuga segir Bergur: „Ég mun ekki tjá mig um það að öðru leyti en að við vinnum með Alcoa og munum gera. Við erum hins vegar eftirsótt hér á norðausturhorninu.“

Bergur segir að kostnaður Norðurþings vegna rannsóknarborananna sé 812 milljónir króna. Um fjórðungur þess, rúmlega 618 milljónir, er í erlendu lánsfé. Það nemur 208.167 krónum á hvern íbúa sveitarfélagsins, miðað við síðustu áramót.

„Vissulega tekur þetta í, en þetta er góð fjárfesting þegar upp er staðið og mun nýtast sveitarfélaginu vel,“ segir Bergur.

kolbeinn@frettabladid.is











Utanríkismálanefnd Alþingis leggur til breytingar á meðferð EES-mála í þinginu:

# Vilja starfsmann í Brussel

**ALÞINGI** Alþingi ætti að koma sér upp starfsmanni í Brussel, með aðsetur í Evrópuþinginu, til að vinna skýrslur, reka erindi og skipuleggja heimsóknir frá Alþingi til Evrópuþingsins.

Þetta er ein af tillögum utanríkismálanefndar, sem fram koma í skýrslu um fyrirkomulag á meðferð mála tengdum Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Utanríkismálanefnd telur mikilvægt að endurskoða skipulag og meðferð EES-mála í þinginu. Nefndin telur að of lítið samráð hafi verið haft við Alþingi um meðferð slíkra mála á undanförnum árum, og gildandi reglum ekki fylgt.

Þannig hafi fjölmargar ESB-gerðir, tilskipanir og reglugerðir verið teknar inn í EES-samninginn án þess að tryggt hafi verið að Alþingi vissi um tilvist þeirra fyrir fram, eða að til stæði að innleiða þær í EES-samninginn.

Leggur nefndin því til að upplýsingagjöf til Alþingis verði aukin og formfest. Aukin áhersla verði lögð á að meta fyrr hver áhrif EES-gerðar gætu orðið fyrir íslensk lög og hagsmuni. Þannig er meðal annars lagt til að utanríkisráðuneytið taki reglulega saman minnisblöð fyrir utanríkismálanefnd um ESB-gerðir á mótunar- og tillögustigi. **- bj**



**NEFNDARSTÖRF** Utanríkismálanefnd telur brýnt að endurskoða fyrirkomulag meðferðar mála tengdum EES í þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# “Mikilvæg handbók Íslendinga á tímum breytinga”

Marín Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri Practical



*Þú getur...* er eftir sálfræðingana Jóhann Inga Gunnarsson, Sæmund Hafsteinsson og Martein Steinar Jónsson sem eru sannkallaðir meistarar á sínu sviði.

Í lífinu skiptast óhjákvæmilega á skin og skúrir. Til er fólk sem virðist kunna þá list að lifa skynsamlega í meðbyr og einnig að takast á við áföll og mótlæti af yfirvegun. Það er góð kunnátta sem höfundar vilja koma til sem flestra á hnitmiðaðan hátt.

**TILBOÐSVERÐ 2.999.-**




"Frábær vegvísir bæði í einkalífi og starfi. Þeir félagarnir Jóhann Ingi, Sæmundur og Marteinn Steinar hitta enn einu sinni í mark með efni sem nýtist öllum."

*Ingrid Kuhlman*
*framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar*

"Bók sem enginn má láta framhjá sér fara. Nauðsynleg fyrir þá sem vilja ná lengra í lífinu."

*Marín Magnúsdóttir*
*framkvæmdastjóri Practical*

"Bók sem ég mæli fúslega með og passar vel inn í nútímann. Einn höfundanna, Jóhann Ingi, hefur ítrekað lagt sitt lóð á vogarskálarnar í undirbúningi handboltalandsliðsins hverju sinni. Ég tel hann eiga mikinn þátt í velgengni liðsins undanfarin ár."

*Guðmundur Guðmundsson*
*landsliðsþjálfari í handknattleik*

"Hagnýt bók og skemmtileg. Efnið höfðar til fólks á öllum tímum, en á þó sérstaklega erindi við Íslendinga í dag."

*Jón Kr. Gíslason*
*starfsmannastjóri Össurar*

Bókin hvetur til bjartsýni og athafnagleði eins og titillinn, Þú getur... ber með sér.
Settar eru fram leiðbeiningar um árangursríkt hugarfar, hvernig við getum yfirstigið hindranir og náð settu marki.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvert er millinafn Baracks Obama, verðandi Bandaríkjaforseta?*

2 *Hvar á Íslandi er verið að breyta gömlu frystihúsi í hótel?*

3 *Hver er eiginmaður Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Landssamtök lífeyrissjóða beina tilmælum til lífeyrissjóðanna:

# Bjóða upp á frystingu lána

**EFNAHAGSMÁL** Landssamtök lífeyrissjóða beina því til lífeyrissjóðanna að bjóða sjóðfélögum í greiðsluerfiðleikum að frysta lífeyrissjóðslán sín í sex til tólf mánuði með því að breyta lánaskilmálum tímabundið.

Landssamtökin mælast til þess að lífeyrissjóðirnir taki upp nánara samstarf við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna til að auðvelda sjóðfélögum í vanda við að fá heildstæða mynd af stöðu sinni og hvaða leiðir séu til ráða.

Enn fremur vilja samtökin að lífeyrissjóðirnir efli upplýsingamiðlun til þeirra sem eru í vanda staddir eða eru að kanna sjálfir hvernig þeir eigi að komast hjá fjárhagsvandræðum.

„Við vonumst til þess að lífeyrissjóðirnir taki tillit til þessara tilmæla og ég tel nú eiginlega að þeir geri það, það voru stóru sjóðirnir sem stóðu að þessu þannig að ég hef trú á því,“ segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða skipaði um miðjan október starfshóp til að fjalla um greiðsluvanda sjóðfélaganna og koma með tillögur til úrbóta. Starfshópurinn hefur skilað af sér greinargerð og tillögum sem ofangreindar aðgerðir byggjast á. - ghs



**STÓRU SJÓÐIRNIR** „Það voru stóru sjóðirnir sem stóðu að þessu,“ segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Dæmd fyrir fjársvik:

# Sviku út hundruð þúsunda

**DÓMSMÁL** Karlmaður og kona hafa verið dæmd í þrjátíu daga fangelsi fyrir fjársvik. Refsing konunnar var skilorðsbundin, en karlmannsins ekki.

Konan hringdi í tiltekinn reikningseiganda í KB banka og kvaðst vera starfsmaður bankans. Fékk hún manninn undir því yfirskini til að gefa sér upp leyninúmer á bankareikningi hans. Hjúin fengu síðan starfsfólk KB banka til að millifæra 300 þúsund krónur af reikningi mannsins inn á reikning hennar með því að gefa upp leyninúmerið. Auk ofangreindrar refsingar var hjúunum gert að endurgreiða manninum. - jss

## EVRÓPUSAMBANDIÐ

### Segir Tyrklandi fyrir verkum

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins segir að tyrknesk stjórnvöld verði að gera sem allra fyrst úrbætur bæði á réttindum kvenna og frelsi fjölmiðla til þess að eiga möguleika á inngöngu í sambandið. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sambandsins um Tyrkland.

## SPÁNN

### Barcelona höfuðborg

Barcelona á Spáni verður höfuðborg hins nýja Miðjarðarhafssambands, sem er bandalag 43 ríkja í Evrópu, Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum. Sarkozy Frakklandsforseti hafði frumkvæði að stofnun sambandsins.

Efnahagsþrengingar hafa áhrif víða um land:

# Um 60 var sagt upp störfum á Akranesi

**AKRANES** Um 60 manns var sagt upp á Akranesi um síðustu mánaðamót. Þá hefur lóðum fyrir rúmlega 250 milljónir króna verið skilað; þar með talið nánast heilu hverfi, Skógarhverfi 2.

Í síðustu viku samþykkti bæjarráð að skipa aðgerðahóp vegna efnahagsástandsins. Gísli S. Einarsson bæjarstjóri segir að Akranesbær muni þurfa að taka hærra lán en áætlanir gerðu ráð fyrir.

„Við erum með lánsheimildir upp á 650 milljónir, en þar sem nýrri sundlaugarbyggingu hefur verið frestað reiknuðum við með að nota um 330 milljónir. Nú sýnist okkur við þurfa um 600 milljóna króna lán.“ - kóp

# Bilið á milli dagblaðanna fer breikkandi

**Lestrarkönnun Capacent undirstrikar ótvíræða yfirburði Fréttablaðsins sem verður æ vinsælla, ekki síst meðal lesenda á aldrinum 18 til 49 ára. Vinsældir Morgunblaðsins hjá sama aldurshópi dala.**

**KÖNNUN** Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins í öllum aldurshópum, hjá báðum kynjum, um allt land. Þetta sýnir ný lestrarkönnun Capacent fyrir ágúst til október.

Meðallestur Fréttablaðsins á hvert dagblað á tímabilinu ágúst til október er 64 prósent. Það er meiri lestur en á sama tímabili í fyrra þegar lesturinn mældist 62,1 prósent. Í síðustu lestrarkönnun, sem gerð var á tímabilinu maí til júlí, mældist Fréttablaðið með 64,8 prósenta lestur.

Meðallestur Morgunblaðsins á tímabilinu ágúst til október mælist 40,3 prósent. Er það nokkuð minni lestur en í fyrra þegar 43,1 prósent las Morgunblaðið. Sé miðað við síðustu lestrarkönnun hefur Morgunblaðið þó bætt sig örlítið. Á tímabilinu maí til júlí lásu 38,7 prósent blaðið.

Munurinn á styrk Fréttablaðsins og Morgunblaðsins sést vel þegar litið er til aldurshópsins 18 til 49 ára. 64,8 prósent fólks á þeim aldri les Fréttablaðið hefur fjölgað um 4,35 prósent. Einungis 31,7 prósent lesa Morgunblaðið í þeim aldurshópi og fækkaði þeim um 12,91 prósent miðað við árið í fyrra. Bilið er enn breiðara sé litið til 18 til 49 ára á höfuðborgarsvæðinu. 70,7 prósent þeirra lesa Fréttablaðið sem er 5,68 prósenta aukning. 33,4 prósent lesa Morgunblaðið og er það 16,29 prósenta samdráttur milli ára.

**LESTUR DAGBLAÐA**

**18 - 49 ára á höfuðborgarsvæðinu**




HEIMILD: CAPACENT - GALLUP

Jón Kaldal, ritstjóri Fréttablaðsins, segir niðurstöðurnar ákaflega ánægjulegar. Þær undirstriki yfirburði Fréttablaðsins og að þeir fari vaxandi. „Fréttablaðið er, eins og verið hefur, grundvöllurinn að dagblaðalestri þjóðarinnar. Það er mjög ánægjulegt að sjá hvernig bilið, frá sama tímabili í fyrra, hefur breikkað þegar borinn er saman lestur Fréttablaðsins og Morgunblaðsins. Sérstaklega í þessum mikilvæga hópi fólks á bilinu 18 til 49 ára. Fréttablaðið er ekki bara stærsti leikmaðurinn á dagblaðamarkaði heldur líka í lykilhlutverki í fréttaflutningi yfirhöfuð á fjölmiðlamarkaði. Það er ekki hægt annað en að vera mjög ánægður með góða tryggð lesenda við blaðið.“

Könnun Capacent var gerð í síma og nær yfir tímabilið 5. ágúst til 1. nóvember. Niðurstöðurnar byggja á svörum 2.405 manna um allt land á aldrinum 12 til 80 ára.




holmfridur@frettabladid.is




20%
afsláttur
í dömudeild
af eftirfarandi merkjum:
TAIFUN
COLLECTION
ESPRIT
GERRY WEBER
Gildir frá fimmtudegi til sunnudags
Gildir ekki af ESPRIT undirfötum og náttfötum
og gildir ekki með öðrum tilboðum.
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI




ÓTRÚLEG LAGERHREINSUN!

Skrifstofuvörur, námsgögn, hannyrðir, föndur, þroskandi leikir, gjafavörur og margt fleira. 40-90% afsláttur.

A4 Köllunarklettsvegi 8
Opið 8-18 miðvikudag til föstudags.
Opið 10-16 laugardag og sunnudag.
Sími 515-5100

A4


# Skattyfirvöld rannsaka hlutabréfakaup

**Skattrannsóknarstjóri óskar upplýsinga frá bönkunum um hlutabréfakaup starfsmanna og lán vegna þeirra. Hlutabréfakaup og lán eru til meðferðar hjá ríkisskattstjóra. Skattskylda vegna hlutabréfalána gæti numið milljörðum.**

**VIÐSKIPTI** „Við höfum þegar sent einum bankanum fyrirspurn og munum skrifa hinum tveimur," segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri.

Í bréfunum er óskað upplýsinga um lán til starfsmanna gömlu bankanna til hlutabréfakaupa, lánakjör, upphæðir og fleira. „Þetta er liður í okkar gagnaöflun, en málið er ekki komið lengra," segir Bryndís.



SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

Bréfin eru send til nýju bankana, enda þótt óskað sé upplýsinga um forvera þeirra.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir þessi mál til meðferðar hjá skattyfirvöldum. Því geti hann fátt sagt um málið annað en að ef skuldir hafa verið gefnar eftir, það er felldar niður, sé skattalöggjöfin skýr. „Ef um eftirgjöf skulda er að ræða telst það til tekna nema um nauðasamninga sé að ræða."

Fram kom í yfirlýsingu frá fyrrverandi stjórn Kaupþings að í lok september hefði verið ákveðið að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna af lánum til kaupa á hlutabréfum í Kaupþingi.

Fram kemur í hálfsársuppgjöri Kaupþings sem birt var um mitt sumar, að lán til stjórnenda bankans, stjórnarmanna og fjölskyldna þeirra hefðu í heild numið tæpum 37 milljörðum króna. Óvíst er hversu hátt hlutfall þessa hefur verið til kaupa á hlutabréfum í bankanum.



**BANKARNIR** Starfsfólk banka, einkum Glitnis og Kaupþings, fékk lán til að kaupa hlutabréf í bönkunum. Enda þótt hlutabréfin verði verðlaus kynni starfsfólkið að þurfa að greiða tekjuskatt hafi skuldir verið gefnar eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT

Í tilviki gamla Glitnis námu lán til starfsfólks vegna kaupa á hlutabréfum í bankanum ríflega níu milljörðum króna.

Hafi þessir fjármunir farið til hlutabréfakaupa, má ætla að í tilviki Glitnis og Kaupþings nemi samanlögð fjárhæð um 46 milljörðum króna.

„Ekki er útilokað að þetta gætu verið starfstengd hlunnindi og þar með tekjuskattskylt," segir Elín Árnadóttir, yfirmaður skattasviðs PricewaterhouseCoopers.

Reynist þetta vera tekjuskattskylt, þarf fólkið að greiða ríflega 35,72 prósenta tekjuskatt vegna þessara lána. Upphæðin gæti numið ríflega sextán milljörðum króna.

Fram kemur í tilkynningu frá Landsbankanum að ekki hafi verið veitt lán til kaupa á hlutabréfum sem hluta af starfskjörum. Annars kemur fram að lán Landsbankans til lykilstarfsmanna námu um 115 milljónum króna um mitt árið.

Ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og skattstjórar landsins hitta fulltrúa fjármálaráðuneytisins á fundi á morgun. Þessi mál eru þar á dagskrá.

ingmar@markadurinn.ia


© Inter IKEA Systems B.V. 2008

Okkar **stærsta** hugmynd er lægsta verðið

Við trúum því að heimilið sé mikilvægasti staðurinn í veröldinni. Stærsta hugmynd IKEA byggir á því að sem flestir geti komið sér upp óskaheimili á lágu verði. Nú reynir sem aldrei fyrr á hugsjón okkar að halda vöruverði eins lágu og okkur frekast er unnt.

**Nauðsynlegar breytingar á verði**

Engu að síður er staðan í efnahagsmálum þjóðarinnar slík að við erum knúin til að hækka verðið. Við stöndum frammi fyrir þeirri erfiðu staðreynd að þurfa að hækka vöruverð um 25% að jafnaði. Verðbreytingar fara fram á næstu dögum. Þó er um óbreytt verð að ræða á öllum jólavörum IKEA.

**Verðhækkun haldið í lágmarki**

Við ætlum að halda verðhækkunum í lágmarki. Sumar vörur hækka ekkert og aðrar vörur í mismiklum mæli. Um leið og gengisþróun gefur tilefni til, lækkum við vöruverð aftur.

**Okkar stærsta hugmynd er lægsta verðið**

Hugmyndin um lægsta verðið er okkur enn efst í huga, enda trúum við á hana og framtíðina. Við leggjum sömu áherslu og áður á að bjóða lægra verð en aðrir og í samanburði við IKEA á hinum Norðurlöndunum bjóðum við enn sambærilegt verð. Fyrir okkur er heimilið mikilvægasti staðurinn í veröldinni.

IKEA®

Klíkur í Kaupmannahöfn:

## Enn skotið á Norðurbrú

**DANMÖRK Tuttugu og fjórum skotum var skotið úr kyrrstæðum bíl að húsi við Mjølnerparken á Norðurbrú í Kaupmannahöfn í fyrrakvöld. Enginn slasaðist við árásina. Mikið hefur verið um skotárásir í hverfinu síðustu mánuði og eru þær flestar taldar tengjast klíkuátökum Hells Angels og innflytjendaklíkna.**

**Danska blaðið Politiken lýsir vopninu sem skotið var úr sem „sérstaklega öflugu“. Klukkustundu eftir árásina fannst stolinn bíll sem hafði verið brenndur í útjaðri Kaupmannahafnar. Grunur leikur á að árásarmennirnir hafi flúið af vettvangi í bílnum.** - kg

Norræna listahátíðin í Liverpool hefur misst yfir tólf milljónir í styrkjum:

# Listamennirnir borga sjálfir

**MENNING** „Við skipuleggjendur höfum unnið 24 tíma á sólarhring í svitabaði síðustu vikur við að reyna að láta allt ganga upp. Þetta hefur verið erfitt en hátíðin verður opnuð eftir tvær vikur með glæsibrag. Þetta mun takast,“ segir Ingi Þór Jónsson, aðalskipuleggjandi norrænu listahátíðarinnar NICE08 sem hefst í Liverpool, menningarhöfuðborg Evrópu árið 2008, 20. nóvember næstkomandi.

Ingi segir efnahagsástandið á Íslandi hafa haft slæm áhrif á framgang hátíðarinnar. Meðal annars hafi rúmar tólf milljónir króna í styrkjum ýmiskonar verið dregnar til baka. Einnig hafi kór Langholtskirkju, sem syngja átti á stórum jólatónleikum með Fílharmoníusveit Liverpool, afboðað komu sína. „En allir aðrir atburðir halda sér, jafnvel þótt listamennirnir þurfi að redda sér sjálfir hingað til Liverpool og borga allan kostnað. Það eru allir svo jákvæðir gagnvart hátíðinni. Við skipuleggjendurnir erum auðvitað á engum launum,“ segir Ingi. Ágóði annarra jólahljómleika sem haldnir verða í dómkirkju Liverpool, þar sem meðal annars koma fram Eivör Pálsdóttir, Elísabet Waage og Björg Þórhallsdóttir, rennur til Christie-krabbameinsspítalans sem átti sjö milljónir punda inni á IceSave-reikningi.

Í janúar fer Ingi Þór ásamt Mike McCartney, bróður bítilsins Pauls, til Finnlands í boði þarlendra ráðamanna til að funda um landkynningu Finnlands í Bretlandi á næsta ári. Mike McCartney er verndari NICE08-hátíðarinnar. - kg



**NICE08** Norræna listahátíðin er haldin í tengslum við Liverpool-tvíæringinn, sem er stærsta listahátíð Bretlandseyja. Ingi Þór er framkvæmdarstjóri hátíðarinnar.

Veiðifélag í Skaftártungu:

## Hús án leyfis risu í þjóðlendu

**SKIPULAGSMÁL** „Þeir fóru fram úr sjálfum sér,“ segir Bjarni Daníelsson, sveitarstjóri í Skaftárhreppi, um Veiðifélag Skaftártungumanna sem reisti fjögur sumarhús í óleyfi við hálendismiðstöðina í Hólaskjóli. Að sögn Bjarna er nú verið að greiða úr málinu. Deiliskipulag fyrir svæðið hafi vantað og málið flækist enn fremur af því að Hólaskjól sé í þjóðlendu og heyri því undir forsætisráðuneytið þótt skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélaginu. Veiðifélagið annast hálendisþjónustuna á Hólaskjóli eftir að það keypti aðstöðuna af Skaftárhreppi fyrir nokkrum árum. - gar



**VERÐLAUN** Magnús Geir Þórðarson tekur við verðlaunum úr hendi forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍMARK-verðlaunin afhent:

## Borgarleikhússtjóri valinn

**VERÐLAUN** Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, var valinn markaðsmaður ársins af ÍMARK, félagi íslensks markaðsfólks, við athöfn í Turninum við Smáratorg í gær. Við sama tilefni var stoðtækjafyrirtækið Össur valið markaðsfyrirtæki ársins.

Auk Össurar voru fyrirtækin Síminn og Vodafone tilnefnd til verðlauna sem markaðsfyrirtæki ársins. - kg

Evrópusambandið:

## Fiskveiðistjórn verður að bæta

**SJÁVARÚTVEGSMÁL Joe Borg, fiskimálastjóri Evrópusambandsins, segir alvarleg brot á reglum fiskveiðistjórnunarkerfis sambandsins undirstrika nauðsyn þess að endurskoða kerfið. Hann segir hnignun einkenna evrópskan sjávarútveg og því verði ekki breytt nema með virkari stjórnun.**

**Brot á reglum fiskveiðistjórnunarkerfisins á árinu 2006 voru alls 10.362 talsins að því er fram kemur í sjöundu ársskýrslu framkvæmdastjórnar ESB. Þrátt fyrir að þetta séu um eitt prósent færri brot en árið 2005 verður að hafa í huga að skipum í flotanum fækkaði um tíu prósent á milli ára.** - shá


vera



kvenfataverslun

Laugavegi 49





Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Grand Rómantík

Dregið verður um Villibráðarmáltíð og gistingu fyrir 2 ásamt morgunverði á Grand Hótel á konukvöldinu!

KÓSÍ

KONUKVÖLD Í GARÐHEIMUM

FIMMTUDAGINN 6. NÓVEMBER

FRÁ 19.00 TIL 22.00

FRÍTT INN!



KYNNIR KVÖLDSINS

BJARNI ARA

LÉTTAR VEITINGAR

HAPPY HOUR 1

Eitthvað óvænt milli kl. 19.00 og 20.00

AUÐUR JÓNSDÓTTIR

les upp úr nýútkominni bók sinni: Vetrarsól

HAPPY HOUR 2

Eitthvað óvænt milli kl. 21.00 og 22.00

KYNNING Á ÍSLENSKU HANDVERKI

SÖNGATRIÐI: BJARNI ARASON

TÍSKUSÝNINGAR

kósí náttföt og undirföt frá **Undirföt.is**

glæsilegur kvenfatnaður frá **tískuversluninni Ritu**

LUKKUPOTTUR

glæsilegir vinningar frá Garðheimum og samstarfsfyrirtækjum

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjabakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

SAMSTARFSAÐILAR KONUKVÖLDSINS ERU:

KARL K. KARLSSON - BÍÓVÖRUR - HEILSA - YGGDRASILL - ÁLAFOSSBÚÐIN

SNYRTISTOFAN HRUND - ABC BARNAHJÁLP - TÍSKUVERSLUNIN RITA

UNDIRFÖT.IS - GLÆTAN - VÍNÓ - GRAND HÓTEL - FORLAGIÐ - O.FL.



**KOSNINGAUNDIRBÚNINGUR HAFINN** Í borginni Herat í Afganistan mætti þessi kona til að skrá sig á kjörskrá fyrir kosningar, sem haldnar verða seint á næsta ári. Hún sýnir þarna skráningarskírteini sitt. NORDICPHOTOS/AFP

Segir bandarískan almenning bera ótrúlegar væntingar til Obama:

# Væntingar kannski of miklar

**STJÓRNMÁL** „Bandarískur almenningur hefur ótrúlegar væntingar til Obama og stefnuskrá hans felur í sér víðtækar breytingar fyrir samfélagið. Kannski eru þessar væntingar of miklar í augnablikinu, því Obama stendur frammi fyrir því alvarlega vandamáli að fjármagna stefnumálin,“ segir Steinn Jóhannsson, stjórnmálasagnfræðingur og formaður kennslusviðs Háskólans í Reykjavík, um sigur Baracks Obama í forsetakosningunum í Bandaríkjunum í fyrrinótt.

Steinn segir kosningu Obama gefa tilefni til bjartsýni fyrir minnihlutahópa í Bandaríkjunum. „Ef litið er á öldunga- og fulltrúadeildirnar sést að þar sitja mjög fáir fulltrúar minnihlutahópa. Kosning Obama styrkir trú þessara hópa á að framtíðin beri eitthvað meira í skauti sér. Einnig held ég að flestir kjósendur séu sammála um að vilja sjá aukna áherslu á innanríkismál, að taka á kreppunni, og Obama hefur boðað heimköllun hersins frá Írak,“ segir Steinn.

> Spurningin er hversu þolinmóður bandarískur almenningur verður á næstu mánuðum.



**STEINN JÓHANNSSON**
STJÓRNMÁLASAGNFRÆÐINGUR

Að sögn Steins mun framgangur stefnumála Obama kosta gríðarlegt fé. „Einhverjir verða að borga brúsann. Mér sýnist að miðað við hversu víðtæk stefnumálin eru sé ómögulegt að hrinda þeim öllum í framkvæmd. Það mun taka tíma, og spurningin er hversu þolinmóður bandarískur almenningur verður á næstu mánuðum. Hvort Obama muni halda þeim trúverðugleika sem hann hefur byggt upp í kringum kosningarnar.“ - kg

Fjögurra mánaða fangelsi:

# Sló til lögreglu með rörtöng

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að hafa hótað lögreglumönnum og slegið tvívegis til þeirra með rörtöng þegar lögregla hafði afskipti af honum.

Lögregla hugðist handtaka manninn eftir að hann hafði gengið berserksgang á heimili móður sinnar. Hann brást hinn versti við, sótti rörtöngina og hótaði lögreglumönnunum. Lögregla beitti því varnarúða til að yfirbuga hann.

Maðurinn neitaði sök en dómurinn lagði ekki trúnað á framburð hans. - jss

Amfetamínverksmiðjan:

# Einum sleppt

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri er laus úr haldi lögreglu en hann var handtekinn á Keflavíkurflugvelli 16. október í tengslum við rannsókn á fíkniefnaverksmiðjunni í Hafnarfirði.**

**Maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald daginn eftir og síðan í áframhaldandi gæsluvarðhald. Eftir yfirheyrslur þótti ekki ástæða til að halda honum var honum því sleppt í gær.**

**Tveir menn, annar á þrítugsaldri og hinn á fertugsaldri, sitja hins vegar enn í gæsluvarðhaldi.** - jss

Kristinn H. Gunnarsson þingmaður Frjálslyndra:

# Fær ekki svör um skuldir sjávarútvegs

**ALÞINGI** Þar sem gömlu viðskiptabankarnir eru almenn hlutafélög er viðskiptaráðherra óheimilt að svara spurningum Kristins H. Gunnarssonar, Frjálslynda flokknum, um skuldir sjávarútvegsfyrirtækja við bankana. Og þar sem nýju ríkisbankarnir heyra undir fjármálaráðherra býr viðskiptaráðuneytið ekki yfir umbeðnum upplýsingum.



**KRISTINN H. GUNNARSSON**

Kristinn bar nýverið upp fyrirspurn í fimm liðum um ýmislegt er varðar skuldastöðu greinarinnar. Af ofangreindum ástæðum fær hann ekki svör. - bþs



**BYGGINGAVERKAMENN** Efnahagskreppan hefur leikið byggingamarkaðinn grátt en forseti ASÍ telur þess skammt að bíða að samdrátturinn nái til annarra greina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forseti ASÍ og formaður Rafiðnaðarsambandsins:

# Segja stöndug fyrirtæki lækka laun

**VINNUMARKAÐUR** „Við höfum skilning á því að fólk taki jákvætt í launalækkanir til að forða því að einhverjum vinnufélaganna verði sagt upp,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. „En að sama skapi höfum við haft fregnir af því að fyrirtæki, sem eru ekki í neinum sérstökum vanda, séu að nýta sér aðstæður á vinnumarkaði með þessum hætti,“ segir Gylfi. Hann segir aðildarfélög ASÍ fylgjast grannt með slíkum málum.

Þá segir Gylfi klárt að launamenn njóti réttarstöðu, bæði samkvæmt kjarasamningum og lögum, og telur mjög mikilvægt að fólk hafi samband við sitt stéttarfélag til að tryggja að uppsagnir eða launalækkanir fari fram með eðlilegum hætti.

Hann segir fyrirtæki hafa rétt á að segja upp yfirborgunum þegar harðnar á dalnum. Slíkt hafi til dæmis tíðkast í byggingariðnaði. „Þá detta iðnaðarmenn gjarnan niður á taxtakaupið og þess vegna höfum við undanfarin ár, samhliða góðærinu, lagt áherslu á að lyfta grunnlaununum,“ segir Gylfi.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir þau hjá sambandinu heyra af launalækkunum hjá fyrirtækjum sem þau hafi annars talið standa þokkalega.



**GUÐMUNDUR GUNNARSSON**



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Hann segist líta málið alvarlegum augum. „Vitanlega gerum við það þegar það virðast vera samantekin ráð hjá fyrirtækjunum að notfæra sér þetta ástand til að keyra niður laun í landinu,“ segir Guðmundur.

Guðmundur segist geta nefnt nokkur fyrirtæki sem hann segir nýta sér ástandið. „Við erum að horfa upp á fyrirtæki eins og Símann, sem er nýbúinn að hækka gjaldskrá sína, og ég veit ekki annað en að Síminn sé dúndrandi fyrirtæki,“ segir Guðmundur. - ovd


Orkuveita Reykjavíkur

Safnahelgi á Suðurlandi

Hvað er að gerast á heiðinni?

Dagskrá í Hellisheiðarvirkjun á Safnahelginni:

**Föstudagskvöldið 7. nóvember**

Kl. 21:00 Bjarni Harðarson alþingismaður segir frá draugum og yfirnáttúrulegum verum sem búa á Hellisheiði og Hengilssvæðinu eða hafa átt leið um svæðið.

**Laugardagur 8. nóvember**

Kynning á uppgræðsluverkefnum og útivistarmöguleikum á Hellisheiði og á Hengilssvæðinu. Leiðsögn um virkjunina.

**Sunnudagur 9. nóvember**

Kynning á uppgræðsluverkefnum og útivistarmöguleikum á Hellisheiði og á Hengilssvæðinu. Leiðsögn um virkjunina.

Kl. 13:00 Rútuferð frá Hellisheiðarvirkjun um Hellisheiði með leiðsögumanni. Ekið verður frá virkjuninni og upp á heiði. Þá verður gengin forn þjóðleið frá þjóðveginum í átt að Hellisskarði og tekur sú ganga u.þ.b. 1 klst. Þaðan er ekið upp á Skarðsmýrarfjall og síðan í Hellisheiðarvirkjun.

Kl. 15:00 Rútuferð og ganga endurtekin.

Frír aðgangur og rútuferð.

Bendum einnig á aðra skemmtilega viðburði í tengslum við Safnahelgina á Suðurlandi 7. – 9. nóvember. Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni: http://sofnasudurlandi.is/



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. www.or.is

ÍSLENSKA SIA.IS ORK 44026 11/08



WAREHOUSE
Skinny gallabuxur

SMÁRALIND: 6.000 kr.
LONDON: 8.000 kr.

Helgarferð í Smáralind er alltaf ódýrari





Í tilefni opnunnar bjóðum við
**10% afslátt**
af Kartell - Bourgie lömpum frá fimmtudegi til sunnudags.

# Casa og Kósý HÚSGÖGN húsgögn

flytja í stærra og glæsilegra húsnæði, Skeifunni 8

Allir hjartanlega velkomnir

Sjón er sögu ríkari



Casa Kósý HÚSGÖGN

Skeifunni 8 • Kringlunni • s. 588 - 0640

# 15-20%

## AFSLÁTTUR AF
# SMÁRAFTÆKJUM



7.990 ~~9.990~~ — 1840918

8.649 ~~10.790~~ — 1829219

6.690 ~~8.390~~ / 6.990 ~~8.879~~ — 1829158-9

4.290 ~~5.349~~ — 1840842

3.990 ~~4.990~~ — 1840831

# Húsasmiðjublaðið
## komið út







10.999

**HLeðsluborvél, B&D**
14.4V, 2 rafhlöður, 1.2Ah Nicd.
5246006




2.999 ~~5.999~~

**Topplyklasett, Toolux**
3/8" sett 22 stk., 6-22 mm toppar
5052530

**10 ltr**

4.499




**ódýrt að mála**
fyrir jólin

**Veggmálning, Jotaplast**
Venjuleg plastmálning með gljástig 7, beinhvít
7119800

**Flíspeysa Softshell**
Dömu
5860478-82/521-5



7.999

4.999



**Flíspeysa fóðruð**
Herra, svört, brún
5860848

blómaval

HÚSASMIÐJAN




verð frá **4.999**

**Starlight**
hágæða útiseríur

verð frá **2.243**

**Díóðuseríur**
LED

verð frá **199**

**Blick**
inni- og útiseríur

**SAMA VERÐ**
ALLAR JÓLASERÍUR Á SAMA VERÐI OG Í FYRRA

# Allar jólaseríur á sama verði og í fyrra



2stk
**Jólastjarna**
**1.199**



3stk
**Erika**
**499**



**50%**
AFSLÁTTUR

enn er tími



## Konfekt-námskeið

Verður haldið í Húsasmiðjunni undir styrkri leiðsögn Halldórs Kr. Sigurðssonar bakara og konditormeistara.
Um eftirfarandi námskeið er að ræða:

**Grafarholt 10. nóvember**
**Keflavík 11. nóvember**
**Borgarnes 13. nóvember**
**Selfoss 17. nóvember**
**Skútuvogur 19. nóvember**
**Skútuvogur 20. nóvember**
**Akureyri 27. nóvember**
**Egilsstaðir 4. desember**

**Hver þátttakandi fær að búa til sína mola undir handleiðslu Halldórs**

Námskeiðið kostar 2.500 kr.
Bókið þátttöku með tölvupósti á netfangið **konfekt@husa.is**

**FRÉTTASKÝRING:** Úrslit forsetakosninganna

# Bush og McCain smitast af sigurvímunni

**Yfirburðasigur Baracks Obama vekur gríðarlegar væntingar til bæði hans og Bandaríkjanna. Strax er farið að spyrja hvort Obama geti staðið undir þessum miklu væntingum, en stemningin í Bandaríkjunum er svo einstök að það fer ekki einu sinni fram hjá þeim George W. Bush og John McCain.**

Barack Obama verður forseti Bandaríkjanna 20. janúar næstkomandi. Hann tekur við af George W. Bush sem skilur við embætti sitt í slæmu ástandi, hefur siglt því nánast í strand og er einn óvinsælasti forseti sögunnar.

Miklar vonir eru bundnar við Obama, bæði innan Bandaríkjanna og út um allan heim. Hann er fyrsti hörundsdökki forseti Bandaríkjanna, og það eitt er nánast ótrúleg staðreynd aðeins fáeinum kynslóðum eftir að forfeður hans voru gjörsamlega réttlausir í þessu mikla ríki lýðræðis og mannréttinda. Hann hefur í kosningabaráttunni boðað víðtækar breytingar á stjórnsýslu og samfélagi Bandaríkjanna, og fullyrðir að allt sé hægt ef menn ætla sér það.

„Ef einhver efast enn um það að í Ameríku geti allt gerst,“ sagði hann í sigurræðu sinni að kvöldi kosningadags, „þá er þetta kvöld svarið handa honum.“

### Erfið verkefni bíða

Strax er þó farið að gæta uggs um það hvernig hann muni standa sig þegar á reynir, hvort hann geti uppfyllt þessar miklu vonir sem bundnar eru við hann og staðið við stóru orðin um breytingar og betri heim.

Sjálfur fer Obama ekki í grafgötur með hve erfið þau verkefni eru sem blasa við honum strax og hann tekur við: „Þótt við fögnum í kvöld þá vitum við að þau verkefni sem blasa við á morgun eru þau erfiðustu á okkar tíð: tvær styrjaldir, jörð í hættu og versta fjármálakreppa í heila öld,“ sagði hann, og reyndi jafnvel strax að draga nokkuð úr væntingum kjósenda sinna: „Vegurinn fram undan verður langur. Það er á brattann að sækja. Við komumst þangað kannski ekki á einu ári eða jafnvel ekki á einu kjörtímabili,“ sagði hann, en bætti þó jafnharðan við að hann væri bjartsýnni en nokkru sinni á að takmarkið muni nást: „Ég lofa ykkur því, að við munum komast þangað sem ein þjóð.“

### Spáð í stjórnstíl

Ýmsir hafa reynt að spá í hvers konar forseti Obama verði út frá því, hvernig hann hefur hagað kosningabaráttu sinni. Líklegt virðist að Obama muni leggja hart að sér til að ná fram þeim markmiðum sem hann hefur sett sér, en að stefnumörkun stjórnarinnar verði samt unnin í náinni samvinnu við ráðgjafa úr ýmsum áttum, jafnvel úr röðum andstæðinganna.



SIGURLIÐIÐ Barack Obama og Joe Biden fagna sigri að kvöldi kosningadags ásamt eiginkonum sínum, þeim Michelle Obama og Jill Biden. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Það verða margir sem ekki verða sammála hverri einustu ákvörðun og stefnu sem ég tek í embætti forseta,“ segir Obama, „og við vitum að ríkisstjórnin getur ekki leyst öll vandamál. En ég mun alltaf vera hreinskilinn við ykkur um þau erfiðu verkefni sem við þurfum að takast á við. Ég mun hlusta á ykkur, sérstaklega þegar við erum ósammála.“

Talið er að Obama muni mjög fljótlega fara að skipa í einhverjar af lykilstöðum stjórnar sinnar og byrja að móta stefnu hennar í efnahagsmálum og utanríkismálum. Strax í gær var búið að ganga frá því að fulltrúadeildarþingmaðurinn Ralph Emmanuel, sem er frá Chicago eins og Obama, verði starfsmannastjóri Hvíta hússins.

### Bush fyllist stolti

Stemningin í Bandaríkjunum er hins vegar einstök þessa dagana og sigurvíman nær jafnvel til helstu andstæðinga hins nýkjörna forseta.

Meira að segja George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði í gær að allir Bandaríkjamenn gætu verið „stoltir af þeirri sögu sem skráð var í gær“. Hann sagði bandaríska kjósendur hafa sýnt heiminum fram á það hve lýðræðið í Bandaríkjunum væri kraftmikið og lifandi: Þeir hafi valið sér forseta sem sé lifandi dæmi um „sigur bandarísku sögunnar – vitnisburð um dugnað, bjartsýni og trú á hið þrautgóða loforð þjóðar okkar.“

„Margir af landsmönnum okkar töldu að þeir myndu aldrei eiga eftir að líta þennan dag,“ sagði Bush, og sagði það verði „hjartnæm sjón að sjá Obama forseta, eiginkonu hans Michelle og fallegu telpurnar þeirra ganga inn um dyrnar á Hvíta húsinu. Eg veit að milljónir Bandaríkjamanna muni fyllast af stolti þegar þessi stund rennur upp sem margir hafa beðið svo lengi.“




### McCain fagnar tímamótum

Sjálfur mótherjinn John McCain, sem beið jafnvel meira afhroð í þessum kosningum en flestir höfðu spáð, gat ekki annað en hrifist með og fagnað sigri andstæðings síns sem miklum áfanga í sögu Bandaríkjanna:

„Þetta eru sögulegar kosningar og ég geri mér grein fyrir þeirri sérstöku þýðingu sem þær hafa fyrir Bandaríkjamenn af afrískum uppruna og það sérstaka stolt sem þeir hljóta að finna til í kvöld,“ sagði McCain í ræðu sinni.

„Ég hvet alla þá Bandaríkjamenn, sem studdu mig, til að vera með mér í því, ekki aðeins til að óska honum til hamingju, heldur sýna næsta forseta okkar velvilja og taka höndum saman um að finna nauðsynlegar málamiðlanir til að brúa ágreining okkar.“



JOHN MCCAIN ÁSAMT EIGINKONU SINNI, CINDY Gat ekki annað en lýst hrifningu sinni á þrautseigju og hugrekki mótherja síns. NORDICPHOTOS/AFP



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

STARFSMANNAFÉLÖG!
Við bjóðum ódýra skemmtun í Reykjavík, fyrir starfsmannafélög og aðra góða hópa.
DRAUGAGANGA
RATLEIKUR
AMAZING RACE
Verð frá 1.500,- á mann
Nánari upplýsingar á www.goecco.com
eða í síma 696 7474





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Sambands Hangikjötið
30% AFSLÁTTUR
SAMBANDS HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
1575 kr./kg. MERKT VERÐ 2249 KR./KG.
HANGIKJÖTIÐ MÁ FRYSTA
M/PÍRÍ PÍRI KRYDDPOKA
50% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1699 kr/kg. MERKT VERÐ 3398 KR./KG.
KS LAMBABÓGUR FROSINN
683 kr./kg.
683
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ
500g 159 kr.
159
BÓNUS BRAUÐBOLLUR
2 teg 159 kr.
259
GK SUÐU-SÚKKULAÐI
300g 259 kr.
100 ÞVOTTAR Í PAKKANUM
1398
FRIGG MARAÞON ÞVOTTAEFNI
1398 kr.
FRIGG MILT ÞVOTTAEFNI
1398 kr.
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
ALI FERSKT GRÍSASNITSEL
1128 kr./kg. MERKT VERÐ 1879 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
ALI FERSKT GRÍSAGÚLLAS
1128 kr./kg. MERKT VERÐ 1879 KR./KG.
698
ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR
698 kr./kg.
499
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
499 kr./kg.
498
BÓNUS WC PAPPÍR
18 RÚLLUR 498 kr.
298
BÓNUS PIPARKÖKUR
500g 298 kr.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

# Mogginn frítt í 14 daga

**+ Mogginn minn á netinu**

**Þú færð Morgunblaðið heim daglega**



**Þú færð *Moggann minn á netinu*, nýja netútgáfu af Morgunblaðinu**




**Þú færð tölvupóst á hverjum morgni með helstu fréttum**




Skráðu þig á **mbl.is/14dagar** í fría áskrift að Morgunblaðinu – **skuldbindingalaust**

Morgunblaðið

***Fáðu þér áskrift á mbl.is/14dagar***


**Útgjöldin**

> Kílóverð á eggjum í ágústmánuði hvers árs, miðað við verð á landinu öllu.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN: MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON**

## *Bílakaupin vond*

„Bestu kaupin sem ég hef gert var þegar ég keypti mótorhjólið mitt," segir Magnús Þór. „Þetta er Kawasaki Vulcan sem er götuhjól, það er um 12 ára gamalt en ég keypti það í Noregi og keyrt mikið á því innanlands og utan." Þingmaðurinn fyrrverandi mýkist allur upp þegar hann talar um þennan eðalgrip sem er honum greinilega afar kær.



„En þegar spurt er um vestu kaupin þá dettur mér helst í hug allir bílarnir sem ég hef keypt. Bílakaup eru iðulega vond kaup því bílar eru dýrir í rekstri." Reyndar var Magnús Þór að aka þegar Fréttablaðið hafði samband við hann en það er ekki hans mesta yndi að aka bíl. „Ég kýs helst að fara gangandi eða þá með strætó. Svo er það auðvitað afar skemmtilegt að fara leiða sinna á mótorhjóli þegar það er hægt.

# Þurfa að sækja rétt sinn vegna ábyrgðar á vörum

**Fyrirspurnum til Neytendasamtakanna, vegna ábyrgðar á vörum sem keyptar eru í fyrirtækjum sem komist hafa í þrot, hefur fjölgað um 50 prósent milli mánaða. Lögfræðingur hjá samtökunum segir fátt annað að gera en að lýsa kröfum í þrotabúin eða leita til framleiðenda vörunnar.**



**HILDIGUNNUR HAFSTEINSDÓTTIR** Lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum segir fólk oft ekki spá í ábyrgð á söluvörum fyrr en varan bilar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Að undanförnu höfum við fengið mikið af fyrirspurnum vegna ábyrgðar raftækjaverslana," segir Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum. Hún telur að slíkum fyrirspurnum fjölgi mikið á næstunni.

„Það fer í raun mjög illa fyrir þessum kröfum," segir Hildigunnur spurð um hvað verði um ábyrgð á vörum sem keyptar eru af fyrirtækjum sem fara í þrot.

„Þegar þrotabú er gert upp gjaldfalla allar kröfur," segir hún. Fólk, sem telji vöru sína gallaða, geti hins vegar haft samband við skiptastjóra þrotabúsins og lýst kröfu í búið. Sé kröfum ekki lýst falli þær niður. Hún segir slíkar kröfur þó almennt lenda aftast í kröfuröðinni. Yfirleitt séu bú ekki tekin til gjaldþrotaskipta nema skuldir séu meiri en eignirnar svo ljóst sé að aldrei fáist allar kröfur greiddar.

Hildigunnur segir að í einhverjum tilfellum taki nýir aðilar við umboðum fyrir vörur. „Þá eru þeir aðilar hugsanlega með samning við framleiðanda eða dreifingaraðila um að annast viðhald á hlutum sem seldir voru í viðkomandi landi," segir Hildigunnur. Slíkt sé í raun eins konar viðhalds- og þjónustusamningur sem byggi á framleiðandaábyrgð.

Hún segir vel hugsanlegt að einhver vörumerki, sem verið hafa í sölu hjá þeim fyrirtækjum sem fara í þrot, verði alls ekki áfram í sölu hér á landi. „Þá er þetta erfiðara en það er mögulegt að hafa samband við framleiðandann og sækja í framleiðandaábyrgð."



Hildigunnur segir bundið í lögum að kaupendur hafi almennt tveggja ára kvörtunarfrest frá því vara er keypt. Vegna galla í tækjum, sem ráð má gera fyrir að endist lengur, sé kvörtunarfresturinn hins vegar fimm ár. Hún segir kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hafa úrskurðað að slíkt eigi til dæmis við um ísskápa, uppþvottavélar, þvottavélar, sófasett, hugsanlega um tölvur og fleira.

Þá segir hún að í lögunum sé talað um að fimm ára reglan gildi ef söluhlutur sé ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist en einnig gefi framleiðendur oft út lengri ábyrgðartíma eða kvörtunarfrest.

**olav@frettabladid.is**


**BIANCO**
Classic high boot

**SMÁRALIND: 20.600 kr.**
**KØBEN: 30.800 kr.**

Helgarferð í Smáralind er alltaf ódýrari





**Neytendur:** Leiðrétting

## Ókeypis lyfseðlar



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Neytendahornið fjallaði nýlega um að hægt væri að fá uppáskrifaða lyfseðla fyrir flest lyf hjá heimilslæknum. Enn ódýrari leið er fær. Stella G. skrifar: „*Hægt er að hringja í heilsugæsluna og biðja um samband við lyfjaendurnýjun og þau ganga frá þriggja mánaða lyfseðli. Það þarf að taka fram að seðillinn sé til þriggja mánaða. Seðillinn er svo sendur í apótekið. Þessi þjónusta kostar ekki neitt.*"

■ Niðurhal

## Helmingi minna erlent niðurhal



Síminn breytti skilmálum netþjónustu sinnar 1. nóvember síðastliðinn þannig að fari gagnamagn erlendis frá yfir 10 gígabæt á sjö sólarhringum áskilur Síminn sér rétt til að lækka tímabundið hraða tengingarinnar til útlanda. Hingað til hefur verið miðað við 20 gígabæt svo leyfilegt niðurhal minnkar því um helming. Ástæður breytinganna eru sagðar vera vegna aukins kostnaðar Símans vegna útlandasímtala undanfarnar vikur og mánuði. Þá hækkun megi rekja til bágs efnahagsástands.

■ Verslun

## Jólaljósin á sama verði og í fyrra



Húsasmiðjan og Blómaval ætla ekki að hækka verð á jólaseríum á milli ára. í tilkynningu frá fyrirtækjunum segir að þau hafi undanfarin ár verið langstærstu söluaðilar jólaljósa hér á landi. Með þessu vilji þau stemma stigu við verðbólgunni og hjálpa fólki að lýsa upp skammdegið. Haft er eftir Steini Loga Björnssyni, forstjóra Húsasmiðjunnar, að traust viðskiptasambönd við birgja hafi stuðlað að hagstæðum samningum um innkaup á jólaseríum. Þá taki Húsasmiðjan á sig hækkanir vegna gengisbreytinga.

■ Námskeið

## Námskeið í fjármálum og neytendarétti

Neytendasamtökin munu á næstu vikum halda námskeið í öllum hverfum Reykjavíkurborgar um fjármál heimila og einstaklinga. Neytendasamtökin fengu nýlega úthlutaðan styrk úr Forvarnar- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar til námskeiðahaldsins. Á heimasíðu samtakanna segir að styrkveitingin sé mikilvæg því hún geri þeim kleift að bjóða upp á slík námskeið, borgarbúum að kostnaðarlausu. Slíkt sé ekki síst mikilvægt í ljósi þess ástands sem nú er í efnahagsmálum þjóðarinnar. Námskeiðin verða auglýst nánar á heimasíðu Neytendasamtakanna ns.is





■ Þjónusta

## Lært að elda ódýran mat og hollan mat

Nú er hægt að fara á námskeið og læra að elda hollan, góðan og ódýran mat. Rannsóknarþjónustan Sýni býður námskeið í matreiðslu af ýmsu tagi. Nýverið hefur fyrirtækið bætt námskeiði við þar sem áherslan verður lögð á matreiðslu á ódýrum mat úr íslensku hráefni. Meðal annars verður farið í gegnum hvernig elda má rammíslenska kjötsúpu, hrísgrjónakarríýsu og byggsalat með íslensku grænmeti og jurtum. Fyrsta námskeiðið verður haldið 20. nóvember, annars vegar á milli 9 og 13 og hins vegar milli 17 og 21. Verðið er 10.500 krónur.






Hannaðu þín eigin frímerki
www.postur.is

# 320.000 frímerkjahönnuðir

Ný vara frá Póstinum gefur öllum íbúum landsins möguleika á að hanna frímerki algjörlega eftir eigin höfði.

Íslandspóstur hefur ákveðið að fjölga stórlega hópi frímerkjahönnuða með því að bjóða frímerki sem viðskiptavinir geta skreytt með sínum eigin myndum. Myndirnar geta verið af viðskiptavinunum sjálfum, börnum þeirra, mökum, foreldrum, ömmum og öfum, frændum eða frænkum og jafnvel gæludýrum þeirra og bifreiðum.

Hefðinni samkvæmt hafa frímerki verið gefin út í tilefni heimsmeistaramóta, þjóðhátíða og annarra stóratburða en með persónulegum frímerkjum póstsins eru frímerki nú gefin út í tilefni af endurfundasamkomum grunnskólabekkja, sumarfagnaða og saumaklúbba, í tilefni af kórferðalögum, brúðkaupum, stórafmælum að ógleymdum jólunum.
Með nýjum hönnuðum er víst að áherslur í frímerkjahönnun breytist og frímerki birtist með stöðum, hlutum og dýrum sem áður hafa ekki fengið sess á efra hægra horni umslaga og póstkorta.





Frímerkin mín
PÓSTURINN allur pakkinn

# NÓATÚN LÆKKAR VÖRUVERÐ!




# DÆMI UM VARANLEGAR VERÐBREYTINGAR:



Ariel Regular
20 skammtar

**799** kr. pk

~~999~~



Knorr
Lasagne

**399** kr. pk

~~485~~



Merrild
Senso

**379** kr. pk

~~485~~



Frón
mjólkurkex

**268** kr. pk

~~309~~



Fairy Lemon
500 ml

**249** kr. stk

~~369~~



Ora fiskbúðingur
1/2 dós

**279** kr. stk

~~325~~



Trópí appelsínusafi
m/ aldinkjöti 1 l.

**239** kr. stk

~~279~~



Heinz tómatsósa
680 g

**149** kr. stk

~~199~~

BREYTTUR OPNUNARTÍMI

**Austurveri**, Reykjavík
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-20
Sun. 11-20

**Grafarholti**, Reykjavík
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-21
Lau. 11-20
Sun. 11-20

**Hamraborg**, Kópavogi
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-19
Sun. 11-19

**Reykjavíkurvegi**, Hafn
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-20
Sun. 11-20

NÓATÚN

Ný stefna Nóatúns:

# LÆKKAÐ VERÐ Á ÖLLUM PAKKAVÖRUM

Nóatún hefur á undanförnum vikum farið í gegnum mikla hagræðingu með það markmið að lækka vöruverð.

Öll yfirbygging hefur verið stórlega skorin niður, allur óþarfa kostnaður horfinn, markvissari innkaup, breyttur opnunartími og almenn hagræðing hefur skapað svigrúm til að lækka verð umtalsvert.

LÆKKAÐ VERÐ

## NÓATÚN BREYTIR UM TAKT
- Í HNOTSKURN

*Nóatún lækkar vöruverð með:*

›› Hagræðingu

›› Aðhaldi í rekstri

›› Skera niður allan óþarfa kostnað

›› Minnka yfirbyggingu

›› Markvissari innkaupum

›› Breyttri vörusamsetningu

›› Almennu aðhaldi

›› Breyttum opnunartíma

arfirði

**Hringbraut**, Reykjavík
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-21
Lau. 11-20
Sun. 11-20

**Nóatúni 17**, Reykjavík
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-19
Sun. 11-19

**Rofabær**, Reykjavík
Opnunartími:
Mán. – Fös. 9-20
Lau. 10-20
Sun. 10-19

**Austurvegi**, Selfoss
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-19
Sun. 11- 19

www noatun.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
647 **+0,50%**

**Fjöldi viðskipta:** 38
**Velta:** 94 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **MAREL** | +5,52% | **FØROYA BANKI** | -4,39% |
| **NÝHERJI** | +5,00% | **ÖSSUR** | -0,45% |
| | | **BAKKAVÖR** | -0,22% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** **219,6** +0,41%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,95 +0,00% ... Atorka 0,50 +0,00% ... Bakkavör 4,55 -0,22% ... Eimskipafélagið 1,34 +0,00% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,30 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 76,50 +5,52% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 89,50 -0,45%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Færeyingar skila hagnaði

Færeyjabanki hagnaðist um 48,8 milljónir danskra króna, jafnvirði eins milljarðs króna, á þriðja ársfjórðungi.

Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn 22,2 milljónum króna og hefur hann því aukist um 119 prósent.

Rekstrartekjur námu 108 milljónum danskra króna á fjórðungnum samanborið við 88,3 milljónir í fyrra.

Í uppgjöri bankans er gert ráð fyrir því að rekstrarhagnaður ársins verði á bilinu 265 til 285 milljónir danskra króna, sem er hundrað milljónum meira en reiknað var með í byrjun árs. **- jab**

## Fá ekki 10 milljarða aðstoð

Fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur hafnað beiðni General Motors, GM, um 10 milljarða dollara neyðarlán. Láninu var ætlað að fjármagna samruna GM og Chrysler, en bæði félögin ramba í raun á barmi gjaldþrots. Það mun hafa dregið úr áhuga ríkisins að veita neyðarlánið að því var ætlað að fjármagna sparnaðaraðgerðir sem munu kosta þúsundir manna vinnuna.

Í staðinn flýtir ríkið fyrir framkvæmd 25 milljarða dollara björgunarpakka sem samþykktur var í haust. Tilgangur hans er að auðvelda bílaframleiðendum að hefja framleiðslu sparneytnari bíla.

Nýliðinn mánuður var hins vegar sá versti hjá GM frá árinu 1945, en sala í október dróst saman um 45 prósent, miðað við sama tíma í fyrra. Sérstaklega var samdráttur mikill í trukka- og jeppasölu, um 51 prósent. **- msh**

# Evruskráning hlutabréfa frestast fram yfir áramót

**Stefnt var að evruskráningu hlutabréfa síðar í mánuðinum. Nokkur félög hafa beðið með skráninguna í rúmt ár. Við fall bankanna fyrir mánuði gæti málið frestast fram yfir áramót.**

„Þetta kemur okkur ekki á óvart. Enda höfum við beðið lengi eftir græna ljósinu. Þegar við fáum það förum við að vinna í evruskráningu,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems.

Hörður sagði á uppgjörsfundi félagsins í gær erlenda fjárfesta hafa sýnt áhuga á að kaupa hlutabréf í Marel Food Systems. Gengisáhætta krónunnar hafi hins vegar hamlað því fram til þessa.

Í framhaldi af evruskráningu Marel Food Systems segir Hörður tvíhliða skráningu koma til greina. Allt sé í skoðun.

Gangi það eftir má ætla að félagið verði skráð hér og í Hollandi en Marel Food Systems tók yfir matvælavinnsluvélahluta hollensku iðnsamsteypunnar Stork fyrr á árinu.

Friðrik Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Straums-Burðaráss, vakti máls á mikilvægi evruskráningar hlutabréfa snemma árs í fyrra. Sagði hann gjörninginn styrkja fyrirtækið á alþjóðlegum vettvangi. William Fall, eftirmaður hans, tók við keflinu um haustið. Evrusnjóboltinn vatt hratt upp á sig því fljótlega bættust Alfesca, Marel og Exista í hópinn auk Kaupþings.



**FORSTJÓRINN OG AÐSTOÐARFORSTJÓRINN** Marel Food Systems hefur lengi stefnt að skráningu hlutabréfa félagsins í evrur. Forstjórinn segir fyrirtækið fara í verkið þegar grænt ljós fæst á það. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Seðlabankinn gerði athugasemd við evruskráninguna og frestaðist hún fram yfir síðustu áramót. Síðustu áætlanir Kauphallarinnar og Verðbréfaskráningar miðuðu við að Seðlabanki Finnlands tæki uppgjörið að sér til framtíðar.

Við fall bankanna þriggja um síðustu mánaðamót breyttust forsendur við Finnlandsbanka.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir Finnlandsbanka ekki lengur inni í myndinni heldur verði Seðlabankinn að semja við uppgjörsbanka sinn, JP Morgan Chase, um evruuppgjörið og verkferla því tengdu. „Þessar áætlanir frestast fram á fyrsta ársfjórðung á næsta ári í síðasta lagi,“ segir Þórður en áréttar að ekki liggi fyrir hversu hratt verði hægt að koma skráningunni á. Það gæti því orðið fyrr en seinna.

Undir þetta tekur Einar Sigurjónsson, forstjóri Verðbréfaskráningar. „Við þurfum að sjá hvernig landið liggur, erum með ákveðnar hugmyndir að lausn,“ segir hann

**jonab@markadurinn.is**



fyrir jólin

# Innréttingar í öll herbergi hússins

til afgreiðslu af lager

30% afsláttur á eldhúsum!

*- glæsileg og vönduð vara*

*eitt hagstæðasta verð á markaðnum*

## ELDHÚS

*Innifalið í öllum innréttingum BLUM mjúk-lokun á skúffum og skápahurðum*




Verð kr. 765.680.- Verð með afslætti kr. 535.900.- stgr.




til afgreiðslu af lager

Verð kr. 877.540.- Verð með afslætti kr. 614.300.- stgr.




Verð kr. 279.850.- Verð með afslætti kr. 195.800.-




Verð kr. 323.180.- Verð með afslætti kr. 226.800.-

## FATASKÁPAR

35% afsláttur á fataskápum!




*Fataskápar í breiddum: 40, 50, 80 og 100 sm | hæð 240 sm*

*Verð frá 29.300,- stgr.*

## ÞVOTTAHÚS innréttingar

*Verð frá 59.900,- stgr.*




*Þvottahúsa innr. - hvít*

*Þvottahúsa innr. - ölur*

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kosningarnar vestra:

## Nýir tímar

**AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR**

Það er sannarlega ekki ofmælt að nýafstaðnar kosningar vestanhafs hafi verið sögulegar. Hinn „pólitíski pendúll“ reyndist sveiflast lengra en útlit var fyrir jafnvel aðeins nokkrum vikum fyrir kosningarnar. Demókratinn Barack Obama hlaut afgerandi umboð frá bandarískum kjósendum, auk þess sem flokkssystkin hans munu ráða yfir stórum meirihluta í báðum þingdeildum. Valdaskeið repúblikana í Washington er eftirminnilega á enda og ekki horfur á að þeir endurheimti völdin, hvorki á þingi né í Hvíta húsinu, um allnokkurt árabil nema demókrötum, með Obama í broddi fylkingar, verði verulega á í messunni við að greiða úr efnahagsöngþveitinu af völdum fjármálakreppunnar eða öðrum þeim stóru verkefnum sem fyrir nýjum valdhöfum liggja,

Obama og hin væntanlega ríkisstjórn hans taka reyndar við svo slæmu búi eftir hina afdrifaríku átta ára valdatíð George W. Bush að það er mjög sennilega annað met í bandarískri stjórnmálasögu. Það mun því mæða mikið á hinum 47 ára gamla syni Keníumanns og hvítrar Kansaskonu strax frá fyrsta degi eftir forsetaskiptin hinn 20. janúar næstkomandi. Þau verða reyndar söguleg þó ekki væri nema vegna þess að þá mun blökkumaður í fyrsta sinn sverja embættiseið sem forseti Bandaríkjanna, en hin sögulegu umskipti rista dýpra. Obama háði kosningabaráttu sína, allt frá því hann ákvað að sækjast eftir útnefningu Demókrataflokksins fyrir tveimur árum og fram til kjördags, með fyrirheitum um breytt stjórnmál, um nýja tíma. Nú hefur hann fengið umboð frá kjósendum til að hrinda þessum fyrirheitum í framkvæmd.

En einmitt með því að demókratar ráða næstu árin bæði yfir Hvíta húsinu og þinginu er það augljós freisting fyrir þá sem fá svo víðtæk völd í hendurnar að reyna að fylgja eftir stefnu sem stendur persónulegri pólitískri sannfæringu þeirra næst. Af hinum stutta ferli Obama sem öldungadeildarþingmanns að dæma virðist sú sannfæring hans vera allnokkuð til vinstri við meginstrauminn jafnvel í Demókrataflokknum. Hinn kosturinn er að leggja frekar áherzlu á að „byggja brýr“ yfir klofningslínur stjórnmálanna. Í kosningabaráttunni lagði Obama reyndar mesta áherzlu á hið síðarnefnda og fullyrða má að þar með hafi hann þegar lagt línuna um þann stjórnunarstíl sem hann hyggst innleiða sem húsbóndi í Hvíta húsinu. Það er: Hann mun frekar leitast við að ná sem víðastri samstöðu um þær aðgerðir sem til að mynda verður gripið til í því skyni að leiða stærsta hagkerfi heims aftur upp úr öldudal kreppu.

Eitt er víst: Húsbóndaskiptin í Hvíta húsinu gefa fyrirheit um stórbætt andrúmsloft í samskiptum Bandaríkjanna við bæði hefðbundna bandamenn sína, ekki sízt í Evrópu, sem og við alþjóðasamfélagið almennt. Vegna þess hve gríðarmiklar væntingar margra eru til þessara umskipta má þó gera ráð fyrir að þær verði ekki allar uppfylltar; þótt hin væntanlega ríkisstjórn Obama muni vafalaust leggja sig fram um að bæta margt af því sem aflaga hefur farið í stjórnartíð Bush í samskiptum Bandaríkjanna við umheiminn er jafnframt fyrirséð að hún muni óhjákvæmilega verða mjög upptekin af því á þessum „síðustu og verstu krepputímum“ að verja eftir beztu getu beina hagsmuni Bandaríkjanna. Þeir, sem til að mynda hafa gert sér vonir um að Bandaríkin sýndu meiri sveigjanleika í alþjóðaviðskiptasamningum eða fullgildi loks hina ýmsu alþjóðasamninga, gætu orðið fyrir vonbrigðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Tittlingaskítur**

Það er misjafnt hvaða mál brenna á mönnum. Það sást til dæmis á kosningavöku Sjónvarpsins aðfaranótt miðvikudags vegna forsetakosninganna í Bandaríkjunum, þar sem valinkunnir álitsgjafar fóru yfir stöðu mála. Sjónvarpsmaðurinn Ingólfur Bjarni Sigfússon lagði líka ýmislegt til málanna, til dæmis þegar hann bar saman kosningarnar núna og þær fyrir fjórum árum. Benti Ingólfur á að árið 2004 hefði kosningabaráttan snúist um mál á borð við réttindi samkynhneigðra og fóstureyðingar; nú væri hins vegar tekist á um grundvallaratriði en ekki einhvern „tittlingaskít“.



**Gott í gogginn**

Meðal álitsgjafa RÚV þetta kvöld var Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmálafræðingur. Á bloggsíðu sinni segir hún að augnablik kvöldsins hafi verið þegar myndir bárust af mannréttindafrömuðinum Jesse Jackson fella gleðitár yfir sigri Obama. Sumum finnst augnablik kvöldsins hins vegar hafa verið þegar útsending frá myndveri RÚV hófst of snemma og við blöstu þau Ingólfur Bjarni og Silja Bára að kjamsa á pitsu.



**Vannýtt auðlind**

Mörgum þótti það til marks um það hvernig góðæri útrásarinnar hefði grafið undan gömlum gildum þegar Ríkisútvarpið tók þáttinn Auðlindina af dagskrá á sínum tíma. Í þættinum var fjallað um aflabrögð, búnaðarfréttir og aðrar greinar atvinnulífsins sem íslenskt samfélag byggði á. Nú er orðið ljóst að það þarf annað og meira en verðbréfaviðskipti til að brauðfæða þjóðina og hefur RÚV brugðið á það ráð að nýta sína Auðlind upp á nýtt; þátturinn fer aftur á dagskrá 12. nóvember og verður sendur út daglega á samtengdum rásum.

bergsteinn@frettabladid.is

# Heiður þinn og líf



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Að skilja við Ísland

Þráinn Eggertsson prófessor og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hafa líkt kröfum Breta á hendur Íslendingum vegna hruns Landsbankans við afarkosti Versalasamningsins eftir lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Þau tala litríkt líkingamál, því að Versalasamningurinn 1919 kallaði glundroða yfir Þýzkaland og lagði með því móti grunninn að kosningasigri nasista fjórtán árum síðar, 1933, og leiddi af sér alræðisstjórn Adolfs Hitler og aðra heimsstyrjöld 1939-45 með hörmulegum afleiðingum.

**Versalasamningurinn**

Sigurvegararnir í fyrra stríði 1914-18 (Frakkar, Bretar, Bandaríkjamenn og Ítalar) lögðu í styrjaldarlok þungar kvaðir á Þjóðverja, þar á meðal 33 milljarða Bandaríkjadala stríðsskaðabætur. Bótafjárhæðin nam þá röskum 80 prósentum af landsframleiðslu Þýzkalands. Fjárhæðin var nokkru síðar lækkuð um meira en helming. Samningurinn kvað einnig á um landamærabreytingar, sem smækkuðu Þýzkaland, ýmist með fortakslausri upptöku lands eða að vilja íbúanna, til dæmis á Suður-Jótlandi. Þýzkaland minnkaði um tíu prósent að flatarmáli, og Þjóðverjum fækkaði að því skapi. Þjóðverjar stóðu ekki í skilum, svo að bandamenn tóku þá af þeim meira land (Ruhr). Þjóðverjar gripu þá til þess ráðs að prenta peninga og hleypa óðaverðbólgu af stað. Stríðsbæturnar voru aldrei greiddar til fulls, og náðist samkomulag um þau málalok í Lausanne í Sviss 1932. Í millitíðinni höfðu Þjóðverjar tekið meira af erlendum lánum en nam bótagreiðslum þeirra til bandamanna.

Hvaða ályktanir er hægt að draga af þessari sögu? Að erlendar skuldir séu óbærilegar, ef þær slaga hátt upp í landsframleiðslu eins árs? Ekki held ég það. Níðþungar, já, en ekki óbærilegar. Glundroðinn og úlfúðin í Þýzkalandi milli stríða stöfuðu ekki að öllu leyti af fjárhæð skaðabótakrafna bandamanna, heldur einnig af niðurlægingunni, sem fólst í ýmsum öðrum ákvæðum Versalasamningsins. Þetta á einkum við um ákvæðin um stríðsglæparéttarhöld yfir Þjóðverjum, því að þeir töldu sig ekki bera ábyrgð umfram bandamenn á upptökum styrjaldarinnar, sem hófst á byssuskotinu fræga í Sarajevó 1914.

**Færeyska kreppan**

Nærtækt dæmi um burðarþol hagkerfa frammi fyrir ströngum stríðsskaðabótakröfum eða áþekkum kröfum af öðrum toga er færeyska bankakreppan um 1990. Henni lyktaði svo, að Danir lánuðu færeysku landsstjórninni jafnvirði um 120 prósenta af landsframleiðslu Færeyja á einu ári. Færeyingar stóðu Dönum eigi að síður skil á skuldinni með vöxtum á innan við tíu árum. Það var að sönnu þung byrði, en Færeyingar stóðu í skilum, þótt sumar skuldir þeirra fyrirgæfust, um fimmtungur af heildinni. Danir juku árlegt fjárframlag sitt til Færeyja úr 14 prósentum af landsframleiðslu eyjanna 1981-90 í 18 prósent 1991-2000 og minnkuðu það síðan í 8 prósent 2001-2006. Ríkisstjórn Íslands gerir til samanburðar að svo stöddu ráð fyrir, að hrun íslenzku bankanna hleypi erlendum skuldum ríkisins upp í um 100 prósent af landsframleiðslu. Þessi bráðabirgðatala hvílir á túlkun ríkisstjórnarinnar á ábyrgðum hennar gagnvart brezkum og hollenzkum sparifjáreigendum vegna gjaldþrots Landsbankans. Talan á trúlega eftir að breytast eftir því, hversu rætist úr milliríkjadeilunni við Breta og Hollendinga og hversu vel eða illa tekst til um sölu eigna úr þrotabúum bankanna.

Af samanburðinum við Færeyjar má ráða umfang þeirra mistaka, sem ríkisstjórnin, Seðlabankinn og viðskiptabankarnir hafa gert sig sek um. Bankahrunið á Íslandi 2008 verður skráð á hagsöguspjöld heimsins sem hörmulegt dæmi um ítrekuð afglöp og yfirsjónir í hagstjórn og hagstjórnarfari vegna djúpra bresta í samfélagsgerðinni, svo sem ég lýsi nánar í næsta hefti Skírnis. Danir, Norðmenn og Svíar munu því líklega næstu ár líta Íslendinga líkum augum og Færeyinga, sem fóru sér að voða af sambærilegu fyrirhyggjuleysi.

**Römm er sú taug**

Sú hætta steðjar nú að Íslandi, að sumir missi móðinn og hverfi til annarra landa í leit að vinnu líkt og gerðist í Færeyjum, þar sem fimmtungur mannfjöldans fluttist burt frá eyjunum, einkum til Danmerkur. Helmingur hinna brottfluttu sneri aftur til Færeyja. Brottflutningur mikils fjölda fólks héðan myndi þyngja til muna róður hinna, sem halda tryggð við landið. Ísland hefur til þessa haft sterkt aðdráttarafl. Nú reynir á þá römmu taug, sem rekka dregur föðurtúna til. Mönnum veitist misauðvelt að skilja við maka sinn, gerist þess þörf. Um börn gildir öðru máli: við börnin sín getur enginn maður skilið lífs án djúprar, stundum ævilangrar óhamingju. Hver maður á sér aðeins eitt föðurland, aðeins einn farveg fyrir föðurlandsástina, líkt og fyrir föðurást og móður.

Snorri Hjartarson skáld orðar þessa hugsun fallega í ljóði sínu Land þjóð og tunga:

Ísland í lyftum heitum höndum
ver ég heiður þinn og líf á trylltri
öld.

# Segjum atvinnuleysi stríð á hendur

**UMRÆÐAN**

Þór Sigfússon skrifar um atvinnumál



**ÞÓR SIGFÚSSON**

Látum engan segja okkur að hér þurfi það koma til stórfellds atvinnuleysis þar sem tugir þúsunda manna ganga um atvinnulausir. Segjum atvinnuleysi stríð á hendur. Það ríkir alger einhugur meðal atvinnurekenda og launþega um að varðveita það samfélag sem hér hefur byggst upp og standa saman um að sem flestar vinnufærar hendur hafi eitthvað fyrir stafni. Þannig höldum við góðri vinnumenningu hérlendis sem atvinnulífið og samfélagið allt hafa mikinn hag af.

Ísland hefur ávallt státað af því að búa við lítið atvinnuleysi. Með sveigjanleika í atvinnulífinu er hægt að bregðast skjótt við aðstæðum. Nú þurfum við að sýna hvað í okkur býr og að samtakamáttur getur skipt miklu máli. Hátt atvinnustig og fjöldi útlendinga á vinnumarkaði auðvelda aðlögun að minnkandi atvinnu hérlendis. Breytt samskipti á vinnumarkaði, milli starfsmanna og fyrirtækja, gera okkur betur kleift að takast á við minni atvinnu. Afsprengi þessa nána samstarfs birtist nú m.a. í því að starfsfólki eru boðin hlutastörf þar sem þeim verður við komið.

Nýtum fjölbreytta flóru skóla til að fjölga menntaleiðum og um leið að standa fyrir nýsköpun hvers konar. Eflum vinnumiðlanir og Útflutningsráð til að liðsinna fólki og fyrirtækjum við að finna tækifæri og störf erlendis. Hvetjum til forgangsröðunar í framkvæmdum þar sem meiri áhersla er lögð á vinnuaflsfrekar framkvæmdir líkt og Reykjavíkurborg hefur gert. Hvetjum Íslendinga, sem fest hafa fé erlendis, til þess að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum og nýsköpun.

Keppum að þessu og afsönnum að stórfellt atvinnuleysi sé lögmál við þær aðstæður sem við búum nú við.

*Höfundur er formaður Samtaka atvinnulífsins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




TAKTIK_3025_FK 05.11.08




KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

**Opnunartímar í Krónunni:**

Krónan Höfða
alla daga 11-19

Krónan Lindum
alla daga 11-19

Krónan Granda
alla daga 11-19

KRÓNAN fyrst og fremst ódýr




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Krónan Breiðholti**<br>virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun.12-21 | **Krónan Hafnarfirði**<br>virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun. 12-21 | **Krónan Mosfellsbæ**<br>virka daga 10-20<br>helgar 10-19 | **Krónan Akranesi**<br>alla daga 10-19 | **Krónan Vestmannaeyjum**<br>alla daga 11-19 | **Krónan Reyðarfirði**<br>virka daga 11-19<br>lau. 11-19 sun.12-16 |

# Quo Vadis – Hvert stefnir þú, Ísland?

**UMRÆÐAN**

Michael Porter og Christian Ketels skrifa um framtíð Íslands



MICHAEL PORTER



CHRISTIAN KETELS

Fyrir réttum tveimur árum urðum við þeirrar gæfu aðnjótandi að heimsækja Ísland til að greina samkeppnishæfni í samstarfi við íslenska fræðimenn. Samkeppnishæfni, sem endurspeglar skilvirkni atvinnulífs á hverjum stað, er þungamiðja rannsókna okkar því velmegun þjóða og svæða er í beinu sambandi við samkeppnishæfni þeirra. Þessi rannsóknarvinna varð grundvöllur kennsluefnis (e. case-study) um samkeppnishæfni Íslands sem var kennt í fyrsta skipti í samkeppnishæfnifagi í Harvard háskóla í mars 2007 í viðurvist hr. Ólafs Ragnars Grímssonar. Síðustu tvær setningarnar í efninu um Ísland voru eftirfarandi: „Flestir greiningaraðilar töldu að hár viðskiptahalli og mikil skuldsetning stæðust til lengdar en skuldsetning heimilanna óx úr 80% af ráðstöfunartekjum árið 1990 í 192% árið 2004. Þrátt fyrir að verðmæti fasteigna og eigna lífeyrissjóðanna hafi aukist gríðarlega, gæti nýfenginn auður reynst tálsýn.“

## Viðreisnar von

Á haustmánuðum 2008 er nú svo komið að íslenska fjármálakerfið er skyndilega að engu orðið og nafn Íslands er orðið nátengt alþjóðlegu fjármálakreppunni, rétt eins og undirmálslán og Lehman-bræður. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ásamt fleirum kemur nú ríkissjóði til bjargar svo unnt sé að endurreisa eðlilega bankastarfsemi og standa undir hluta af erlendum skuldum hinna gjaldþrota banka. Fjöldi íslenskra fyrirtækja með mikil alþjóðleg umsvif er á heljarþröm vegna verðfalls eigna og gríðarlegs taps eigenda þeirra vegna falls bankanna. Var íslenska efnahagsundrið eingöngu byggt á sandi og háð ofvöxnu bankakerfi sem treysti á að ódýrt, erlent lánsfé væri alltaf til staðar?

Greining okkar segir aðra sögu. Leiðtogar Íslands eru að sjálfsögðu ekki hafnir yfir gagnrýni vegna mistaka í aðdraganda hrunsins. En við teljum einnig að Ísland eigi sér viðreisnar von og geti varðað leið að nýrri og betri framtíð.

Árangur Íslands á undanförnum áratugum grundvallaðist að miklu leyti á efnahagslegum umbótum og markvissri stefnumörkun stjórnvalda sem miðaði að því að bæta stöðugt rekstrarskilyrði fyrirtækja. Aðild landsins að evrópska efnahagssvæðinu árið 1994 skipti miklu máli og hafði í för með sér að íslensk fyrirtæki störfuðu samkvæmt evrópskum reglum og kepptu á jafnréttisgrundvelli við alþjóðleg fyrirtæki, bæði á heimamarkaði og erlendis. Vel menntað og duglegt starfsfólk á Íslandi kepptist við að nýta ný tækifæri sem leiddi til mikils efnahagsvaxtar. Atvinnuþátttaka Íslendinga er enn fremur með því mesta sem gerist í heiminum en 59% þjóðarinnar voru á vinnumarkaði árið 2007, meira en í nokkru öðru landi í Ameríku eða Evrópu.

Alþjóðaefnahagsstofnunin (e. World Economic Forum), gefur árlega út skýrslu er leggur mat á og ber saman samkeppnishæfni þjóða (e. Global Competitiveness Report). Ísland mælist ávallt í hópi tuttugu efstu þjóða heims þrátt fyrir smæð sína. Þessi góða niðurstaða er studd mati Alþjóðabankans (e. World Bank) sem nýlega raðaði Íslandi í 11. sæti þegar kemur að skilvirkni laga og reglna er lúta að atvinnulífinu. Ísland hefur einnig verið lengi í allra fremstu röð hvað viðkemur stjórnsýslu og félagslega kerfinu. Enn fremur býr Ísland yfir náttúruauðlindum, hreinni orku og fiski, sem stöðugt aukast að verðmæti.

## Áhættusækin útrás

Ævintýralegur vöxtur undanfarinn áratug var hins vegar ekki bara vegna umbóta á Íslandi, heldur byggðist hann líka á því sem var að gerast annars staðar. Alþjóðavæðing, önnur meginstoð íslensku útrásarinnar, leysir þjóðir úr fjötrum lítils heimamarkaðar og skapar tækifæri til að fjárfesta og þjónusta viðskiptavini út um allan heim. Það þarf því engum að koma á óvart að íslenskir athafnamenn, sem áður þekktu aðeins lítinn og einangraðan heimamarkað, hafi stokkið á þessi nýju tækifæri af miklum krafti, hvort sem það fólst í yfirtökum á samheitalyfjafyrirtækjum í Mið- og Austur-Evrópu eða uppbyggingu á bjórverksmiðjum í Rússlandi. Þegar við skoðuðum íslensk útrásarfyrirtæki árið 2007 og reyndum að skilja sérstöðu þeirra voru niðurstöðurnar umhugsunarverðar. Íslensk fyrirtæki reyndust almennt fyllilega samkeppnishæf en stóðu erlendum keppinautum sínum þó ekki endilega framar. Eini áþreifanlegi munurinn var aukin tilhneiging til áhættusækni. Hraður vöxtur íslensku fyrirtækjanna virtist því almennt ekki liggja í eiginlegu samkeppnisforskoti heldur frekar í sífellt djarfari fjármálagjörningum.

Breytingar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum er þriðja megin skýringin á hröðum efnahagsvexti undanfarið. Greiður aðgangur að erlendu lánsfé, sem skýrist af langvarandi hagvaxtarskeiði í heiminum, eftirgefanlegri peningamálastefnu í mörgum löndum og nýjum fjármálagjörningum sem virtust margfalda aðgengi að fjármagni, gerði íslenskum fyrirtækjum kleift að vaxa gríðarlega á mjög skömmum tíma. Það virtust fá takmörk fyrir því hversu mikið félög gátu skuldsett sig í sókn eftir miklum hagnaði og nýjum tækifærum. Haft var eftir áberandi íslenskum fjárfesti í viðtali við sænska dagblaðið Dagens Industry: „Það má færa rök fyrir því að maður þurfi að minnsta kosti 40 prósent af eigið fé til að kaupa fyrirtæki. En það er einfaldlega þvaður.“ Þegar skjótfenginn gróði flæddi inn í hið litla íslenska hagkerfi leiddi það fljótt til mikilla og flókinna eignatengsla sem erfitt var að átta sig á en þýddi að einn miðlægur aðili gæti dregið marga aðra tengda aðila niður með sér í hugsanlegu falli. Ísland hafði líka þá sérstöðu að vera langminnsta sjálfstæða myntsvæði í heimi. Það hafði í för með sér mikla gjaldeyrisspákaupmennsku sem keyrði upp gengi krónunnar og lét líta svo út fyrir að lán í erlendri mynt væru sterkur leikur fyrir íslenska neytendur. Það var kannski ekki skrítið að við skyldum sjá svo marga byggingarkrana yfir Reykjavík í október 2006, sem var vísbending um aðsteðjandi vanda.

## Allt lagt undir

Fall íslensku bankanna kom ekki til vegna óábyrgra lánveitinga til viðskiptavina sem gátu ekki borgað sínar skuldir. Bankarnir féllu vegna þess að þeir gátu ekki endurfjármagnað sig á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum (á seinni stigum sóttu þeir líka í örvæntingu grimmt í innlán með háum vöxtum frá almenningi víða í Evrópu). Eftir því sem alþjóðlega lánsfjárkreppan versnaði, fækkaði stöðugt möguleikum íslensku bankanna til að endurfjármagna. Öllum mátti líka ljóst vera að heildarskuldir íslensku bankanna voru svo miklar samanborið við stærð íslenska hagkerfisins að hvorki ríkissjóður né seðlabankinn voru trúverðugir þrautavaralánveitendur. Bankarnir lögðu allt undir og treystu á að alþjóðlegar markaðsaðstæður héldust að mestu stöðugar. Þeir – eins og svo margir aðrir um allan heim – voru alls ekki búnir undir möguleikann á kerfislægri lánsfjárkreppu sem yrði slæm fyrir alla heimsbyggðina en fæli í sér gjöreyðingu fyrir banka frá litlu landi með afar takmarkað svigrúm til að hjálpa þeim. Meðan á hamförunum stóð voru einnig gerð mistök, bæði af hálfu íslenskra ráðamanna og erlendra aðila, sem flýttu fyrir hruninu.

Niðurstaða greiningar okkar var sú að íslenska efnahagsundrið var annað og meira en fjármálabóla. Efnahagsvöxturinn átti rætur sínar að rekja til mikilla umbóta og framfara í rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja. Aukin alþjóðavæðing margfaldaði svo þann efnahagslega ávinning sem hægt var að sækja á grundvelli bætts viðskiptaumhverfis. Greiður aðgangur að ódýru lánsfé freistaði enn fremur banka og athafnamanna til að vaxa enn hraðar í trausti þess að aðstæður yrðu áfram hagfelldar. En þegar alvarlegt ytra áfall í formi bandarísku undirmálslánakrísunnar dundi yfir leiddi það til þess að kerfið liðaðist smám saman í sundur með skelfilegum afleiðingum fyrir Ísland.

## Hvað nú?

Hvert stefnir Ísland nú? Íslenska efnahagsundrið byggðist á þremur meginstoðum: Umbótum innanlands sem studdu að góðu rekstrarumhverfi fyrirtækja, alþjóðavæðingu fjármagns og viðskipta, og greiðum aðgangi að ódýru lánsfé erlendis. Af þessum þremur stoðum hefur sú þriðja horfið alveg af sjónarsviðinu að sinni. Önnur stoðin er ennþá til staðar en henni er nú ógnað af aukinni tilhneigingu til verndarstefnu um allan heim. Fyrsta stoðin er hins vegar alfarið í höndum Íslendinga.

Þess vegna teljum við að Ísland eigi alla möguleika á að ná sér upp aftur, með því að nýta auðlindir sínar sem og þá vinnusemi og elju sem Íslendingar eru þekktir fyrir. Endurreisnin mun þó taka tíma – skuldir ríkisins munu aukast verulega vegna falls bankanna og þær skuldir þarf að greiða til baka á kostnað þess að byggja upp atvinnulífið eins fljótt og hægt væri. Að auki hafa mikil verðmæti glatast við gjaldþrot fyrirtækja og nauðungarsölur á útsöluverði til erlendra aðila við núverandi markaðsaðstæður. En umfram allt reynir nú á leiðtoga landsins að standa sem aldrei fyrr vörð um samkeppnishæfni atvinnulífsins og halda áfram á þeirri braut að bæta stöðugt rekstrarumhverfi fyrirtækjanna. Ísland hefur getið sér gott orð í þessum efnum þrátt fyrir ýmsa veikleika (sem voru reyndar líka til staðar þegar allt lék í lyndi). Ráðamenn verða að gefa almenningi skýr skilaboð um að framsækinni efnahagsstefnu undanfarinna ára sem miðaðist við að tryggja samkeppnishæft rekstarumhverfi einkafyrirtækja sé ekki um að kenna nú enda eigi hún lítið skylt við öfgakenndar sveiflur alþjóðlegra fjármálamarkaða. Þvert á móti, ef ekki hefði verið ráðist í þessar umbætur hefði Íslandi ekki aðeins farnast mun verr undanfarna tvo áratugi heldur mun Íslandi einnig farnast verr í framtíðinni ef dregið verður í land og rekstrarskilyrði skert.

*Höfundar eru prófessorar við Harvard-háskóla. Porter er heiðursdoktor við Háskóla Íslands. Georg Lúðvíksson þýddi úr ensku. Millifyrirsagnir eru blaðsins.*

Virkjum hugvitið!

Torg tækifæranna

**Torgið - viðskiptasetur** er nýtt frumkvöðlasetur í hjarta borgarinnar fyrir einstaklinga með góðar viðskiptahugmyndir á öllum sviðum.

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í samstarfi við **Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja** og **Landsbankann** opnar í nóvember **Torgið - viðskiptasetur** í húsnæði Landsbankans í Austurstræti 16.

**Torgið – viðskiptasetur** veitir einstaklingum aðstöðu og umgjörð til að vinna að viðskiptahugmyndum. Á **Torginu** er öll aðstaða til fyrirmyndar.

- Skrifstofuaðstaða með tölvubúnaði og innréttingum
- Aðgangur að fundarherbergjum
- Fagleg handleiðsla sérfræðinga Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
- Skapandi umhverfi og öflugt tengslanet einstaklinga og fyrirtækja

Fólk er hvatt til að sækja um aðstöðu á **Torginu**. Sendið fyrirspurnir á netfangið **torgid@nmi.is** eða hafið samband við Sigríði Ingvarsdóttur í síma 522 9000. Umsóknareyðublað um aðgang að setrinu er að finna á vef Nýsköpunarmiðstöðvar, **www.nmi.is**.

SAMTÖK STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Landsbankinn

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Torgið - viðskiptasetur





**STÓRTÓNLEIKAR** verða haldnir í Grafarvogskirkju fimmtudagskvöldið 13. nóvember klukkan 20.00 til styrktar BUGL, Barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Fjöldi landsfrægra tónlistarmanna kemur fram á tónleikunum sem eru árlegur viðburður.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

TILBOÐ VIKUNNAR



ÞÚ SPARAR 185.000kr

249.000kr

Verð áður 434.000.-

Sófasett 3+1+1 DL634

Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum
Tilboðið gildir til 13. nóvember

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

LAGERSALA
LAGERSALA

Opið hús í Heildverslun að Dalshrauni 17, Hafnarfirði, fimmtudaga frá kl. 12-18 og laugardaga frá kl. 12-15.

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA

KOMIÐ OG GERIÐ
GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN



Láru Kristínu hafði lengi langað í kápuna sem hún klæðist hér og lét loks eftir sér að kaupa hana. Kápan er með hermannasniði, skáslegin að framan og síðari að aftan. Heimagerði strokkurinn fer vel við og skreytir hálsmálið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Með púðaver um hálsinn

**Lára Kristín Unnarsdóttir fer ótroðnar slóðir í fatavali og klæðagerð. Hún er uppátækjasöm og henni þykir gaman að hanna og útbúa eigin flíkur. Þá reynir hún oft að nýta það sem hendi er næst.**

„Þessi hálshólkur eða strokkur er saumaður úr 20 ára gömlu silkipúðaveri. Púðinn var orðinn eyddur á endunum og mig langaði til að gera eitthvað við hann og ákvað að sauma mér þessa flík," segir Lára Kristín áhugasöm. „Mér þykir svo gott að hafa eitthvað um hálsinn og kúra mig ofan í stórt hálsmál, sérstaklega þegar kalt er."

Hún hefur áður búið til sams konar strokka úr öðruvísi efnum og gerði þann fyrsta í jólagjöf handa móður sinni. „Hann var úr ullarefni og ég setti alls konar skraut á hann. Þá var ég að sauma mér kápu með stórum kraga og ákvað að nota kragann og búa til eitthvað úr honum og þannig fæddist þessi strokkur," útskýrir Lára Kristín sem hefur verið dugleg að hanna og útbúa föt fyrir sjálfa sig, vini og vandamenn. Hún leggur mikið upp úr því að endurnýta efni og hendir sjaldnast neinu. „Hægt er að endurnýta allt og auk þess finnst mér mjög gaman að finna lausnir," segir Lára Kristín einlæg.

„Ég hef saumað mér hettupeysur, kápur og svona einfaldari hluti en ég bý oftast til sniðin sjálf og styðst stundum við flíkur sem ég á til fyrir og kann vel við," segir Lára Kristín hispurslaus og ljóst er að efnin leika í höndunum á henni þar sem henni þykir þetta ekkert tiltökumál. „Ég hef alltaf verið veik fyrir saumaskap og hef spáð mikið í hönnun. Hins vegar eru ekki nema um þrjú ár síðan ég fór að sauma með eitthvert markmið í huga," segir Lára Kristín en hún hyggur á nám í klæðskerasaumi í Vín.

„Ég vinn sem textasmiður og prófarkalesari hjá auglýsingastofunni Góðu fólki en nú ætla ég að breyta til og fer til Vínar í janúar," segir Lára Kristín sem er íslenskufræðingur. Hún ætlar hins vegar að byrja á þýskunámi við Háskólann í Vín næsta vor og því næst ætlar hún að láta gamlan draum rætast og fara í tveggja ára nám í klæðskerasaumi í Vín.

*hrefna@frettabladid.is*

ALLT Í EINUM PAKKA






icepharma

GÓÐ BLANDA GEGN KVEFI
og til þess að byggja upp varnir líkamans

INNIHELDUR
Andrographis ekstrakt, Sólhatt, C-vítamín, Engiferrót og Ylliber.

# ;TÍSKA

**SJÖL OG HYRNUR** úr íslenskri ull eru bæði hlýr og fallegur klæðnaður. Mikil aukning er nú í sölu garns og prjónablaða og ekki úr vegi að verða sér úti um fallega uppskrift að sjali og prjóna sér eitt slíkt í vetrarkuldanum.





Íslenskur efniviður er í öndvegi hjá ástu créative clothes.



Andersen & Lauth hanna meðal annars fyrir Urban Outfitters.



Köflóttur jakki frá MUNDA.

# Íslenskir hönnuðir í Ríga

**ELM, Andersen & Lauth, ásta créative clothes, MUNDI og BIRNA tóku þátt í Nordic Look í Ríga. Um er að ræða vettvang fyrir hönnuði, fyrirtæki og framleiðendur í tískuhönnun og textíliðnaði.**

Fimm íslenskir fatahönnuðir tóku þátt í Nordic Look í Ríga sem lauk í gær en þeir eru Elm, Andersen & Lauth, ásta créative clothes, Mundi og Birna.

Norræna ráðherranefndin ásamt sænskum yfirvöldum og dönsku menningarstofnuninni stóðu að baki viðburðinum sem var í formi ráðstefnu og tískusýninga en samtals mátti þar sjá hönnun frá 32 norrænum fatahönnunarfyrirtækjum.

„Þetta er vettvangur fyrir hönnuði, fyrirtæki, framleiðendur, menntastofnanir og aðra þá er taka ákvarðanir varðandi tískuhönnun og textíliðnað á Norðurlöndunum, í Baltnesku löndunum og í Rússlandi,“ segir Lovísa Óladóttir hjá Fatahönnunarfélagi Íslands „Boðið er upp á nýjan vettvang og tækifæri fyrir hönnuði og ráðandi aðila í þessari grein til að hittast, ná nýjum viðskiptasamböndum og spegla sig í því sem aðrir eru að gera á þessu svæði.“

Nordic Look í Riga 2008 varð til að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar, þar sem Svíar eru nú í forsæti, og í samstarfi við samtök allra fatahönnunarfélaga á Norðurlöndunum. Samtökin heita Nordic Fashion Association og voru stofnuð í sumar.

„Við erum þarna að fara inn í samstarf við félög sem búa yfir gríðarlegri reynslu,“ segir Lovísa. Hugmyndin er að opna nýjar dyr fyrir norræna fatahönnun inn til landanna á Balkanskaganum og Rússlands. Jafnframt er markmiðið að koma á tengingum milli lykilfyrirtækja á þessum þremur svæðum á sviði fatahönnunar og textíliðnaðar og þá meðal annars með framleiðsluna í huga.

*vera@frettabladid.is*



ELM reið á vaðið á þriðjudaginn en hinir íslensku hönnuðirnir sýndu í gær.

Tískuhönnuðinum Jean-Paul Gaultier skaut upp á stjörnuhimininn á 9. áratugnum fyrir djarfan götuklæðnað og vísunum í poppkúltúr í hönnun sinni. Þá hefur hann sent frá sér ilmvötn eins og Le Male sem er sívinsælt.



**Tíska aldanna**




JOMOS herraskór - Þýsk gæðavara

Vandaðir herraskór úr leðri í úrvali.
Stærðir: 41 - 47
Litir: svart og brúnt
**Verð: 9.950.- 12.450.-**

**Misty skór**
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*

**Amethyst - mjög glæsilegur "push up"**
haldari í BCD skálum
á kr. 6.990,-"



**MISTY** - LAUGAVEGI 178,
105 REYKJAVÍK sími 551-3366
misty@misty.is www.misty.is
opið mán-fös kl **10-18** lau kl.**10-14**

;ALLT HEILSA
Alla fimmtudaga

**Nýjar vörur í hverri viku**
**www.vefta.is**
Hólagarði og Mjódd
Vefta Tískuföt



Vefta • Lóuhólum 2-4 • S: 557 2010 • & Þönglabakka 6 • S: 578 2050

HANSKADAGAR

30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM BRÚNUM
HÖNSKUM

í 3 daga frá fimmtudegi
til laugardags.



Tösku og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

Fimmtudagsbrjálæði
**í Flash**



**Allar gallabuxur 3990**
**Háar í mittið, st 36-46**

**Mikið úrval á 2000 kr**
**á slá s.s. kjólar, toppar, buxur**

FLASH
**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

Persónulegur fatastíll



**Hvaða týpa ert þú?**
Nýtt 6 daga námskeið að hefjast
í Gerðubergi fyrir konur á **BESTA ALDRI!**
**11.-28. nóv.** - þriðj. og fimmt. kl. 20-21.30
*Ath: Flest stéttarfélög greiða niður námsk.gjald*

**Betri klæðnaður**
**– til frekari árangurs**
Fyrirlestrar og ráðgjöf fyrir fyrirtæki og hópa

Leiðbeinandi: **Hildur Inga Björnsdóttir**
Sími **8990819** / netfang **xirena@xirena.is**

Skráðu þig núna!

xirena
www.xirena.is



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

## Endurkoma magabeltisins

Þegar ég var lítill skemmtu Pála frænka í Reykjavík og Vala systir sér við það að hringja í Lífstykkjabúðina og spyrja: „Eigið þið gervinýru,“ skelltu svo á og hlógu. Lífstykkjabúðin er ein elsta verslun á Laugarveginum og ein af fáum trygg íslensku nafni. Margir muna sjálfsagt eftir að hafa séð hjá ömmu sinni eða mömmu, allt eftir aldri viðkomandi, sérstakar nærbuxur sem ég held að ég fari rétt með að heiti magabelti. Sjálfsagt eru þau enn til sölu í Lífstykkjabúðinni og kannski víðar. Í síðustu viku töluðum við um tísku fyrir þéttar konur en í framhaldi af því er rétt að minnast á nýjustu afurð undirfataframleiðendana sem er einmitt magabeltið sem lifir nú nýju lífi. Konur á Vesturlöndum (karlar reyndar líka) hafa bætt á sig kílóum á síðustu áratugum og þar af leiðandi farið upp um eina eða tvær stærðir í fatnaði. Magabeltinu er eins og áður ætlað að fela fellingarnar og slétta. Það er nú þróaðra og þægilegra en áður var meðal annars vegna þess að ný efni eru notuð. Punkturinn yfir i-ið er að flottari merki blanda sér nú í þessa framleiðslu sem á ekki lengur að vera púkaleg heldur sexý. Til dæmis eru notuð teygjuefni sem eru mismunandi teygjanleg á mismunandi stöðum eftir þörfum. Flíkin er því ekki óþarflega stíf þar sem það er óþarfi. Þetta gerir til dæmis Aubade sem er frægt undirfatamerki í Frakklandi og meðal annars þekkt fyrir ögrandi auglýsingar sem hafa vakið mikla athygli og deilur. Aubade hefur framleitt nærbuxur sem heita „litli svindlarinn“ og eru víðar að framan en með g-streng að aftan og undir rasskinnunum eru teygjuborðar sem eiga að lyfta þeim upp. Hjá Triumph eru það litlir silkihnútar og og gylltir þræðir sem eiga að poppa upp magabeltið og gefa því nýtískuyfirbragð. Hönnunarvinnan virðist virka því svo aðeins eitt dæmi sé tekið eru magabelti nú sex prósent af heildarframleiðslunni hjá Aubabe. Engin tilviljun að undirfataframleiðendur séu áhugasamir.

Önnur framleiðsla sem sömuleiðis á að móta líkamann á þægilegri hátt en áður eru sérstakar sokkabuxur sem einnig eru úr nýjum efnum sem henta betur en áður hafa verið notuð. Lausnin er þráður sem er gerður úr polyamide og teygju sem gefur gljáandi yfirbragð, teygjanleika og þægindi en mótar um leið lærin. En ein af ástæðunum fyrir þessari endurkomu magabeltanna, fyrir utan aukna líkamsþyngd, er einnig hversu mikið er um prjónakjóla og önnur mjúk efni í tískunni sem eru þannig að minnsta felling sést. Fyrir karlmenn er hins vegar engin lausn til að fela magann en það er önnur saga.

*bergb75@free.fr*

# Plastið á uppleið

**Glansandi plastfatnaður virðist vera í tísku um þessar mundir ef eitthvað er að marka fræga fólkið.**

Fjöldinn allur af frægum söngkonum og leikkonum hefur látið mynda sig í fötum úr latexi upp á síðkastið við ýmis ólík tækifæri. Stjörnur á borð við Lindsay Lohan og Victoriu Beckham hafa látið sjá sig í níðþröngum, glansandi plastbuxum en Janet Jackson og Paris Hilton hafa frekar kosið að klæðast plasttoppum. Þó má að sjálfsögðu rekja uppruna þessarar tískubólu fræga fólksins til fyrirsætunnar Kate Moss, en hún spókaði sig í plastbuxum á Glastonbury-tónlistarhátíðinni í fyrra.

Enn sem komið er hefur tíska þessi að mestu einskorðast við ríka og fræga fólkið, en erlendir tískuspámenn telja þó að almenningur þurfi ekki lengi að bíða þess að ódýrari fataverslanir fari að bjóða upp á plastfatnað. Ástæðan er að sú að Britney Spears er talin líkleg til að koma plastinu rækilega á kortið með nýjasta myndbandi sínu, en í því klæðist hún svörtu, glansandi plastvesti. *- vþ*



Britney klæðist plastvesti í nýjasta myndbandi sínu.



## Kvenlegir við jakkaföt

OXFORD HÆLASKÓRNIR ÞYKJA HENTA VEL FYRIR KONUR Í SKRIFSTOFUSTÖRFUM.

Nýju Oxford hælaskórnir frá BCB Girls eru taldir vel til þess fallnir að umbreyta virðulegri skrifstofudragt í mýkri og kannski kvenlegri flík. Þeir þykja meðal annars passa vel við pilsdragtir, útvíðar buxur og stílhreinar buxnadragtir, og gætu því hentað vel fyrir konur sem gegna skrifstofustörfum.

Hælarnir á skónum eru þykkir og veita því góðan stuðning, sem stuðlar að því að hægt sé að ganga í þeim í lengri tíma án þess að verkja í fæturna.



MC PLANET+
Austurhrauni 3
210 Garðabær
S. 533 3805








**MATREIÐSLUBÓKIN** Af bestu lyst 3 er komin út en Lýðheilsustöð, Hjartavernd og Krabbameinsfélagið unnu með bókaforlaginu Vöku-Helgafelli að útgáfu bókarinnar. Eins og í fyrri bókunum, Af bestu lyst 1 og 2, eru í bókinni uppskriftir að hollum og góðum mat.
















# Að sofa eins og ungbarn

**Stundum er sagt um þá sem sofa óslitnum svefni að þeir sofi eins og ungbarn, en mörg börn eiga ekki náðugar nætur fram eftir aldri. Þar kemur Foreldraskólinn til hjálpar með námskeið í svefni barna.**

„Við fáum á göngudeild Barnaspítala Hringsins um 400 börn á ári, og foreldrar svipaðs fjölda leita ráða hjá símaþjónustu Foreldraskólans, sem er angi út frá göngudeildinni og ég stofnaði um áramótin 2004-2005 þegar mig langaði til að vinna meira í forvörnum gegn svefnvandamálum barna," segir Arna Skúladóttir barnahjúkrunarfræðingur, svefnráðgjafi og höfundur hinnar geysivinsælu bókar Draumaland, sem kom út árið 2006 og tekur á svefni og svefnvenjum barna frá fæðingu til tveggja ára.

„Innlagnir vegna svefnvandamála heyra til algjörra undantekninga í dag, en voru nokkuð algengar hér áður. Ætli ástæðan sé ekki sú að við sem vinnum við þetta erum orðnar betri í því að ráðleggja foreldrum réttu lausnirnar, og nú eru börn frekar lögð inn til ömmu og afa, eða þá að foreldrar fara með barn sitt í annað umhverfi, sem er heilladrjúgt þegar þarf að brjóta upp fastan vana," segir Arna.

„Þegar barn grætur mikið á háttatíma og um nætur er eðlilegt að velta fyrir sér hvort eitthvað ami að. Því ráðlegg ég alltaf góða læknisskoðun áður en ný svefnaðferð eru reynd, til að leggja ekki meira á börnin," segir Arna og bætir við að eðlilegt sé að smábörn rumski allt frá þrisvar til fimm sinnum á nóttu, en undir venjulegum kringumstæðum sofni þau aftur án aðstoðar.

„Þau börn sem koma til mín þurfa aðstoð við að sofna aftur; gráta mikið, garga eða kalla eftir einhverju. Ef barn getur ekki sofnað að kvöldi án aðstoðar er mun líklegra að það geti það ekki heldur þegar það rumskar eða vaknar upp á næturnar," segir Arna um eina ástæðu af mörgum.

„Það er alltaf ákveðin prósenta barna sem glímir við svefnvanda þegar þau eru lítil; trúlega út af persónueinkennum sem svo fylgja þeim áfram og detta þá inn í vesen með svefn þegar breytingar verða á lífi þeirra, eins og þegar byrjað er hjá dagmömmu, í leikskóla, við flutninga og fleira, en sum börn þola slíkar breytingar illa," segir Arna og nefnir ákveðið lundarfar sem einkennir börn með svefnvanda.

„Hjá yngstu börnunum er það að vera auðtruflaður, en hjá börnum á leikskólaaldri er það hreyfivirkni, það að hafa langa aðlögun að hlutum og sýna sterk tilfinningaviðbrögð, sem á íslensku útleggst að vera dramatískur," segir Arna sem er sest við skriftir á framhaldsbók um Draumalandið, eftir mikla eftirspurn.

„Ég er byrjuð að skrifa bókina, en á langt í land með að klára hana. Hún verður um svefn og svefnvenjur tveggja til fimm ára barna, með áherslu á persónueinkenni, sem er óskaplega skemmtileg vangavelta í tengslum við svefn."

Á laugardag stendur Foreldraskólinn fyrir tveimur sívinsælum námskeiðum, ætlað foreldrum 2ja til 10 mánaða barna, og 10 mánaða til 2ja ára barna. Við Foreldraskólann starfa ásamt Örnu, þær Ingibjörg Leifsdóttir og Rakel Jónsdóttir, en allar hafa þær langa reynslu af vinnu með foreldrum barna á Barnaspítalanum.

„Þar hvetjum við báða foreldra til að koma og við förum í svefninn; til hvers maður getur ætlast, eðlilegan svefn og þróun; næringu og þroska, það að verða foreldri, því öll viljum við verða góðir foreldrar, en mismunandi viðhorf til uppeldis í þjóðfélaginu, en okkar útgangspunktur er að börn eru ólík og þeim geta passað mjög ólíkar uppeldisaðferðir."

Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðunni www.foreldraskoli.is, sem í dag opnar í endurgerðri útgáfu með gnótt fróðleiks og nýs efnis um svefn og næringu barna.

*thordis@frettabladid.is*



Arna Skúladóttir, svefnráðgjafi og rithöfundur, er stofnandi Foreldraskólans sem hefur að markmiði að auðvelda foreldrum aðgengi að upplýsingum um svefn, næringu og þroska barna og bæta líðan foreldra. Starfsemin byggir á niðurstöðum íslenskra og erlendra rannsókna og faglegri reynslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA












# veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 6. NÓVEMBER 2008




MYND/MARY ELLEN MARK





GÓMSÆT GJÖF
FYRIR SÆLKERA

*Falleg gjafakarfa með úrvali af bragðgóðum íslenskum ostum er tilvalin jólagjöf handa starfsfólki og viðskiptavinum*



*Á vefsíðu okkar www.ostur.is er að finna nánari upplýsingar um sælkeraostakörfurnar okkar og ostana sem í þeim eru.*

Þú færð ráðgjöf og tilboð hjá sölufulltrúum okkar í eftirfarandi símanúmerum;
Söludeild Reykjavík s. 569 2200 og söludeild Akureyri s. 460 9610.

Einnig geturðu sent fyrirspurnir á netföngin ostakorfur@ms.is og soludeild@ms.is eða með bréfsíma í númer 569 2222.

www.ostur.is

MJÓLKURSAMSALAN




Steinunn er fyrsti fatahönnuðurinn til að hljóta hin eftirsóttu Södersbergsverðlaun. Hún er þó enginn nýgræðingur í tískuheiminum og hefur starfað með ýmsum frægum tískuhönnuðum.

MYND/MARY ELLEN MARK



Steinunn sækir innblástur í íslenska náttúru og menningu og segir hún að verðlaunin séu ekki bara fyrir sig heldur líka íslenska fatahönnun.



Efni og áferð spila saman á heillandi hátt. Skírskotanir í íslenska þjóðbúninginn eru margar og nefnir Steinunn til dæmis umfang hattanna sem tengist skautbúningnum og slaufuna á peysufötum og upphlut íslenskra kvenna.

# Tilfinning fyrir tísku

**Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður hlaut nýverið hin virtu sænsku Söderbergshönnunarverðlaun. Hún er fyrsti tískuhönnuðurinn sem hlýtur þau.**

Söderberg-verðlaunin eru kennd við hjónin Torsten og Wanja Söderberg og tók Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður á móti þeim við hátíðlega athöfn í Röhsska-safninu í Gautaborg í vikunni. Í kjölfarið opnaði safnið sýningu á hönnun Steinunnar sem stendur til 22. febrúar 2009.

Söderbergs-verðlaunin eru talin ein helsta viðurkenning sem hönnuður getur hlotið og eru glæsileg viðbót við þann merka feril sem Steinunn hefur skapað sér. Í áliti dómnefndar segir meðal annars: „Steinunn Sigurðardóttir hefur, með íslenska náttúru sem innblástur, fært Norðurlöndunum virtan fulltrúa á hinu alþjóðlega tískusviði.“ Auk þess kemur fram að í hönnun Steinunnar skíni í gegn reynsla og þekking á gæðum og tilfinning fyrir tísku.



Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður sem fékk Menningarverðlaun DV í hönnun 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þetta er í fyrsta skipti sem fatahönnuður hlýtur Söderbergs-verðlaunin. Hefur Steinunn sagt að verðlaunin færi mikla von og minni á að ekki eigi að leggja árar í bát heldur sé mikilvægt að meiri áhersla sé lögð á nýsköpun á Íslandi. „Þetta er mikill heiður og ég verð að viðurkenna að það yljaði mér um hjartarætur að sjá stóran íslenskan fána framan á safninu í Gautaborg í morgun,“ sagði Steinunn ánægð við okkur í gær, rétt eftir opnun sýningarinnar. „Þetta er einstaklega mikill heiður fyrir íslenska fatahönnun og á þessum síðustu og verstu tímum er þetta gott dæmi um hvað er hægt að gera með nýsköpun,“ segir Steinunn og nefnir að það sé lykilatriði að hafa gaman af vinnunni sinni og trú á því sem maður er að gera. „Það mikilvægasta er að gefast aldrei upp,“ segir Steinunn full af eldmóði. *- hs*

# Kron hannar eigin skólínu

Ný íslensk skólína mun líta dagsins ljós á næstu dögum. Hugrún Dögg Árnadóttir, eigandi Kronverslananna á Laugavegi, hefur hannað skólínu ásamt manni sínum, Magna Þorsteinssyni, undir merkinu Kron by KronKron. Fyrstu skópörin eru væntanleg í verslunina um miðjan nóvember.

„Þetta er fyrsta skólínan okkar en við höfum unnið í þessu seinasta árið,“ útskýrir Hugrún. Hún segir línuna kvenlega og í ætt við „pin up“-stíl og ekta danskó.

„Þetta verður viðbót við íslenska skóframleiðslu en línan er algjörlega eftir okkar smekk og uppskrift. Þetta lá beinast við í framhaldi af því sem við höfum verið að gera og bara tímaspursmál hvenær við byrjuðum á þessu.“

Skórnir eru framleiddir á Spáni upp á gamla mátann eins og Hugrún orðar það, en þeir eru handunnir og fara í gegnum hendurnar á 44 einstaklingum.

„Við höfum skipt lengi við þessa aðila og þekkjum þeirra vinnubrögð og gæði. Ég er menntaður hönnuður og mikil skómanneskja þannig að það má segja að þarna sé draumur að rætast.“

Skórnir munu fást í Kron og KronKron. *- rat*



Hugrún Dögg Árnadóttir hefur unnið að eigin skóhönnun undanfarið ár undir merkinu Kron by KronKron. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Íslensk hrísgrjón!

Við hjá Nings erum afar stolt af því að geta boðið upp á ljúffenga og bráðholla rétti þar sem uppistaðan er íslenskt lífrænt ræktað bygg. Byggið er ræktað af Eymundi bónda í Vallanesi á Héraði og kallar hann byggið ***„hrísgrjón norðursins“***.



Íslenskt bygg með kjúklingi, grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

***Kynningartilboð***

| lítill | stór |
|---|---|
| **590 kr.** | **990 kr.** |

| Næringargildi í 100g af byggi | |
|---|---|
| Orka kkal. | 319 |
| Orka kj. | 1334 |
| Prótein | 11,8 |
| Kolvetni | 65 |
| Fita | 1,9 |
| Trefjar | 12,3 |

Íslenskt bygg með grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

***Kynningartilboð***

| lítill | stór |
|---|---|
| **390 kr.** | **690 kr.** |

Viðskiptavinum stendur einnig til boða að fá íslenskt bygg í stað hvítra hrísgrjóna í flesta rétti sem Nings býður upp á.

**NINGS**

TRANS FITA · LO SALT · MSG

**Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899**

**www.nings.is**



Nings býður nú upp á íslenskt lífrænt ræktað bygg í réttum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hrísgrjón norðursins

„Við ákváðum að breyta aðeins til á matseðlinum með því að bjóða upp á þessa nýjung. Eins og staðan er er þetta líka ódýrara í innkaupum heldur en grjónin, sem eru innflutt," segir Hilmar Sigurjónson, eigandi veitingahúsakeðjunnar Nings, sem hefur hafið sölu á íslensku, lífrænt ræktuðu byggi sem meðlæti í sína rétti. Byggið er ræktað af Eymundi Magnússyni bónda í Vallanesi á Fljótsdalshéraði, sem kallar byggið hrísgrjón norðursins.

Með tilkomu þessarar nýjungar er þó ekki útlit fyrir að hrísgrjón muni hverfa af matseðli Nings. Hilmar segist þvert á móti vilja fjölga valkostum viðskiptavina sinna, sem geti nú þegar valið á milli hvítra hrísgrjóna og hýðishrísgrjóna. „Enda er byggið mjög hollt líkt og hýðishrísgrjónin," segir hann. „Svo hefur það reynst vel bæði þeim sem eru með viðkvæman maga og eins sykursjúkum."

Hilmar er ekki í nokkrum vafa um að byggið eigi eftir að njóta vinsælda. „Að okkar mati á íslenska byggið góða möguleika á að seljast í álíka magni og brún hrísgrjón, en neysla á þeim hefur aukist mikið á síðustu árum," segir hann og kveður byggið lið í þeirri stefnu Nings að auka hlutfall lífrænt ræktaðs hráefnis í réttum sínum. „Við erum stolt af því að geta boðið upp á þessa íslensku afurð."




Hilmar býst við að byggið verði vinsælt.

Að sögn Hilmars hefur ýmsum öðrum nýjungum verið bætt við á matseðil Nings. „Við höfum til dæmis nýverið tekið inn í heilsulínuna konnyakunúðlur, sem eru búnar til úr japanskri rót. Þetta eru bara trefjar, sem hafa hreinsandi áhrif á líkamann. Svo eldum við hana og setjum út í kjúkling og grænmeti, en með því koma auðvitað hitaeiningar. Þetta er mjög gott dæmi um hvernig við erum stöðugt að endurnýja heilsuréttina okkar enda njóta þeir lang mestra vinsælda á veitingastöðum Nings." - rve




# Börnin bíða spennt eftir matnum sínum

**Aðalbjörg Reynisdóttir hefur gefið út bókina Allir geta eldað. Þar er engin venjuleg uppskriftabók á ferð því hún á margvíslegt erindi á markaðinn og ágóðinn fer allur til ABC-barnahjálparinnar.**




„Mig langar til að ágóðinn af sölunni fari í mat í barnaþorpum ABC," segir Aðalbjörg um hina nýju bók sína sem inniheldur uppskriftir, heilræði og húsráð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég seldi fyrirtækið mitt í fyrra og hafði allt í einu hellingstíma," byrjar Aðalbjörg frásögn af því hvernig bókin Allir geta eldað varð til. „Þá fór ég út úr leiðindum að taka til í uppskriftabunkanum mínum og færa inn í tölvu. Úr því varð bók. Þar eru til dæmis uppskriftir að mat sem ég hef fengið í fínum matarboðum. Síðan bættust við heilræði og húsráð því mér varð hugsað til barnanna minna.

Þegar verkið tók á sig heildarmynd langaði Aðalbjörgu að hafa bókina þannig að hún gæti nýst sem eina bókin í eldhúsinu. „Svo þar er mál og vog, borðsiðir, meðferð silfurs og margt fleira og úr varð uppflettirit sem vonandi nýtist sem flestum. Þegar mér varð ljóst að ég væri kannski með eitthvað gott í höndunum ákvað ég að láta gott af mér leiða þannig að við hjónin kostuðum prentunina á bókinni og gáfum hana svo til ABC.



Mig langar að ágóðinn af sölu hennar fari í mat og sé eyrnamerktur ákveðnu framtaki sem heitir Grænmetisgarðurinn. Það er orðið erfitt að fá framlög til ABC-heimilanna í dag vegna efnahagsástandsins og unnið er að því að gera þau sjálfbærari. En þau geta fengið fjórar uppskerur úr grænmetisgarðinum á ári meðan við fáum eina. Þannig að ég vona að bókin verði til góðs."

Allir hafa gefið vinnu sína við bókina. Hagkaup dreifir henni frítt, líka Office 1, Eymundsson, Fjarðarkaup og fleiri. Það eru alls staðar útréttar hendur til hjálpar þessu framtaki. Forsíðan er gefin af Maríu Kristu Hreiðarsdóttur hjá Brosbörnum. Sonur hennar er á myndinni með kokkahúfu, voða sætur með sleif. Hann fær Playmobilkassa því hann var orðinn svo leiður á öllum myndatökunum. Það er eina kaupið! Ég er ekki góð í stafsetningu en konan sem prófarkalas fyrir mig sagði strax: „Ég ætla bara að láta þig vita að ég mun ekkert taka fyrir." Svona hefur meðbyrinn verið."

Spurð hvort myndir séu af réttunum í bókinni svarar Aðalbjörg. „Nei, Lilja Matt tók myndir af Maritsu Poulsen sem sýnir hvernig á að leggja á borð. Svo eru bara myndir frá ABC-samtökunum. Börnin að bíða eftir matnum sínum og einhver að elda graut í stórum potti. Fólkið á mínu heimili var voða spennt yfir þessu verkefni til að byrja með. Það hélt að ég myndi elda og elda til að láta taka myndir en reyndin varð sú að það var enginn matur. Það var bara skrifað!"

Í Allir geta eldað er uppskrift að omelettu sem Aðalbjörg segir líklega hollasta og fljótlegasta skyndimatinn.

### Omeletta *fyrir fjóra*

*Þeytið létt saman með gaffli 6 egg + 5 msk. mjólk + ¼ tsk. salt. Hitið pönnu og bræðið 2 til 3 msk. af smjöri eða olíu. Lækkið hitann og hellið eggjahrærunni út í. Hristið pönnuna til og látið kökuna stífna.*

*Tilbreyting: Nýtið afganga, til dæmis smátt skorna kartöflubita, skinku eða raspaðan ost.*

### HEILRÆÐI

*Munið að gjöfin þarf ekki að vera dýr til að gleðja. Köld geymsla á vetrum fyrir kjöt eða annað getur verið inni í útigrillinu, gott til dæmis fyrir jólin þegar ísskápurinn er fullur að geyma þar matvöru.* - gun

# Íslenskt snakk aldrei vinsælla

Mikil söluaukning hefur undanfarið orðið á vörum Iðnmarks sem framleiðir meðal annars Stjörnupopp og -snakk. Sölumet var slegið í október þegar í ljós kom að milljón pokar af poppi og snakki höfðu selst það sem af var árs. „Sú tala náðist ekki fyrr en í nóvemberlok árið 2007, þannig að þetta er met," segir Sigurjón Dagbjartsson framkvæmdastjóri sem telur ástæðuna velvilja kaupmanna og aukinn áhuga almennings.



„Íslensk framleiðsla skapar aukna vinnu. Iðnmark kaupir til dæmis umbúðir frá Plastprent og Kassagerðinni og skapar þar fjögur störf," segir Sigurjón. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Kaupmenn vilja gera vel við íslenska vöru," bendir hann á og bætir við að almenningur ferðist sjálfsagt minna og sé meira heima í ljósi aðstæðna. Ef til vill leyfi hann sér því meira frelsi í matarinnkaupum. „Því er svo ekki að neita að íslensk framleiðsla „nýtur góðs af" verðhækkunum á erlendri matvöru."

Sigurjón tekur ostapopp sem dæmi um vöru sem rýkur út. „Salan jókst um 18 prósent í síðasta mánuði miðað við sama tíma í fyrra. Um 32.000 pokar seldust í október," segir hann og kveður fyrirtækið ætla að færa kvíarnar enn frekar út á fyrsta ársfjórðungi 2009 með markaðssetningu á fjölkornasnakki.

„Það inniheldur sólblómafræ og korn. Svo bökum við snakkið og úðum með sólblómaolíu. Einungis fimmtán prósent fljótandi fita er í snakkinu og engin hert fita. Almennt notum við ekki transfitu í okkar vöru og það hefur líkað skilað sér í auknum vinsældum."

Snakkið, sem kallast sólblómaflögur, verður sett á markað í apríl á næsta ári og verður fáanlegt með tveimur bragðtegundum. Annars vegar með ostakryddi og hins vegar með sýrðum rjóma. „Við erum að klára vöruþróun kryddsins. Umbúðahönnun fer af stað í janúar," segir Sigurjón, sem vonast eftir að nýju vörurnar hljóti jafngóðar viðtökur og þær fyrri. - rve




# Paratabs®

## – Öflugur verkjabani!




**Notkunarsvið:** Paratabs®-Parasetamól 500 mg er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Paratabs® er m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs® er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum inflúensu og umgangspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota Paratabs®. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs® án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. **Meðganga og brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjólk en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið ávallt þar sem börn hvorki ná til né sjá. 15. júní 2007.

actavis
*hagur í heilsu*



Kraginn hefur einfalt útlit en býður upp á marga möguleika þar sem hægt er að láta hann liggja hvernig sem er. Hann er til í mismunandi hvítum litum og svörtum en stundum fær Margrét brún skinn. MYND/MHILDUR

# Lambaskinn um hálsinn

Margrét Ásgeirsdóttir hóf nýverið að hanna kraga úr lambaskinni undir nafninu M. Hildur. Kragana sýndi hún á sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsinu á dögunum.

„Kraginn er úr lambaskinni sem ég flyt inn frá Kína. Hann er tvöfaldur þannig að það er lambaskinn að innanverðu líka. Neðri kanturinn er þynnri en efri kanturinn þannig að hann fer vel inn undir kápukraga. Einnig er flott að nota hann við peysur og kjóla,“ segir Margrét og bætir við: „Kraganum er hneppt með pelskrækjum og hægt er að hneppa honum á mismunandi vegu sem gerir útlitið breytilegt.“

Margrét segist hafa verið komin vel á fullorðinsár þegar hún hóf nám í Iðnskólanum í kjólasaumi og klæðskurði en upp frá því hafi hún farið að hanna sjálf. „Lambaskinnskraginn er í raun fyrsta stykkið mitt. Ég byrjaði aðeins í fyrrahaust og svo tók ég þátt í þessari sýningu, Handverk og hönnun. Handverk og saumaskapur hafði alltaf blundað lúmskt í mér og því lét ég gamlan draum rætast þegar ég hellti mér út í þetta.“

Enn er Margrét ekki komin með söluaðila í Reykjavík en hægt er að fá kragana hennar í Epal Design í Leifsstöð. Einnig er Margrét með vefsíðu og er slóðin að henni www.mhildur.is. *- hs*

# Svipurinn lýsir sjálfstrausti

**Sigríður Hafstað hóf fyrir nokkrum árum að sauma tehettur í formi bústinna peysufatakvenna.**



Sigríður byggir handverk sitt á reynslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þær hafa orðið vinsælar þessar kerlingar enda eru þær svolítið góðar með sig og svipurinn lýsir sjálfstrausti,“ segir Sigríður Hafstað á Tjörn í Svarfaðardal þegar hún er spurð um peysufatakonurnar kotrosknu sem hún saumar, ásamt Sigurbjörgu Snorradóttur. Frumkvæðið rekur Sigríður reyndar til Völvu Gísladóttur sem var við tónlistarkennslu í Svarfaðardalnum í nokkur ár. Athygli vekur hvað peysufötin eru fín, handbróderaðar rósir í slifsinu sem er úr silki eins og svuntan. „Við fáum efnið hjá Heimilisiðnaðarfélaginu. Það er eins í íslenska þjóðbúningnum. Við reynum að hafa þetta vandað,“ segir Sigríður.

Kerlurnar fást í safnabúðum á Þjóðminjasafninu og á Dalvík svo og Landnámssýningunni í Aðalstræti. Þær eru víðförlar að sögn Sigríðar enda meðfærilegar og hægt að senda þær í bóluumslögum um víða veröld. „Við höfum fengið kveðjur frá þeim frá ólíklegustu stöðum,“ segir hún.

Sigríður og Sigurbjörg nostra við handverkið og hafa bætt hnetufólki við framleiðsluna og líka litlum eggjakerlingum sem eru borðskraut í leiðinni. Allt í þjóðlegum stíl. Sigríður segir athyglina vissulega af hinu góða. „Við erum bara heppnar að vera með öðruvísi varning en aðrir,“ segir hún. *- gun*


JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

kemur út þriðjudaginn 25. nóvember.

Matur, gjafir, viðtöl, föndur og fleira

Allt um jólaundirbúninginn, jólamatinn og jólastemmninguna í Jólablaði Fréttablaðsins 2008.






Nánari upplýsingar veita:

Bjarni Þór í síma 512-5471 eða bjarnithor@365.is & Benedikt í síma 512-5411 eða benediktj@365.is

# Nýr ungbarnaleikskóli í Sólheimum, Reykjavík

## Vilt þú taka þátt í að þróa Heilsustefnu í ungbarnaleikskóla?

Ef þú ert leikskólakennari sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum, þá átt þú samleið með okkur.

Við leitum að **leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki** til að taka þátt í þessu spennandi verkefni með okkur.



Leikskólinn verður tveggja deilda fyrir börn á aldrinum **9 mánaða til 3ja ára.** Áætlað er að hann **opni núna í desember 2008.** Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.



**Nánari upplýsingar veitir Berglind Grétarsdóttir skólastjóri í síma 617-8994.**

*Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á www.skolar.is*

SKÓLAR

HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

# Handverk með boðskap

Handverkskonan Þóra Bjarnveig Jónsdóttir gerir stóra og smáa lerkiplatta með alls kyns áletrunum og boðskap. Hún kaupir lerkið frá Vöglum í Fnjóskadal og slípar það til og sléttir á heimili sínu. Lerkið er úr Vaglaskógi.

Á plattana skrifar Þóra spakmæli, heilræði, gullkorn og bænir. Hún skreytir þá svo með fíngerðum blómum og er útkoman fallegt skraut á vegg.

Þóra segist lengi hefa sankað að sér heilræðum en heilmikið af því sem hún skrifar á plattana semur hún sjálf. Hún gerir einnig platta með ýmsum gullkornum um staði á landsbyggðinni sem höfða þá til ólíkra hópa.



„Ég nýt þess að vinna í þessu og lifi mig inn í alls konar speki,“ segir Þóra.

Þóra seldi plattana um skeið á göngugötunni í Mjódd en þá verður nú hægt að nálgast á handverksmarkaðinum í Elliðavatnshúsinu sem opnar hinn 29. nóvember. Hann verður opinn allar helgar fram að jólum. Plattarnir kosta á bilinu 1.200 til 5.000 krónur og getur verið gaman að líta við og lauma jafnvel handverki með fallegum boðskap í jólapakkann. *- ve*



**Þóra nýtur þess að gera plattana og lifir sig inn í alls kyns speki.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**Hægt er að matreiða kartöflur á fjölbreyttan og girnilegan hátt.**

## Íslenskar kartöflur á diskinn

Flestir Íslendingar vita að kartöflur eru herramannsmatur; hollar, góðar og ódýrar. Íslenska fyrirtækið Þykkvabæjar býður viðskiptavinum sínum upp á mikið úrval af vörum sem unnar eru úr kartöflum.

Á heimasíðu Þykkvabæjar, www.karto.is, má nálgast upplýsingar um ýmsar kartöflutengdarvörur sem fyrirtækið framleiðir. Heimasíða Þykkvabæjar kartaflna er ekki síður skemmtileg fyrir áhugafólk um sjónvarpsauglýsingar, þar sem á henni má nálgast gamlar sjónvarpsauglýsingar fyrirtækisins sem margar hverjar eru bráðskemmtilegar og hafa lifað með þjóðinni. *-vþ*



**Gunnar segir sápurnar uppfylla ströngustu gæðakröfur.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Latibær í sápulíki

Fyrstu hreinlætisvörurnar undir merkjum Latabæjar eru komnar í íslenskar verslanir, bað- og handsápur fyrir börn.

„Sápurnar eru framleiddar í Lettlandi í verksmiðju í eigu íslenskra aðila. Þær voru hannaðar af okkur í samstarfi við Latabæ,“ segir Gunnar Veigar Ómarsson hjá fyrirtækinu Ferund. Sápurnar eru fyrsta verkefnið sem fyrirtækið vinnur sérstaklega fyrir vestrænan markað.

„Þetta eru bláar Íþróttaálfssápur og bleikar Sollustirðusápur með berjailmi. Íslenski markaðurinn er fyrsti markaðurinn fyrir þessar vörur. Þeir vilja sjá viðbrögðin hér áður en lengra er haldið,“ segir Hilmar. *- rve*







**ÍSSKÁPURINN** er góður staður til þess að geyma passamyndir, póstkort og annað persónulegt á, sem þó má vera sýnilegt. Vel skreyttir ísskápar lífga svo sannarlega upp á eldhúsið og draga að sér athygli þeirra sem það sækja heim.



# Ljúfir tónar með kaffinu

**Auk þess að bjóða upp á dýrindis kaffi og bakkelsi má finna ýmiss konar skemmtilega smávöru hjá versluninni Te & kaffi.**

Tónlistarkannan Moka Sound er þannig útbúin að ofan á lokinu er lítill rafeindabúnaður sem spilar lag þegar kaffið er tilbúið. Kannan er kjörin tækifærisgjöf en er einnig ágæt til að gleðja sitt eigið litla hjarta. Eitt er víst að gripur sem þessi bræðir hjarta kaffi- og tónlistarunnenda. Eins bolla kanna kostar 4.665 krónur en þriggja bolla kanna er á 4.990 krónur.

Hjartakannan Cuor di Moka frá Bialetti er líka sniðug og virkar aðeins öðruvísi en hin hefðbundna kaffikanna. Þegar kaffið byrjar að koma upp í efri partinn lyftist hjartað og síðan stjórnar kannan magninu sem kemur upp. Rörið sem kaffið kemur úr lokast þegar hjartað er komið í ákveðna hæð. Þannig fer ekki allt vatnið upp í gegn og er alltaf smá eftir í neðri partinum. Þar af leiðandi á aldrei að vera neitt botnfall í kaffinu. Ventillinn aftan á flautar þegar kaffið er tilbúið.

Þriggja bolla kanna kostar 7.950 krónur. Svona sæt hjartakanna er tilvalin gjöf handa elskendum og ástvinum. *- hs*



Tónlistar- og hjartakönnurnar ylja jafnt kroppi sem anda. MYND/WWW.TEOGKAFFI.IS



Silfur og hvítt saman er látlaus en falleg jólaskreyting og minnir á snjó og stjörnum prýddar nætur.

# Hvít fjölbreytni

**Margir eiga í fórum sínum hvíta matardiska sem gaman getur verið að poppa upp með hugmyndaflugi í skreytingum.**

Þó svo leirtauið sé hvítt er ástæðulaust að matarborðið sé ávallt í einföldum, hvítum klausturstíl. Auðvelt er að lífga upp á hvíta leirtauið með ýmsu móti og gefur það í raun fleiri möguleika í skreytingum þegar grunnurinn er stílhreinn.

Borðmottur fást með fjölbreyttu mynstri og í ótal litum. Einfalt er að leggja línurnar út frá fallegri borðmottu en það má ekki síður gera með veglegri munnþurrku. Lifandi blóm eru ávallt heillandi og geta auk þess verið gjöf til gesta. Kertastjakar setja fallegan svip á matarborðið og glös er auk þess hægt að nálgast í ýmsum útfærslum. Dúkar og löberar eru sniðugir til að hrista upp í umhverfi sínu. Þar má einnig velja um mismunandi mynstur og liti. Mestu máli skiptir að allir aukahlutir séu valdir af kostgæfni og tóni vel saman í litavali. Einnig er mikilvægt að ofhlaða ekki borðið því það eitt og sér gæti valdið meltingartruflunum frekar en að skapa skemmtilega stemmningu. *- hs*



Munnþurrka í lit og fallegt blóm eru rómantísk borðskreyting sem passa vel með hvítu leirtaui. NORDICPHOTOS/GETTY


Póstkassar, bréfalúgur, dyrahamrar og húsnúmer



MARGAR GERÐIR

Brynja

Laugavegi 29 • Sími 552 4320
www.brynja.is • brynja@brynja.is



Er kalt á toppnum?



Rafmagnshitarar
-sumarbústaðir
-köld svæði
-skúrar

Kreppuverð!

ís-húsið

Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogi - 566 6000

netverslun ishusid.is





ELDHÚS BAÐ FATASKÁPAR ÞVOTTAHÚS

INNRÉTTINGATILBOÐ

SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF

KAUPAUKI

Pottasett fyrir spanhellur ( verðmæti kr. 20.000 ) Þegar þú verslar við okkur fyrir a.m.k. kr. 500.000 færð þú vandað STÁLPOTTA-SETT í kaupbæti.

NÚ ER LAG AÐ GERA GÓÐ KAUP. NOTAÐU TÆKIFÆRIÐ OG NÝJA INNRÉTTINGIN VERÐUR TILBÚIN TÍMANLEGA FYRIR JÓL.

AF ÖLLUM NETTOLINE INNRÉTTINGUM 25% AFSLÁTTUR TIL 15. NÓVEMBER

BETRI STOFAN

25% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM, ÞEGAR ÞAU ERU KEYPT MEÐ INNRÉTTINGU !

ELDAVÉLAR - INNBYGGINGAROFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR - HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR

OPIÐ
Mán. - föst.kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

ELBA scan SNAIGE Westinghouse

NÝ VEFSÍÐA - VELKOMIN 24/7
www.friform.is

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

# ALLTAF BETRA VERÐ

## HÝSINGAR OG MARGMIÐLUNARSPILARAR Á FRÁBÆRU VERÐI

### MP-303
**MARGMIÐLUNARSPILARI**

Tengdu spilarann beint við sjónvarpið og horfðu á kvikmyndir, ljósmyndir og hlustaðu á tónlist. Spilar MPEG, AVI, VOB, ISO, DivX, XviD, WMA, WAV, MP3, AC3, OGG Vorbis og JPG. Virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar. Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum




**19.990**




### SAROTECH 570X
HD Margmiðlunarspilari með HDMI tengi og netkorti

**39.990**




### SAROTECH 254
Smár 2.5" margmiðlunar-spilari með FM sendi

**8.990**




### 160GB PASSPORT
160GB 2.5" ferðaflakkari sem er til í 3 litum

**14.990**




### 500GB MY BOOK
MyBook Home Edition hýsing með USB, FW og eSata tengi

**21.990**




### ICY BOX IB-221
ICY BOX 2.5" SATA hýsing kemur í 3 litum, USB 2.0

**2.990**




### PLANET NAS-7100
Nethýsing, innb. prentþjón, USB Uplink, FTP og Torrent

**16.990**




### ICYBOX IB-266
2.5" SATA hýsing með dokku eSata/USB2

**4.990**




### ICY BOX IB-390
3.5" SATA hýsing með eSata og USB 2.0 tengi

**4.990**



WD Western Digital®

### 320GB
**PASSPORT FERÐAFLAKKARI**

Glæsilegur Passport ferðaflakkari frá Western Digital, með hraðvirkum og hljóðlátum 320GB hörðum disk. Fæst í tveimur litum, svörtum, og hvítum. USB 2.0 tengi tryggir hraðan gagnaflutning

**21.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

**MIKE NICHOLS LEIKSTJÓRI FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1931.**

*„Það fyllir mig orku að vera taugaspenntur. Þegar ég finn ekki fyrir spennunni, er afslappaður, fer ég að hafa áhyggjur.“*

***Mike Nichols fékk Óskarsverðlaun fyrir myndina The Graduate. Aðrar myndir sem hann hefur leikstýrt eru til að mynda Who´s Afraid of Virginia Woolf, Primary Colors og Charlie Wilsons´s War.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. NÓVEMBER 2005

## *Vilhjálmur varð efstur í prófkjöri*



Vilhjálmur Vilhjálmsson varð efstur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar árið 2006. Hann háði harða baráttu við Gísla Martein Baldursson um efsta sætið. Gísli hafnaði í þriðja sæti en í öðru sæti varð Hanna Birna Kristjánsdóttir, núverandi borgarstjóri. Metþátttaka var í prófkjörinu en alls tóku þátt um 12.000 manns.

Vilhjálmur hafði setið í borgarstjórn frá 1982. Hann var enn fremur formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 1990-2006. Hann er lögfræðingur að mennt. Oft hafði komið til tals á tíunda áratugnum að hann myndi leiða Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórnarkosningum en aldrei hafði orðið úr því.

Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006 bætti Sjálfstæðisflokkurinn við sig einum manni og mynduðu Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn meirihluta í borgarstjórn. Sú stjórn sat við völd í sextán mánuði. Síðan tóku við fleiri meirihlutastjórnir en frá því í ágúst 2008 hafa Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn á ný myndað meirihluta. Hanna Birna er borgarstjóri en Vilhjálmur er forseti borgarstjórnar.

## MERKISATBURÐIR

**1796** Dómkirkjan í Reykjavík er vígð. Hún var átta ár í byggingu og var síðan endurbyggð 1848 og endurbætur gerðar 1879.

**1861** Jefferson Davis er kjörinn fyrsti forseti Suðurríkja Bandaríkjanna. Hann er sá eini sem hefur gegnt því embætti.

**1943** Sovétmenn endurheimta Kænugarð. Áður en Þjóðverjar yfirgefa borgina eyðileggja þeir fornar byggingar hennar.

**1944** Plúton er framleitt í fyrsta sinn. Það er síðan notað í sprengjuna á Nagasaki.

**1999** Ástralar ákveða í þjóðaratkvæðagreiðslu að tilheyra áfram Breska samveldinu í stað þess að gerast lýðveldi.

## AFMÆLI



**KATRÍN FJELDSTED,** læknir og fyrrverandi alþingismaður, er 62 ára.



**MARIA SHRIVER** fjölmiðlakona er 53 ára.



**ETHAN HAWKE** leikari er 38 ára.



**EINAR BOLLASON** hestamaður er 65 ára.



Opið er frá klukkan 12 til 18 virka daga í jólabúð UNICEF en líka á laugardögum frá og með aðventu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÓR

## *Opnaði jólaverslun í gær*

UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, opnaði jólabúð á Laugavegi 42 í gær. Í búðinni er hægt að kaupa jólakort, leikföng og gjafavörur, en allur ágóði rennur til Barnahjálpar SÞ. „Um leið og þú gleður ástvini með jólakorti eða gjöf úr búðinni ertu líka að styrkja UNICEF,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri Barnahjálparinnar.

Verslunin verður opin frá klukkan 12 til 18 alla virka daga en einnig á laugardögum frá og með aðventu. Þá verður hægt að kaupa jólakort UNICEF í verslunum Pennans og Eymundssonar og víðar.

**ÓLÖF ÁSTA FARESTVEIT FORSTÖÐUMAÐUR:** FAGNAR TÍU ÁRA AFMÆLI BARNAHÚSS

# Mikilvægt að safna þekkingu

„Það er mikið búið að gerast á þessum tíma. Málin hafa þróast og starfsemin aukist frá því upp var lagt fyrir tíu árum. Þá höfðu menn ekki trú á að þetta yrðu meira en 40 til 50 mál á ári. Reynslan hefur sýnt annað þar sem málin eru í dag komin upp undir 300, þrátt fyrir að við höfum þrengt rammann um þau mál sem koma hingað inn,“ segir Ólöf Ásta Farestveit, uppeldis- og afbrotafræðingur og forstöðumaður Barnahúss. Húsið hóf starfsemi í nóvember árið 1998 og var tíu ára afmæli fagnað 1. nóvember síðastliðinn. Hefur 2001 barn notið þjónustu Barnahúss.

Rekstur Barnahúss er á vegum Barnaverndarstofu sem fer með stjórn barnaverndarmála í umboði félagsmálaráðuneytisins. Barnahús sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Hlutverk Barnahúss er í raun fjórþætt.

„Í fjölmiðlum er mest fjallað um einn lið, skýrslutöku fyrir dómi af börnum sem sætt hafa kynferðisofbeldi en við vinnum með börnum alveg í átján ára. Síðan tökum við líka könnunarviðtöl fyrir barnaverndaryfirvöld ef grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi en barnið hefur til dæmis ekki tjáð sig á einhvern hátt, málið er óljóst eða gerandinn er undir sakhæfisaldri sem er fimmtán ára. Þetta eru sambærileg viðtöl og skýrslutökurnar og eru eins uppbyggð með sömu aðferðafræði. Síðan er læknisskoðun hér sem framkvæmd er af teymi frá Landspítalanum og börn fá meðferð í Barnahúsi.“

Markmiðið með Barnahúsi er að börn fái alla þjónustu undir einu og sama þakinu þannig að þau þurfi ekki að fara á marga staði eða tjá sig oftar en einu sinni um kynferðisofbeldi, eins og var fyrir tilkomu Barnahúss. „Þetta er allt gert til að reyna að létta börnunum róðurinn eins og kostur er,“ segir Ólöf einlæg og heldur áfram: „Síðan er líka partur af okkar starfi að fræða bæði fagfólk og almenning um kynferðisofbeldi, hvernig á að bregðast við og annað slíkt. Eftir að Barnahús kom til sögunnar hefur þekking orðið miklu meiri og þar af leiðandi hafa fleiri mál verið tilkynnt en áður. Ég hef ekki trú á að kynferðisbrotum sé að fjölga heldur að þau séu í auknum mæli að koma upp á yfirborðið þar sem fólk er orðið mun meðvitaðra og bregst fyrr við.“



**VEKUR ATHYGLI** Barnahús hefur vakið athygli erlendis og hefur víða verið fyrirmynd slíkra húsa. Ólöf Ásta Farestveit, forstöðumaður Barnahúss, segir að á síðustu tíu árum hafi safnast mikil þekking hvað varðar kynferðisafbrot gegn börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Barnahús hefur víða vakið athygli erlendis og orðið fyrirmynd og kveikja að stofnun slíkra húsa í tíu borgum í Svíþjóð og fimm í Noregi. „Við höfum fengið verðlaun erlendis fyrir þessa hugmynd og náð að breiða hana út víðar. Við erum því að mörgu leyti frumkvöðlar. Líkanið kemur þó upphaflega frá Houston í Texas en við höfum aðlagað það íslenskum aðstæðum og lagaumhverfi sem er svipað og á Norðurlöndunum,“ útskýrir Ólöf og nefnir að Barnahús búi yfir stórum og miklum gagnagrunni þar sem finna má dýrmætar og fjölbreyttar upplýsingar. Í tilefni af tíu ára afmæli Barnahúss efndi Barnaverndarstofa til málþings með forsvarsmönnum Barnahúsa í Noregi og Svíþjóð til að deila reynslu og ræða samstarf þeirra í framtíðinni. „Við vorum líka með yfirmann allra barnahúsa í Bandaríkjunum, Chris Newlin, en þar eru yfir 700 barnahús. Við erum að reyna að skapa tengslanet, í það minnsta milli Norðurlandanna, þar sem við erum með mjög svipaðan gagnagrunn. Þá getum við séð hvers eðlis brotin eru á Íslandi og hvort það sé einhver marktækur munur á milli landanna. Við ákváðum að hittast einu sinni á ári til að bera saman bækur okkar,“ segir Ólöf kappsöm en auk málþings var haldin afmælishátíð í Þjóðmenningarhúsinu. **hrefna@frettabladid.is**



†

*Mín ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Ester Óskarsdóttir**

Kirkjuveg 20 ( Gamló ), Vestmannaeyjum,

verður jarðsunginn laugardaginn 8. nóv. kl. 14 frá Landakirkju í Vestmannaeyjum.

**Brynjar Karl Stefánsson**
**Óskar Freyr Brynjarsson** **Ólafía Birgisdóttir**
**Dóra Kristrún Brynjarsdóttir** **Magnús Matthíasson**
**barnabörn og systkini.**




**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**

Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is




†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Gunnar Einarsson**

frá Núpi, Berufjarðarströnd,

andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Uppsölum, Fáskrúðsfirði, 5. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Einar Jóhann Gunnarsson** **Aðalheiður Jónsdóttir**
**Hólmar Viðir Gunnarsson** **Jarþrúður Baldursdóttir**
**Sigurður Borgþór Gunnarsson** **Hrafnhildur S. Þórarinsdóttir**
**Svavar Júlíus Gunnarsson** **Sigríður H. Georgsdóttir**
**Ómar Valþór Gunnarsson** **Guðleif S. Einarsdóttir**
**Þuríður Ósk Gunnarsdóttir** **Steinar Þ. Ólafsson**
**Stefán Benedikt Gunnarsson** **Hólmfríður S. Pálsdóttir**
**Björgvin Rúnar Gunnarsson** **Vilborg Friðriksdóttir**
**og fjölskyldur.**

†

*Elskuleg móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Björg Erlingsdóttir**

Grýtubakka 22, Reykjavík,

lést sunnudaginn 2. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 10. nóvember næstkomandi kl. 15.00.

**Ellen Ásthildur Ragnarsdóttir** **Friðþjófur Bragason**
**Þorkell Ragnarsson**
**Kristín Þórdís Ragnarsdóttir** **Sigurjón Sigurjónsson**
**Ingunn Ragnarsdóttir** **Símon Wiium**
**Guðmundur Birgir Ragnarsson** **Betty Stefánsdóttir**
**Soffía Ragnheiður Ragnarsdóttir**
**Ásþór Ragnarsson** **Kolbrún Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






Magnús Geir Þórðarson
er markaðsmaður
ársins 2008

# Tvöfalt húrra!

**Auglýsingastofan Fíton** og **Auglýsingamiðlun** óska viðskiptavinum sínum, Vodafone og Magnúsi Geir Þórðarsyni, leikhússtjóra Borgarleikhússins, til hamingju með þær viðurkenningar sem ÍMARK, félag íslensks markaðsfólks, veitti þeim. Vodafone var eitt af þremur fyrirtækjum sem tilnefnt var sem **markaðsfyrirtæki ársins 2008** og Magnús Geir var valinn **markaðsmaður ársins**. Við erum stolt af því að hafa tekið þátt í þessari árangursríku vinnu með Vodafone og Borgarleikhúsinu á árinu sem er að líða og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Vodafone var tilnefnt
sem markaðsfyrirtæki
ársins 2008

am FÍTON

Auglýsingamiðlun · Garðastræti 38 · Sími 520 9200 · am.is | Auglýsingastofan Fíton · Garðastræti 37 · Sími 595 3600 · fiton.is



**Þögult þungarokk**
Ef þú setur þessi heyrnartól á þig geturðu látið gamminn geysa og sett allt á fullt án þess að nokkur annar heyri. Fást líka í svörtu. **400** krónur.



**Syngdu, býfluga, syngdu!**
Hljóðnemi fyrir söngelska jólakrakka og umburðarlynda foreldra. Tvö tengi fylgja með. **800** krónur.



**Snertu mig! Elskaðu mig!**
Þessi lampi lýsist upp þegar þú snertir hann. Ef þú snertir hann aftur breytist ljósmagnið – hann hefur þrjár ljósstillingar. Það er tilfinningagreind í lagi!
**1600** krónur.



**Fjarstýring á allt**
Eða næstum allt. Þú getur ekki stýrt tímanum með þessarri en hún virkar á flest sjónvörp, spilara og afruglara. **600** krónur.

**TIGER**
**Villidýr á verði**

**Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri**

**Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is**




# *Unga fólkið og eldhússtörfin*



**NOKKUR ORÐ**
**Sigríður Björg Tómasdóttir**



Hrísgrjónagrautur hefur löngum verið í miklu uppáhaldi hjá mér og þeim mun skrítnara hvað ég hef verið ódugleg að matbúa þann ágæta rétt svo saðsamur og bragðgóður hann nú er. Fyrir skemmstu ákvað ég þó að hafa graut í kvöldmatinn fjölskyldumeðlimum til mikillar ánægju. Ég var nú samt í nokkrum vandræðum þegar ég hafði dregið fram grjón, mjólk og vatn, var fyrirmunað að muna hlutföllin í góðum graut, ef ég hef þá nokkurn tíma kunnað þau. En þá var nú lag að ná í matreiðslukverið Unga fólkið og eldhússtörfin sem ég hafði sem kennslubók í heimilisfræði á níunda áratugnum. Ég vissi sem var að í þá bók er gott að leita þegar maður þarf uppskriftir að einföldum heimilismat eins og sagt er.

Að grautarmáltíð lokinni fór ég að fletta kverinu og það er stórskemmtilegt að sjá hve matarvenjur hafa breyst mikið með stórauknu vöruúrvali. Bókin kom út 1980 og hráefnið sem er í uppskriftunum ber þess óneitanlega merki, ekki bólar á ólífuolíu í bókinni, smjörlíki hins vegar í annarri hverri uppskrift, klettasalat og framandi ávextir eru fjarverandi, gulrætur og hvítkál hins vegar mikið notuð.

Í ljósi kreppu og dýrtíðar tel ég mig nokkuð sniðuga að hafa varðveitt bókina í rúm 20 ár, ég efast ekki um að ég mun elda meira úr henni á næstunni en ég hef gert hingað til. Og þó að uppskriftirnar séu ekki nútímalegar þá eru ráðleggingar sem lesa má í bókarbyrjun klassískar en þar segir að til að forðast velmegunarsjúkdóma á borð við offitu og tannskemmdir þá sé gott að hafa eftirfarandi í huga: Að borða fjölbreytt fæði, borða grófmeti, nota sykur í hófi, borða litla fitu og að lokum; borða ekki of mikið – vegna þess að offita stafar oftast af ofáti. Skynsamlegt ekki satt?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Ostborgara Tilboð!
aðeins
590
Ostborgari, franskar, 0.5L
Coca-Cola
SNÆLAND VIDEO
Reykjavík / Kópavogur / Hafnarfjörður / Mosfellsbær / Selfoss

**!** **kl. 20.**

*Gleymdu þér andartak – Upplestur á Te & kaffi á annarri hæð bókabúðar Máls og menningar við Laugaveg. Lesið verður úr Myrká eftir Arnald Indriðason. Guðmundur Magnússon les úr riti sínu, Nýja Ísland. Þorsteinn frá Hamri les úr ljóðabók sinni, Hvert orð er atvik. Jónína Leósdóttir les úr unglingabókinni Svart & hvítt. Að lokum les Árni Óskarsson úr þýðingu sinni á Nafn mitt er Rauður eftir Nóbelsskáldið Orhan Pamuk. Sem sagt; glæpir, stjórnmál, ljóð, unglingar og fagurbókmenntir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Ímyndun, ímynd og sjálfsmynd

Í kvöld heldur áfram umræðan um hvað við erum, hvað við viljum vera og hvað við þykjumst vera. Í ReykjavíkurAkademíunni Hringbraut 121, 4. hæð verður fundað um fallvaltar ímyndir lands og þjóðar eftir „hrunið“. Þátttakendur verða Árni Finnsson, Björn Friðfinnsson, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Þorfinnur Ómarsson og Þorgerður Þorvaldsdóttir. Í stuttum erindum munu þátttakendur í umræðunum fjalla um hvernig ímyndir um Ísland hafa birst varðandi alþjóðaviðskipti og -stjórnmál, jafnréttismál, listir og menningu og ferðamál, hvernig brugðist hafi verið við þessum ímyndum og hvort og hvaða áhrif megi vænta að „hrunið“ hafi á þessi viðhorf. Hjálmar Sveinsson hefur stjórn á umræðunni og gerir athugasemdir og stýrir almennum umræðum eftir erindin.

Nú er sá tími upprunninn að ræða verður hvað hefur ráðið í ímyndarsköpun þjóðarinnar: hvernig komum við fram á alþjóðavettvangi – hvað þykjumst við vera – og hvað erum við? Fundurinn í kvöld er einn af mörgum vettvöngum sem eru að opnast hvar sem menn koma saman og leiða þá fljótt hugann að því sem fór miður og hvað er þá til ráða. Mikilvægasta umræða lýðveldistímans er hafin. Fundurinn hefst kl. 20 í kvöld og er áætlað að hann standi í tvær klukkustundir en umræðan heldur áfram. - pbb



**ÞJÓÐARÍMYNDIN** Hjálmar Sveinsson leiðir skoðanaskipti á fundi í kvöld.

### > Ekki missa af

Ljósvakaljóðum — stuttmyndahátíð unga fólksins sem hefst kl. 15 í Norræna húsinu í dag. Alls bárust 46 stuttmyndir í keppnina í ár og er það met frá fyrri árum. Tíu myndir af 46 verða svo sýndar um kvöldið. Hlýtur besta myndin 75.000 króna peningaverðlaun og bók frá Eymundsson. Á dagskránni eru líka pallborðsumræður með Óskari Jónassyni leikstjóra, Elísabetu Ronaldsdottur klippara og Ottó G. Borg, handritshöfundi.



**MYNDLIST** Guðrún við uppsetningu verka sinna í Gallerí i8 í gær. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

## Guðrún á sýningu og bók

**Nú síðdegis opnar Guðrún Einarsdóttir sýningu í Galleríi i8 þar sem hún sýnir ný verk. Eru tvö ár síðan Guðrún sýndi málverk sín í Reykjanesbæ. Í dag kemur einnig út glæsileg bók um listamanninn.**

Bókin er fyrsta verkið í ritröð Listasjóðs Dungal um íslenska samtímalistamenn og gefin út af bókaútgáfunni Crymogea með stuðningi sjóðsins en sjóðurinn hefur á áætlun sinni að styrkja útgáfu bókverka um lifandi listamenn í framvarðarsveit myndlistar hér á landi.

Viðfangsefni verka Guðrúnar eru frumþættir náttúrunnar, orkuferli og birting hennar. Hún beitir þróuðum aðferðum sínum í meðferð lita til að skapa verk sem eru á jaðri naumhyggjunnar með síendurteknum formum sem þó mynda ekki mynstur og hafa áferð sem glæðir verkin dýpt. Guðrún hefur allt frá 2000 verið í samstarfi við i8 og sýndi þar síðast 2003. Hún á að baki hátt í þrjátíu einkasýningar en hefur auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga gegnum árin. Guðrún stundaði nám við Myndlistarskólann í Reykjavík og síðan Myndlista- og handíðaskólann. Hún sótti sér framhaldsmenntun í Listaháskólanum 2000 og 2001. Verk hennar eru víða í opinberri eigu. pbb@frettabladid.is

## Minning um Þorgeir

Í kvöld verður samkoma í Iðnó til minningar um Þorgeir Rúnar Kjartansson (1955-1998) skáld, saxófónleikara og myndlistarmann. Tilefni er útgáfa Óðs eilífðar, heildarsafns ljóða Þorgeirs auk listaverka eftir höfundinn og níu aðra myndlistarmenn. Á samkomunni verða ljóð Þorgeirs flutt með leikrænum lestri, söng og tónlist og fjölmargir listamenn koma fram: þeirra á meðal Ófeigur Sigurðsson, Guðmundur Andri Thorsson, Marta Guðrún Halldórsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Rúnar Guðbrandsson og Kór byltingarinnar.

Dagskráin verður afar fjölbreytt og nær hámarki með flutningi Veðraspárinnar, heimsósómakvæðis eftir Þorgeir, og tónverks eftir Hópreið lemúranna. Hljómsveitin sem skipuð er nokkrum félögum úr Júpíters flytur þetta kraftmikla sérkennilega verk ásamt Kór byltingarinnar og Rúnari Guðbrandssyni leikara sem fer með hlutverk Veðraspámannsins. Innan Hópreiðar lemúranna starfa margar minni hljómsveitir sem taka fyrir mismunandi kafla hinnar mögnuðu heimsádeilu Þorgeirs. Í Veðraspánni segir: allt finnst oss betra en bleyðunnar kelda/örvænting skárri en skapleysið slétta og fellda/

já örvænting skárri en yfirborðsleikur í logni/samkvæmt fyrirmælum frá æðstaráði smásálna,/tíðarandagift frekra meðalmenna, riddara uppvöðslunnar, tilfinningadoðans, útrásar- og ástarsnobbs, gjamms og gulra hugsana …

Tónlistarstjóri kvöldsins er Hörður Bragason og dagskrárstjóri er Rúna K. Tetzschner. Bók og tónleikar – er samstarfsverkefni fjölda listamanna og vina Þorgeirs Rúnars Kjartanssonar, myndað kringum útgáfu á verkum hans. Óður eilífðar felur í sér ljóðlist, myndlist og tónlist og nær hámarki í tónleikunum í Iðnó við útkomu bókarinnar.

Þorgeir, oft nefndur Goggi meðal vina, var sagnfræðingur og kennari og fjölhæfur listamaður sem meðal annars lék á saxófón og stofnaði hljómsveitina Júpíters. Hann orti einnig, teiknaði og málaði og hefur ljóðum hans og myndum verið safnað saman í bókinni Óði eilífðar. Megnið af efninu hefur ekki komið út áður. Í ljóðagerð sinni sækir Þorgeir jafnt í hið gamla sem hið nýja af listfengi og hugkvæmni. Ljóð hans spanna sárbeittustu ádeilu, dýpstu trúarinnlifun, óvægnasta níð, innilegustu ástartjáningu, – og allt þar á milli. Þau sýna mikla breidd ljóðskáldsins og eiga brýnt erindi til samtímans. Ljóð Þorgeirs berast íslensku þjóðinni á ögurstundu. Þau hafa sjaldan eða aldrei átt betur við en einmitt á þeim viðsjárverðu tímum sem nú ganga í garð. Ljóðunum er fylgt úr hlaði með inngangi eftir Guðmund Andra Thorsson og Rúnu K. Tetzchner sem jafnframt er ritstjóri bókarinnar. pbb@frettabladid.is



**BÓKMENNTIR** Þorgeir Rúnar Kjartansson (1955-1998) skáld, saxófónleikari og myndlistarmaður.










# 225 MILLJÓNIR EINTAKA!



John Grisham er einn vinsælasti spennusagnahöfundur allra tíma – meira en 225 milljónir eintaka hafa selst af bókum hans. Áfrýjunin fór beint á toppinn á metsölulistum vestan hafs. Níu hæstaréttardómarar munu dæma í umdeildu máli risafyrirtækis í Missisippi. Er hægt að skipta um einn þeirra áður en dómur fellur?

Veröld

# Kiri með námskeið

Ein dáðasta óperusöngkona okkar tíma, Kiri Te Kanawa, heldur söngnámskeið á vegum Söngskólans í Reykjavík þessa dagana. Námskeiðið skiptist í einkatíma og opna kennslutíma, „masterklass“, þar sem söngvarar fá tilsögn og kennslu frammi fyrir áheyrendum. Kl. 10-13 alla námskeiðsdagana verður opin kennslustund þar sem fimmtán söngvarar njóta leiðsagnar Kiri te Kanawa og eru allir áhugasamir boðnir velkomnir. Kennsla fer fram í Tónleikasal Söngskólans, Snorrabúð, Snorrabraut 54, gömlu Mjólkurstöðinni, í Reykjavík. Hér gefst einstakt tækifæri áhugamönnum um söng að sjá hina heimsþekktu söngkonu að störfum við leiðbeiningar í tækni og túlkun. **-pbb**



**TÓNLIST** Kiri Te Kanawa.


KLASSÍK Í HÁDEGINU
GERÐUBERG OG VON 2008-2009

**Fimmtudagur 6. nóv.** í Gerðubergi kl. 12:15
**Föstudagur 7. nóv.** í Von kl. 12:15

**MOZART (1756-1791)**
Adagio KV. 546 (1788) &
Fúga KV. 426 (1782-83)

Sónata KV. 448 (375a) (1781)
Allegro con spirito – Andante – Molto Allegro

Peter Máté, *píanó*
Nína Margrét Grímsdóttir, *píanó*



GERÐUBERG
www.gerduberg.is – Sími 575-7700 – gerduberg@reykjavik.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað
fim. 6/11, fös 7/11 **uppselt**

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning í Kassanum. ★★★★, JVJ DV
**Aðeins fjórar sýningar eftir**

Ástin er diskó, lífið er pönk
Hallgrímur Helgason
lau. 8/11, uppselt, **síðasta sýning**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
sun. 9/11, **örfá sæti laus**
**Sýningum að ljúka**



Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!
sun. 9/11
**Sýningum að ljúka**

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Fimm sýningar á Smíðaverkstæðinu í nóvember
**Örfá sæti laus**

www.leikhusid.is


# Maður sem dó of snemma

Stieg Larsson skrifaði í upphafi þessarar aldar þrjá reyfara og kom þeim til útgefanda í heimalandi sínu Svíþjóð. Erfiðlega gekk að fá þá útgefna enda óvanalegt að höfundur legði fram í einum pakka þrjú samtengd verk sem ofan í kaupið voru hvert um sig vel yfir 500 síður, það síðasta raunar hátt í 700 síður.

Stieg var velmetinn blaðamaður og ritstjóri tímarits, hann var manna kunnugastur á Vesturlöndum um fasíska hópa hægri öfgamanna í álfunni og tengsl þeirra við fjármagn og stjórnvöld. Nú fór það svo að Stieg lést áður en fyrsta bókin kom út, Karlar sem hata konur, eins og hún er kölluð í þýðingu Höllu Kjartansdóttur. Milennium-þríleikurinn, eins og verkið er kallað, varð metsöluverk, bæði í Svíþjóð og Danmörku, hefur selst í miljónum eintaka og fer nú sigurför um heiminn.

Stieg skrifaði verkin þrjú inn í kunnuglegan heim sakamálasagna, en öll lýsa þau baráttu blaðamannsins Mikaels Blomquist við rannsókn á glæpamálum sem eiga sér langa forsögu. Við rannsókn sína nýtur hann aðstoðar Lisu Salander, ungrar konu á þrítugsaldri sem á sér hörmulega forsögu og er gædd einstökum hæfileikum í aðleiðslu og rannsókn á tengslum í samfélaginu gegnum vefheiminn. Lisa er hakkari, afburðakona í tölvuheimum, sem virðir enga múra og brýst inn á helg svæði, grefur upp trúnaðargögn og leggur þau saman. Saman mynda þau spennandi par sem er ólíkt í flestu, stéttarstöðu, mannlegum samskiptum og afstöðu til lífsins.



**BÓKMENNTIR** Stieg Larsson féll frá á besta aldri áður en Milennium-bálkur hans birtist lesendum sem nú skipta miljónum.

Bækurnar þrjár eru nánast skyldulesning hverjum þeim manni sem hefur yndi af afþreyingu sakamálasagna. Þær eru allar þrjár hörkuspennandi, samdar í stuttum köflum þar sem atburðarásin þeysist milli margra sviða og framvindan er hröð og hver kafli endar á toppi í upplýsingargjöf og atburðarás.

Persónulýsingar þeirra Mikaels og Lísu og reyndar fleiri einstaklinga sem hér koma við sögu eru að vísu nokkuð klisjukenndar. það er helst að sú andfélagslega unga kona sem Stieg smíðar sé merkileg nýjung í reyfaraheimum, bæði vegna forsögu sinnar, sem verður meginefni annars og þriðja bindis verksins, og eins vegna tæknilegrar aðkomu persónunnar að tölvum og vefheimum.

Sögurnar eru vandlega plottaðar, kirfilega settar niður í sænskum nútíma og félagslegu umhverfi Svíþjóðar. Brotin eru framin í skjóli auðs og misferlis með valdi sem teygir sig upp í efstu lög samfélagsins og eiga sér djúpstæðar rætur í kvenfyrirlitningu, kvenhatri má segja, sem drífur menn til óheyrilegra ofbeldisverka gagnvart konum. Pólitískt svið verkanna er því gagnrýnið í meira lagi. Persónur og sögusvið mörg og fjölbreytileg.

Nú er fyrsta sagan í þessum þríleik komin út á íslensku. Um söguþráð er hæfast að segja sem minnst til að spilla ekki lestrinum. Í kynningu forlags segir: „Blaðamaðurinn Mikael Blomkvist er dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir meiðyrði í garð viðskiptajöfursins Hans-Eriks Wennerström og ákveður í framhaldi af því að taka sér hlé frá störfum á tímaritinu Millennium. Um sama leyti fær hann einkennilega upphringingu. Henrik Vanger, fyrrum forstjóri hinnar voldugu Vangersamsteypu, vill ráða Mikael til þess að skrifa sögu fjölskyldunnar. Fljótlega kemur í ljós að fjölskyldusagan er yfirskin: hið raunverulega verkefni er að komast að því hvað varð um unga frænku forstjórans, Harriet, sem hvarf sporlaust fjörutíu árum fyrr.




**BÓKMENNTIR**
**Karlar sem hata konur**
eftir Stieg Larsson
Þýðandi: Halla Kjartansdóttir
Bjartur 2008.

★★★

Toppreyfari eftir snjallan höfund.

Mikael Blomkvist er tregur til, en tekur að sér verkefnið. Honum til aðstoðar er ung kona, Lisbeth Salander, mjóslegin, náföl og tattúveruð, frábær rannsakandi og tölvuséní.“

Nú vænkast því hagur þeirra sem hafa áhuga á hröðum framgangi norrænu sakamálasögunnar hér á landi sem treysta sér ekki í lestur þeirra á dönsku, norsku eða sænsku. Enn vantar samt mikið upp á að hér séu aðgengilegir í þýðingum allir þeir sem vinna á þessum vettvangi þótt Mankell, Fossum, Marklund og Lackberg séu komin í þýðingar. Þetta er merkileg hreyfing og er langt síðan norrænir höfundar hafa sótt fram jafnvíða og nú. Í þeirri bylgju eru okkar menn og fer Arnaldur þar fremstur. Þýðing Höllu á Körlum sem hata konur er vandlega unnin og hér er komið á íslenskan markað stöff sem enginn áhugamaður um sakamála- og spennusögur ætti að láta fram hjá sér fara. **Páll Baldvin Baldvinsson**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 6. nóvember 2008**

### ➜ Fyrirlestrar

**12.05 Rósabekkir og bókahnútar í prentverkum fyrri alda** Kristín Bragadóttir heldur fyrirlestur í fyrirlestrasal Þjóðabókhlöðunnar, Arngrímsgötu 3.

### ➜ Söngstund

**19.00 Söngstund verður í sal Tónlistarskólans á Akureyri** á fimmtudögum fram að jólum en þá gefst fólki tækifæri til að syngja íslensk lög við píanóundirleik Daníels Þorsteinssonar. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir. Tónlistarskólinn á Akureyri, Hvannavöllum 14.

### ➜ Tónlist

**12.00 Tilfinningasúpa** Edda Austmann sópran og Antonía Hevesi píanóleikari flytja verk eftir Mozart, Donizetti og Verdi á hádegistónleikum í Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði.

**12.15 Hádegistónleikar** Nína Margrét Grímsdóttir og Peter Máté píanóleikarar flytja verk fyrir tvö píanó eftir Mozart í Menningarmiðstöðinni Gerðuberg, Gerðubergi 3-5.

**16.00 Jazzakademían** Tríó Björns Thoroddsen & Andrea Gylfadóttir verða með tónleika á Háskólatorginu, Sæmundargötu 4.

**20.00 Tónleikar í Bústaðakirkju**, Tunguvegi 25 Fram koma **Glæðurnar**, kór kvenfélags Bústaðakirkju og **Litli kórinn** undir stjórn Ingu Backman og Arnhildar Valgarðsdóttur. Hjörleifur Valsson fiðluleikari mun ásamt Ingu og Arnhildi flytja lög eftir Jakob Hallgrímsson.

### ➜ Viðburður

**20.00 Óður til eilífðar** Hátíðardagskrá tileinkuð Þorgeiri Rúnari Kjartanssyni skáldi, saxófónleikara og myndlistarmanni í Iðnó, Vonarstræti 3. Nánari upplýsingar www.idno.is.

### ➜ Útgáfutónleikar

**21.00 JP3 tríó** verður með útgáfutónleika í Café Rósenberg við Klapparstíg. Einnig kemur fram Kvartett Q. Það er Jazzklúbburinn Múlinn sem stendur fyrir þessum viðburði.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**







# Arnaldur beint á toppinn með Myrká






**MYRKÁ** Bók Arnaldar Indriðasonar fór beint á toppinn eftir aðeins fjóra daga í sölu.

Væntanlega kemur það engum á óvart að nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar, Myrká, skuli hafa hrifsað efsta sæti metsölulista Pennans sem birtur var í gær. Myrká fór í sölu fyrir aðeins fimm dögum og náði því efsta sætinu á fjórum dögum. Það sem gerir árangur Arnaldar enn merkilegri er að salan skuli hafa aukist um átta prósent á milli ára; eitthvað sem menn töldu nánast ógjörning miðað við það æði sem reið yfir þegar Harðskafi kom út. „Þetta er náttúrlega bara fjarstæðukennt,“ segir kampakátur Egill Jóhannsson hjá Forlaginu, útgefanda Arnaldar, þegar þessar tölur eru bornar undir hann. „Á fjórum dögum fer hann í fyrsta sætið og eykur söluna á milli ára um átta prósent. Þetta fer langt fram úr okkar væntingarvísitölu,“ heldur Egill áfram.

Hann þorir þó ekkert að segja til um framhaldið næstu daga, hvort að bókin haldi þar að segja þessum ótrúlega dampi. En segir söluna vissulega gefa góð fyrirheit um að jólin í ár verði meiri bókajól en undanfarin ár. „Annars er ómögulegt að spá fyrir um þetta. Þetta gefur okkur von um að bókin verði sterkari en undanfarin ár. Ef okkur tekst að halda henni í þessu horfi þá verður það mikill sigur fyrir okkur.“ **- fgg**

# Palli mótmælir og heldur barnaball



**MÓTMÆLIR Í SILFURGALLA** Páll Óskar hefur verið duglegur að mótmæla á Austurvelli. Á laugardaginn heldur hann ókeypis skemmtun á Nasa kl. 16.

„Mér finnst hressandi að mótmæli á Íslandi séu að færast í vöxt. Það eru fréttir á hverjum degi þess eðlis að maður hefur ástæðu til að fara út á götu að mótmæla. Skandalarnir verða bara verri og skíturinn dýpri. Það er samt eins og Íslendingar kjósi frekar að vera heima og láta aðra mótmæla fyrir sig. En það er smám saman að breytast. Við erum öll á sama báti, nema séra Jón.“ Hér talar ekki „kunnur andófsmaður“, heldur poppstjarna Íslands númer eitt, Páll Óskar Hjálmtýsson. Svona er Ísland í dag.

Palli er þó ekki reiður fyrir sjálfs síns hönd. „Nei, ég skulda ekki neinum neitt. Mig svíður bara að sjá gamalt fólk missa ævisparnaðinn sinn. Að það eigi að gjalda þess að ákveðnir einstaklingar gömbluðu með almannafé. Það á að vera sameiginlegt verkefni ríkisstjórnar, seðlabanka og útrásarvíkinga að borga þessu gamla fólki til baka.“

Páll Óskar er nú að gefa út Silfursafnið – „djúsí gjafapakka á sanngjörnu verði, tveir músikdiskar og einn DVD“ – og heldur útgáfutónleika á Nasa á laugardagskvöldið. Fyrr um daginn ætlar hann að halda ókeypis barna- og unglingatónleika á sama stað. „Húsið verður opnað klukkan 15.30 en ég byrja kl. 16. Fólk getur því mætt með krökkunum strax á eftir mótmælin og hresst sig við í hlýjunni og fengið sér frítt kók og súkkulaði.“ **- drg**

# *Fagnar tíu ára afmæli*



**GUITAR ISLANCIO** Tríóið Guitar Islancio fagnar tíu ára afmæli sínu með tónleikum í Salnum í Kópavogi.

Hljómsveitin Guitar Islancio fagnar tíu ára afmæli sínu með tónleikum í Salnum í Kópavogi á föstudag. Á þessum tíu árum hefur sveitin gefið út fimm plötur og leikið á tónleikum víða um heim, þar á meðal í Bandaríkjunum, Bretlandi, Kína, Japan og Þýskalandi.

Í sveitinni eru Björn Thoroddsen, Gunnar Þórðarson og Jón Rafnsson.

Verða nokkur af þekktustu lögum Gunnars á efnisskrá afmælistónleikanna, meðal annars Gaggó Vest, Harðsnúna Hanna og Ástarsæla. Einnig flytur sveitin nýtt efni í bland við eldra á tónleikunum, sem hefjast klukkan 21.00.





SPRENGJUHÖLLIN



TV ON THE RADIO

## > Í SPILARANUM

Sprengjuhöllin - Bestu kveðjur
The Clash - Live at Shea Stadium
BMV - The Beginning
Steini - Human Comfort
TV on the Radio - Dear Science

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Foo Fighters besta sveitin

Foo Fighters var kjörin hljómsveit ársins á verðlaunahátíð tímaritsins Classic Rock sem var haldin í London. Á sama tíma fagnaði tímaritið tíu ára afmæli sínu.

Rokkararnir í Whitesnake voru verðlaunaðir fyrir bestu plötuna, Good To Be Bad, og Ozzy Osbourne fékk heiðursverðlaun sem lifandi goðsögn tímaritsins. Slash, fyrrum gítarleikari Guns 'N' Roses, afhenti honum verðlaunin.

Paul Stanley, söngvari og gítarleikari Kiss, fékk verðlaun fyrir bestu frammistöðuna á tónleikum og ástralska hljómsveitin Airborne varð fyrir valinu sem besti nýliðinn.



**BESTA SVEITIN** Rokksveitin Foo Fighters var kjörin hljómsveit ársins af rokktímaritinu Classic Rock. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## > Plata vikunnar

The Viking Giant Show - The Lost Garden of the Hooligans

★★★

„Hressileg og skemmtileg rokkplata sem hefur yfir sér mjög alþjóðlegan blæ, en sérkenni vantar.“

-TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Kaflaskil í tónleikahaldi*

Það er margt gjörbreytt eftir þær efnahagshörmungar sem dunið hafa á íslensku þjóðinni síðustu vikur. Eitt af því er tónleikahald. Gengi íslensku krónunnar er orðið það ótryggt að það er varla að maður þori að kaupa geisladisk á netinu af ótta við verð hans í krónum þegar VISA-yfirlitið skilar sér. Í svoleiðis árferði eru fjárfrekir samningar í erlendri mynt langt fram í tímann augljóslega ekki alveg málið.

Það er stundum talað um að ástandið nú minni á áttunda áratuginn með óðaverðbólgu, gjaldeyrishömlum og dálæti á ABBA og Villa Vill. Ef fer sem horfir gæti ástandið hvað tónleikahald erlendra hljómsveita varðar einmitt líka orðið svipað og það var á þeim tíma. Þá komu ein eða tvær erlendar hljómsveitir á ári. Og enska léttrokksveitin Smokie spilaði á Listahátíð. Þjóðin gladdist yfir litlu.

Góðæri síðustu ára var kannski bara blekking, en ein af jákvæðum aukaverkunum þess þjóðarkvilla var mikil gróska í tónleikahaldi. Árin 2004-2007 voru hreint mögnuð og árið 2008 var líka ágætt framan af. Iceland Airwaves 2008 sannaði gildi þeirrar hátíðar enn einu sinni. Tónlistarveisla, gjaldeyrisinnspýting og jákvæð Íslandskynning allt í einum pakka. Airwaves verður haldin aftur að ári – annað væri óábyrgt – en hvað tónleikahald annarra erlendra listamanna varðar er útlitið vægast sagt dökkt. Og ekki stekkur aðili á borð við FL Group fram og niðurgreiðir miðaverð eins og á Noruh Jones-tónleikunum 2007. Sá tími er liðinn.

En þá er bara að vona að íslenskt tónleikahald blómstri sem aldrei fyrr. Það skynsamlegasta sem við sem þjóð getum gert eins og ástandið er í dag er að velja íslenskt. Það er grundvallaratriði. Það á við um mat, fatnað og hreinlætisvörur. Og líka tónlist.

Fram undan eru margir spennandi tónleikar með íslenskum flytjendum. Þ.á m. má nefna fjölda útgáfutónleika, tónleika Bubba og fleiri listamanna í Höllinni 15. nóvember og stórtónleika Sigur Rósar á sama stað 23. nóvember.



**BREYTT LANDSLAG Í TÓNLEIKAHALDI** Sigur Rós verður með tónleika í Höllinni 23. nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**PAKKINN TILBÚINN** Buff, sem eru niðri á jörðinni, lögðust allir á eitt. Frá vinstri eru þeir Stefán hljómborðsleikari, Bergur bassaleikari, Pétur Örn, söngvari og gítarleikari, og Hannes trommari. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Buff halda jól í skókassa

**Strákarnir í hljómsveitinni Buff eru að gefa út þriðju plötu sína. Þeir segja að nú sé rétti tíminn til að gefa út plötur, að styðja íslenskar listir og menningu.**

„Við heyrðum af þessu verkefni og okkur fannst kominn tími til að láta gott af okkur leiða,“ segir Pétur Örn Guðmundsson í Buff. Strákarnir í hljómsveitinni útbjuggu í sameiningu skókassa með jólagjöfum fyrir einn fátækan strák í Úkraínu. Verkefnið – „Jól í skókassa“ – er alþjóðlegt en KFUM og K standa að því á Íslandi. Síðasti séns til að skila inn kassa er á laugardaginn. Allar nánari upplýsingar má finna á skokassar.net.

„Við lögðumst allir á eitt og fundum hluti til að setja í pakkann. Þetta eru fimm flokkar, leikföng, skóladót, hreinlætisvörur. sælgæti og föt. Við erum einmitt fimm í bandinu svo hver og einn sinnti einum flokki. Við höfum spilað á góðgerðartónleikum og lánað græjur á svoleiðis, en stundum er gaman að gera eitthvað áþreifanlegt. Þetta skókassadæmi sýnir svo vel að það er vel hægt að gera góðverk þótt maður eyði ekki fullt af peningum.“

Þriðja Buff-platan kemur út á mánudaginn. Þrátt fyrir tvær útgefnar plötur er bandið fyrst að smella í eyrum landsmanna núna. Fjögur lög af nýju plötunni hafa þegar notið vinsælda. „Og svo eru sjö alveg jafngóð í viðbót á henni,“ segir Stefán hljómborðsleikari. Hann semur einmitt megnið af lögunum.

„Nú er rétti tíminn til að gefa út plötur,“ segir Hannes. „Nú er einmitt rétti tíminn að styðja íslenskar listir og menningu, þótt við flokkumst reyndar í hvorugan flokkinn!“

„Við erum ekki nógu hipp og kúl og kunnum ekki nógu lítið til að vera underground,“ segir Bergur bassaleikari útskýrandi. „Og við erum ekki nógu stórir til að vera jafn-overground og til dæmis Sálin. Því erum við bara ground – niðri á jörðinni.“

Útgáfutónleikar Buff verða á Nasa 20. nóvember en strákarnir ætla að halda ball í Sjallanum, Akureyri, á laugardagskvöldið.

drgunni@frettabladid.is

# Hæfileikar, fegurð og fágun

Plata hljómsveitarinnar Hjaltalín, Sleepdrunk Seasons, fær sjö af tíu mögulegum á bresku tónlistarsíðunni Drowned in Sound. „Hjaltalín býr til góð popplög í tilraunakenndum útsetningum á að því er virðist áreynslulausan hátt og sýnir að hún er virkilega hæfileikarík og hljómar ekkert eins og landar sínir í Sigur Rós,“ segir í umsögninni. Líkir gagnrýnandi sveitinni við The Arcade Fire á byrjunarárum sínum, bresku sveitina Elbow og bandaríska tónlistarmanninn Sufjan Stevens. „Þrátt fyrir að vera nánast óþekkt utan Reykjavíkur hefur Hjaltalín hæfileika til að leggja heiminn að fótum sér. Ef Sleepdrunk Seasons er bara byrjunin gæti útkoman orðið frábær eftir þrjár til fjórar plötur til viðbótar.“

Tónlistarsíðan New-Noise gefur Hjaltalín einnig mjög góða dóma og segir að Sleepdrunk Seasons sé snilldar poppskífa. „Hjaltalín blandar saman rokki, raftónlist, fallegum melódíum og þjóðlagatónlist á hjartnæman hátt.“

Gagnrýnandinn bætir við: „Í ljósi efnahagsástandsins vonast íslensk stjórnvöld líklega til að Hjaltalín feti í fótspor Sigur Rósar og komi með gjaldeyri inn í landið. Ef þessi hljómsveit á eftir að ná vinsældum þá gerir hún það með fegurð og fágun að leiðarljósi.“

Sleepdrunk Seasons hefur verið framleidd í sjö þúsund eintökum og hefur hún þegar náð gullsölu hér á landi. Erlendis hefur henni verið dreift í tvö þúsund eintökum, sem er vitaskuld dágóður árangur fyrir þessa ungu og efnilegu sveit.

- fb



**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín fær góða dóma á erlendum tónlistarsíðum fyrir plötu sína Sleepdrunk Seasons. MYND/LEÓ STEFÁNSSON

# NÝTT UPPHAF Á MORGUN!

## LOKAÐ Í DAG

OPNUM Í FYRRAMÁLIÐ KL. 10:00
ERUM AÐ FYLLA BÚÐIRNAR
AF NÝJUM VÖRUM.
VERÐUM MEÐ MESTA ÚRVAL
LANDSINS AF SKEMMTUN!

S·K·Í·F·A·N
Nýtt upphaf

Skífan Laugavegi 26 · Skífan Kringlunni · www.skifan.is

## > ÓVÆNTUR SÖGUMAÐUR

Leikarinn Samuel L. Jackson hefur tekið að sér hlutverk sögumanns í væntanlegri kvikmynd leikstjórans Quentins Tarantino, Inglourious Bastards, sem væntanleg er í kvikmyndahús á næsta ári. Mörgum er vísast enn í fersku minni farsælt samstarf þeirra Tarantinos og Jacksons í myndinni Pulp Fiction en myndin sú kom þeim báðum rækilega á kortið.



**bíó**

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN HUGLEIKUR DAGSSON LISTAMAÐUR

# *Heillaður af Mikael Haneke*

**Hver er þín eftirlætiskvikmynd?**
Mad Max 2, Akira og Brazil hafa hvað lengst setið á topplistanum mínum. Ég auglýsi hér með eftir eintaki mínu af þeirri síðastnefndu, en ég týndi henni einhvers staðar í Þjóðleikhúsinu.

**Hvort finnst þér betra að fara í bíó eða að horfa heima?**
Bæði betra. Það fer alveg eftir stemmningu og kvikmynd.

**Hver er þinn eftirlætiskvikmyndaleikstjóri?**
Margir. En núna er ég svolítið heillaður af Mikael Haneke. Hann byrjaði ekki að leikstýra fyrr en eftir fertugt, og það veitir mér von.

**Hver er versta kvikmynd allra tíma?**
Það mun vera kvikmyndin Soul Food. Ógeð.

**Hver er ofmetnasta kvikmynd allra tíma?**
Top Gun? March of the Penguins? Chicago? Erfitt að segja.

**En hver er vanmetnasta kvikmyndin?**
Tvær af mínum uppáhalds gamanmyndum, Sour Grapes og Wet Hot American Summer, eru tiltölulega lítt þekktar. Svo finnst mér Chronicles of Riddick ekki nægilega í hávegum höfð.

**Hvaða kvikmynd myndirðu vilja endurgera og hvernig myndirðu breyta henni?**
Morðsaga gæti orðið skemmtilegur söngleikur.

**Fengirðu fjármagn og frjálsar hendur til að gera hvaða kvikmynd sem er, hvað myndirðu gera?**
Ég myndi kvikmynda myndasögu Grants Morrisons, WE3, sem segir frá hundi, ketti og kanínu sem flýja tilraunastofuna sem breytti þeim í stríðsvélar.



# Bretar áberandi um helgina

Auk kvikmyndarinnar Rescue Dawn verða myndirnar James Bond: Quantum of Solace og How to Lose Friends and Alienate People frumsýndar í hérlendum kvikmyndahúsum um helgina.

Það er óhætt að segja að nýjustu myndarinnar um ævintýri njósnarans James Bond hafi verið beðið með nokkurri eftirvæntingu hér á landi sem annars staðar. Quantum of Solace er beint framhald af síðustu Bond-mynd, Casino Royale, og því vissara að hafa séð fyrirrennarann áður en maður drífur sig í bíó. Í þessari nýjustu mynd hyggst Bond hefna fyrir dauða ástkonu sinnar úr síðustu mynd. Hefndarþorstinn leiðir hann til Suður-Ameríku þar sem hann kemst á snoðir um áform vondra manna um að ræna vatnsbólum frá almenningi. Myndin hefur almennt fengið fremur jákvæða dóma; þannig fær hún einkunnina 7,6 af tíu á vefsíðunni www.imdb.com og 74% á www.rottentomatoes.com.

Þriðja frumsýningarmynd helgarinnar heitir hinu heldur óþjála nafni How to Lose Friends and Alienate People. Í henni fylgjast áhorfendur með breska blaðamanninum Sidney Young reyna að fóta sig á glanstímaritamarkaði New York-borgar. Myndin er byggð á samnefndri metsölubók Bretans Toby Young, en hann byggði bókina á eigin endurminningum. Myndin hefur fengið ágæta dóma víðast hvar; reyndar hlaut hún hina snautlegu einkunn 37% á www.rottentomatoes.com en farnaðist öllu betur hjá www.imdb.com og fékk þar einkunina 7,4 af 10. - vþ



**JAMES BOND OG VINKONA HANS** Það eru margir sem bíða þess spenntir að fylgjast með nýjustu ævintýrum James Bond.






# Fastur í fangabúðum

**Kvikmyndaleikstjórinn Werner Herzog snýr aftur með enn eina myndina um óvenjuleg átök manns og náttúru. Myndin skartar stjörnunum Christian Bale og Steve Zhan í aðalhlutverkum.**



**Á FLÓTTA** Steve Zahn og Christian Bale í hlutverkum sínum í kvikmyndinni Rescue Dawn.

Íslensk kvikmyndahús taka myndina Rescue Dawn til sýninga nú um helgina, en myndin var frumsýnd í Bandaríkjunum í fyrra. Rescue Dawn er eins konar endurgerð á heimildarmyndinni Little Dieter needs to fly frá árinu 1997, en Herzog var einnig leikstjóri hennar.

Í Rescue Dawn fá áhorfendur að kynnast sannri sögu flugmannsins Dieters Dengler, þýskættaðs Bandaríkjamanns, sem berst í Víetnamstríðinu á sjöunda áratugnum, en er skotinn niður af óvinum og tekinn til fanga. Hans bíður grimmileg vist í fangabúðum djúpt inni í frumskóginum ásamt öðrum bandarískum föngum þar sem þeir eru sveltir og pyntaðir. Dengler missir þó aldrei vonina og lífsviljann, heldur leggur á ráðin um að flýja úr búðunum. Dengler og samfangar hans hrinda flóttaáætlun sinni í framkvæmd, en þurfa í kjölfarið að lifa af ferðalag í gegnum óvæginn frumskóginn.

Saga Denglers er sannarlega með merkilegri lífsafkomusögum síðari ára og því ekki undarlegt að hún þyki prýðilegt efni í kvikmynd. Jafnframt þarf fæstum að koma það mikið á óvart að leikstjórinn Werner Herzog hafi heillast af sögu hans, en Herzog hefur áður laðast að því að myndgera lífshlaup manna sem hafa óvenjuleg lífsviðhorf og takast á við náttúruna á beinan hátt. Þessi stef voru til að mynda einnig afar áberandi í heimildarmyndinni Grizzly Man frá árinu 2005, en þar notaðist Herzog við upptökur og viðtöl til þess að lýsa lífi og dauða bjarndýraáhugamannsins Timothy Trackwell, sem lifði sínu lífi að miklu leyti utan mannlegs samfélags.

Rescue Dawn hefur víðast hvar erlendis fengið góða dóma í blöðum og öðrum fjölmiðlum. Hún fær einkunnina 90% á vefsíðunni www.rottentomatoes.com og 7,6 stig af tíu á vefsíðunni www.imdb.com. Herzog þykir koma raunalegri sögu hins kjarkaða Denglers vel til skila og ekki síst þykir Christian Bale standa sig vel í aðalhlutverki myndarinnar. Sýning myndarinnar í kvikmyndahúsum hér er því augljóslega fagnaðarefni fyrir aðdáendur þessara tveggja listamanna sem og allra sem njóta þess að sjá myndir um sigur mannsandans. vigdis@frettabladid.is

# Bandaríkjaforsetar í bíó

Tímasetning tveggja bíómynda sem um þessar mundir fara mikinn í kvikmyndahúsum erlendis er væntanlega engin tilviljun, en myndirnar fjalla báðar um forseta Bandaríkjanna. Í ljósi atburða liðinna daga er ekki úr vegi að rýna örlítið í kvikmyndir þessar.

Fyrsta ber að nefna myndina W úr smiðju leikstjórans umdeilda Olivers Stone. Myndin fjallar um þyrnum stráða leið núverandi forseta Bandaríkjanna, George W. Bush, frá alkóhólisma og gjaldþroti til valdamesta embættis veraldar. Stone varpar með myndinni fram hinni áleitnu spurningu: hvernig fór þessi heldur misheppnaði maður að því að komast þetta langt í lífinu?

Myndin hefur, kannski skiljanlega, vakið nokkur blendin viðbrögð. Hún fær almennt fremur góða dóma, en þykir jafnframt pólitískt eldfim. Repúblikanar vestra hafa margir lagt sig fram við að formæla henni og hafna og benda réttilega á að leikstjórinn Stone sé ekki beinlínis þekktur fyrir sagnfræðilega nákvæmni í verkum sínum. Aðrir hafa hampað myndinni og hrósað í hástert og þá sérlega frammistöðu eðalleikarans Josh Brolin, sem fer með hlutverk George W. Bush, en hann þykir ljá persónunni vissa dýpt og viðkvæmni sem fyrirmyndina skortir óneitanlega á stundum.

Önnur mynd sem sækir í svipaðan brunn heitir Frost/Nixon og byggir á frægum sjónvarpsviðtölum breska fréttamannsins Davids Frost við Richard Nixon, þá niðurlægðan fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, árið 1977. Myndin hefur ekki enn verið tekin til almennra sýninga vestanhafs, en hún var sýnd á kvikmyndahátíð í Lundúnum í síðasta mánuði og uppskar þar mikið lof bæði gagnrýnenda og almennra áhorfenda. Sérlega þótti frammistaða leikaranna Michaels Sheen sem Frost og Frank Langella sem Nixon framúrskarandi. Það vekur nokkra athygli að með þessarri mynd, rétt eins og með W Olivers Stone, tekst að vekja samúð áhorfenda með mönnum sem sagan er jafnvel þegar búin að afskrifa sem vonda og óvinsæla forseta.

Nú er bara að bíða þess með eftirvæntingu að einhver kvikmyndagerðarmaðurinn sjái sér leið til þess að framleiða hjartnæma og innblásna kvikmynd um Barack Obama. Svo mikið er víst að þrátt fyrir að hann hafi enn ekki hafið störf sem forseti er saga hans þegar býsna merkileg. - vþ



**OLIVER STONE** Sendi nýverið frá sér kvikmynd um George W. Bush.



**RICHARD NIXON** Viðtal fréttamannsins Davids Frost við Nixon Bandaríkjaforseta er viðfangsefni nýrrar kvikmyndar.



POPP OG COKE
DAGAR
Stjörnu POPP
Stjörnu POPP
Coca-Cola
Tvær nýjar myndir, popp og 2l. Coke
1000.-
SAMFILM
13. NÓV.
NARNIA
IRON MAN
NEVER BACK DOWN
TinkerBell
JACKIE CHAN
THE FORBIDDEN KINGDOM
SNÆLAND VIDEO
Reykjavík / Kópavogur / Hafnarfjörður / Mosfellsbær / Selfoss

## > TORTILLA Í NESTI

Ef þú ert orðinn leið(ur) á samloku í hádeginu er tortilla með áleggi sniðug tilbreyting. Gott er að smyrja tortilluna kvöldið áður með áleggi að eigin vali og taka með í nesti daginn eftir. Prófaðu að breyta til og útbúa tortillu með fetaosti, svörtum ólífum, kirsuberjatómötum, þunnt skornum rauðlauk, gúrku, salti, pipar og balsamikediki.



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR LEIKKONA

# *Vill ekki soðnar rúsínur*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Osts og mjólkur. Við hjónin drekkum meiri mjólk en meðal Íslendingur, þá aðallega Léttmjólk. Mér finnst hún langbest, en það er eiginlega alveg sama hvaða ostur það er.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Ég fór með Ingibjörgu systur minni á Vox fyrir nokkrum árum. Þar pöntuðum við okkur fullt af forréttum og fengum nýtt vín með hverjum rétti. Ég man ekkert hvað ég borðaði, en í minningunni var þetta æðislegt, þjónustan til fyrirmyndar og þetta yndisleg kvöldstund með systur minni.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Já, ég vil ekki soðnar rúsínur. Ég er mikil matmanneskja, en það er það eina sem ég borða ekki.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Leyndarmál eiga að vera leyndarmál.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Ef mér líður illa hef ég nú yfirleitt ekki matarlyst, en mér finnst voðalega gott að fá mér Homeblest og mjólk.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Gettu þrisvar … mjólk og ost.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ég myndi taka hvítlauk og hvítvín, veiða svo humar og steikja hann upp úr því. Hvernig veit ég ekki, en ég geri ráð fyrir að maður sé úrræðagóður ef maður er fastur á eyðieyju.



**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Ég hef borðað ýmislegt skrítið, en ætli ég verði ekki að segja krókódílakjöt. Mér fannst það alveg rosalega gott og áferðin kom mér á óvart. Mér finnst það svona mitt á milli kjúklings og humars. Ég hef líka borðað kjúklingafætur á kínverskum dim sum-veitingastað í London og mæli ekki með því.

# Einfalt túnfiskpasta

Það þarf hvorki að vera flókið né dýrt að útbúa ítalska veislu fyrir alla fjölskylduna. Pasta með túnfisk er létt í maga auk þess sem það tekur enga stund að matreiða. Pastað er bakað í eftirfarandi uppskrift, en einnig er hægt að sleppa ostinum og bera það fram beint af pönnunni.

**Bakað pasta með túnfiski og ólífum fyrir 4**

350 g pastarör eða skrúfur
500 g pastasósa að eigin vali
400 g túnfiskur úr dós í vatni
125 g grænar eða svartar ólífur
100 g rifinn ostur

Sjóðið pastað eftir leiðbeiningum. Þerrið og setjið í eldfast mót. Þerrið túnfiskinn og blandið honum saman við pastasósuna, ólífurnar og svartan pipar á meðan pastað sýður. Hellið sósunni yfir pastað og stráið svo ostinum yfir. Bakið í 6-8 mínútur við 200° C eða þar til osturinn er orðinn gullbrúnn. Berið fram með fersku salati. - ag



**ÍTÖLSK VEISLA** Bakað túnfiskpasta er bæði fljótlegt, ódýrt og létt í maga.






# Féll fyrir brownie-köku

**Fegurðardrottningin Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir nýtur liðsinnis kærasta síns í eldhúsinu. Hún eldar aðallega ítalskan og mexíkóskan mat en kynnir hér uppskrift að frábærri brownie-köku.**

„Ég er alin upp við mjög mikla eldamennsku, enda er pabbi kokkur og mamma útskrifuð úr húsmæðraskólanum," segir Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir, sem var kjörin Ungfrú Reykjavík í apríl síðastliðnum og nemur sálfræði við Háskóla Íslands. „Þegar ég bjó heima mátti maður aldrei missa af mat. Á hverjum virkum degi var kvöldmatur klukkan sjö og það var heilagur tími. Þó svo að við systkinin séum öll flutt að heiman er alltaf matur hjá mömmu og pabba á sunnudögum. Það er hefð sem ég gæti ekki verið án og ef eitthvað kemur upp á hjá mömmu og pabba hittumst við systkinin og eldum saman," útskýrir Aðalbjörg sem er nýflutt að heiman með kærastanum sínum, Árna Jóni Baldurssyni, og segist vera dugleg að elda þegar tími gefst til.

„Besta vinkona mín leigir með okkur svo við eldum stundum saman, en þar sem kærastinn minn er mikill áhugamaður um mat fæ ég aldrei að gera neitt í eldhúsinu án þess að hann komi að eldamennskunni," segir Aðalbjörg brosandi.

„Ég elda aðallega ítalskan og mexíkóskan mat, en ég kann betur að meta asískan mat eftir að ég fór í sjö vikna bakpokaferðalag um Asíu fyrir einu og hálfu ári. Þá gistum við vinir mínir meðal annars hjá ættbálki í Norður-Taílandi í fimm daga og þar voru hrærð egg og hrísgrjón í hvert einasta mál. Það var hræðilegt svo ég fékk ógeð á hrísgrjónum lengi á eftir, en ég fékk algjört æði fyrir pad thai-núðlum. Það var einn öruggasti maturinn sem maður gat fengið svo ég borðaði mjög mikið af þeim," bætir hún við og gaf okkur uppskrift að girnilegum brownie.

„Uppskriftin er frá Sissú, bestu vinkonu mágkonu minnar. Þær tvær eru duglegar að baka kökur og kynntu mig fyrir Sissú-brownie. Þetta er besta kaka sem ég hef smakkað lengi, en hún er algjör bomba svo maður getur ekki borðað mikið af henni. Það er gott að skera hana í litla bita og bjóða upp á með kaffi, ís eða rjóma. Það er góð leið til að gleðja lítil hjörtu í kreppunni," segir Aðalbjörg að lokum.

alma@frettabladid.is



**UPPÁHALDSKAKAN** Aðalbjörg Ósk segir Sissú-brownie vera bestu köku sem hún hefur smakkað og bragðist best með kaffi, ís eða rjóma. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Sissú-brownie**

2 bollar sykur
3 egg
1 bolli bráðið smjör
2,5 tsk vanilludropar
1 ¼ bolli hveiti
¾ bollar kakóduft
½ tsk. lyftiduft
¼ tsk. salt
1 bolli súkkulaðibitar.

Hrært: Egg og sykur, smjör og vanilla, þurrefni

Bakið við 180° C í 20-25 mínútur. Passið að ofbaka ekki.

**Hnetusmjörskremið hennar Sissúar**

1 bolli flórsykur
1 bolli hnetusmjör
5 msk. smjör
¾ tsk. vanilludropar
1/3 bolli rjómi

Hrærið saman í hrærivél

Smyrjið kreminu á kökuna þegar hún hefur kólnað og stráið súkkulaðispæni yfir.

Þegar búið er að setja kremið á er gott að geyma kökuna í kæli í nokkrar klukkustundir áður en hún er skorin í svo hún verði þéttari í sér.






# Handgert gourmet-súkkulaði

„Það eru alltaf fleiri og fleiri að spá í þetta," segir Hafliði Ragnarsson, bakari og súkkulaðigerðarmeistari, um áhuga fólks á að fræðast um súkkulaði. Hafliði er framleiðslustjóri Mosfellsbakarís þar sem hann framleiðir meðal annars gourmet-súkkulaði undir eigin nafni og handgert konfekt. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna sem súkkulaði- og kökuskreytingameistari og heldur nú námskeið í súkkulaðismökkun, gerð eftirrétta og konfektgerð.

„Ég ætla að halda námskeið fyrir jólin því það er alltaf meiri eftirspurn og hópar hafa gjarnan samband og óska eftir námskeiði. Í þessum geira er maður alltaf að spá í bragðið, karakterinn og hvaðan baunirnar koma og eftir því sem maður fræðist meira um súkkulaði nýtur maður þess betur að borða það," segir Hafliði.

Fyrir páska framleiðir hann páskaegg úr sérstöku villibaunasúkkulaði sem unnið er úr kakóbaunum frá Bólivíu, en fyrir þessi jól valdi hann baunir og hannaði sérstaka súkkulaðiblöndu sem óvíst er að komi til landsins í tæka tíð.

„Sökum gengismála og annarra mála frestast að fá súkkulaðið fyrir jólin, en við erum byrjuð að útbúa jólapakkningar og erum alltaf að vinna í nýjum bragðtegundum. Ég er með tvo nýja mola, annars vegar með engiferi og hins vegar chilli og fyrir jólin verðum við með ofsalega góðar súkkulaðitrufflur. Þær á að borða alveg ferskar svo við framleiðum þær í litlum skömmtum. Maður á ekki að kaupa konfekt til að eiga það lengi, heldur njóta þess sem fyrst," segir Hafliði að lokum, en frekari upplýsingar um námskeiðahald hans má finna á konfekt.is. - ag



**SÚKKULAÐIGERÐARMEISTARI** Hafliði kennir súkkulaðismökkun, gerð eftirrétta og konfektgerð á sérstökum námskeiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR!
LÉTTREYKT GRÍSASTEIK ÚRBEINUÐ
FRÁ KJARNAFÆÐI
1.079 kr./kg.
MERKT VERÐ 1.799 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
ÁLEGG Í BRÉFUM
FRÁ KJARNAFÆÐI
Merkt verð kr./kg.
HANGIÁLEGG 2.799 3.999
SKINKA 1. FL. 1.776 2.537
ROAST BEEF 3.378 4.825
SPÆGIPYLSA 2.038 2.912
LAMBARÚLLUPYLSA 1.523 2.176
LÚXUS BEIKON 1.908 2.725
LÉTTR. BRAUÐSKINKA 1.211 1.730
PEPPERONI 2.169 3.098
STERKT PEPPERONI 2.169 3.098
HAMBORGARHRYGGUR 2.313 3.304
KJÚKLINGAÁLEGG 1.815 2.593
LÉTTR. KJÚKL.ÁLEGG 1.959 2.798
30% AFSLÁTTUR
GERÐU VERÐSAMANBURÐ!
HEIMILISPYLSUR FRÁ KJARNAFÆÐI
599 kr./kg.
MERKT VERÐ 798 KR./KG.
25% AFSLÁTTUR
GERÐU VERÐSAMANBURÐ!
SKYNDIBITI Í RASPI, 380G (PR./PK.) FRÁ KJARNAFÆÐI
20% afsláttur.
MERKT VERÐ 379 KR./PK.
303
FORSTEIKT VARA
BÓNUS BÓNDABJÚGU, 420G (PR./PK.)
10% afsláttur.
MERKT VERÐ 220 KR./PK.
198
KJARNAFÆÐI PEPPERONI, MAGNPAKKNING
2.098 kr./kg.
MERKT VERÐ 2.998 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
ALVÖRU PEPPERONI!
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:00 OG SUN. 12:00-18:00.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

> **HREIN MEY Í BÍÓ**

Gamanleikarinn Rob Schneider, sem hefur leikið alls kyns furðufugla á leikferli sínum, hefur tekið að sér aðalhlutverkið í gamanmyndinni Virgin On Bourbon Street. Fjallar hún líf kynlífssveltrar konu sem tekur gjörbreytta stefnu nótt eina. Ef eitthvað er að marka feril Schneiders má búast við léttruglaðri mynd í anda Deuce Bigalow: Male Gigolo og The Hot Chick.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Jack Bauer snýr aftur í janúar

Bandaríska sjónvarpsstöðin Fox hefur sýningar á sjöundu þáttaröð af 24 í janúar á næsta ári. Þá verða liðin tæp tvö ár síðan síðasti 24-þáttur var sýndur á stöðinni. Stöð 2 stefnir einnig á að hefja sýningar á þáttunum í janúar.

Þáttaröðin hefst með tveimur tveggja tíma þáttum sem verða sýndir tvo daga í röð. Svipaður háttur var hafður á þegar sjötta þáttaröðin hóf göngu sína í janúar í fyrra.

Tveggja klukkustunda mynd, 24: Redemption, þar sem brúað verður bilið á milli sjöttu og sjöundu þáttaraðar, verður sýnd hjá Fox 23. nóvember. Þar mun Jon Voight leika erkióvin Jack Bauer, rétt eins og hann mun gera í þáttaröðinni. Stöð 2 mun sýna myndina 28. desember.

Mikill vandræðagangur hefur verið á framleiðslu 24 síðan sjöttu þáttaröðinni lauk. Til stóð að taka næstu þáttaröð upp í Afríku en ekkert varð af því. Upptökum í fyrrasumar þurfti jafnframt að fresta nokkrum sinnum til að lagfæra handritið.

Tökum var svo hætt í desember í fyrra vegna verkfalls handritshöfunda í Hollywood og hófust þær ekki aftur fyrr en fimm mánuðum síðar. Meðan á hléinu stóð afplánaði Sutherland 48 daga fangelsisdóm fyrir að aka undir áhrifum áfengis.



**JACK BAUER** Kiefer Sutherland leikur Jack Bauer í spennuþáttunum vinsælu 24.








Eva Rakel Jónsdóttir og Gréta Morthens, dóttir Bubba, létu sig ekki vanta á útgáfuhófið.



Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senu, Kristinn Svavarsson og Ólafur Jónsson voru á meðal viðstaddra.



Markús Þórhallsson og Sigurður Sveinsson kíktu í partíið.

# Fögnuðu nýrri Bubba-plötu

**Útgáfuhóf var haldið í húsnæði Saga Film til að fagna nýrri plötu og mynddisk með Bubba Morthens og Stórsveit Reykjavíkur.**

Efnið á þessari útgáfu var tekið upp á vel heppnuðum tónleikum Bubba og Stórsveitarinnar í Laugardalshöll fjórða og fimmta janúar á þessu ári. Eftir að hafa gengið með hugmyndina að tónleikunum í maganum í heilt ár hafði Bubbi samband við Stórsveitina. Var hún ekki lengi að samþykkja að taka þátt í verkefninu og í framhaldinu var Þórir Baldursson fenginn til að útsetja lögin.

Alls rötuðu sautján lög á þessa nýju útgáfu, þar á meðal Lög og regla, Aldrei fór ég suður, Fjöllin hafa vakað, Ísbjarnarblús og Róméó og Júlía.



Björn Sigurðsson hjá Senu og Bubbi Morthens stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**BLACK EYED PEAS** Will.i.am (annar frá vinstri) gerði garðinn frægan með hljómsveitinni Black Eyed Peas.

# Samdi lag fyrir Obama

Tónlistarmaðurinn Will.i.am hefur gefið út nýtt lag og myndband til að fagna kjöri Baracks Obama sem forseta Bandaríkjanna. Lagið nefnist It´s A New Day og eyddi Will kosninganóttinni í að ljúka við lagið.

Annað lag Will.i.am, Yes We Can, naut mikilla vinsælda fyrr árinu en það var gefið út til stuðnings forsetaframboði Obama. Ein af kosningaræðum Obama var spiluð í laginu og á meðal gestasöngvara voru leikkonan Scarlett Johansson, Nicole Sherzinger úr Pussycat Dolls og djassarinn Herbie Hancock.

# Johnny á laugardag

Útgáfutónleikar hljómsveitarinnar Johnny and the Rest sem áttu að vera á föstudag hafa verið færðir yfir á laugardagskvöld vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Tónleikarnir verða haldnir á neðri hæð Domo og þar mun sveitin fagna sinni fyrstu plötu sem er nýkomin út. E.T. Tumason byrjar að hita upp klukkan 21 og eftir það taka Johnny and the Rest við. Miðaverð er 500 krónur inn á tónleikana en 1.500 fyrir þá sem vilja plötuna.



**JOHNNY AND THE REST** Útáfutónleikar sveitarinnar verða haldnir á Domo á laugardagskvöld.


Skipulags stofnun

**Efnistaka í Lambafelli, í landi Sveitarfélagsins Ölfuss og Hjallatorfu, Sveitarfélaginu Ölfusi**

**Mat á umhverfisáhrifum - - Álit Skipulagsstofnunar**

Skipulagsstofnun hefur, samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b., gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum efnistöku úr tveimur námum í Lambafelli í Sveitarfélaginu Ölfusi. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að helstu umhverfisáhrif efnistökunnar verði sjónræn sem og áhrif á landslag og jarðmyndanir og að áhrifin verði talsvert neikvæð. Til mótvægis kemur að efnistaka úr námunum er í samræmi við markmið stjórnvalda um að hafa efnisnámur fremur fáar og stórar í stað margra minni náma.

**Námurnar eru:**
**Náma Jarðefnaiðnaðar í landi Sveitarfélagsins Ölfuss.**
**Náma Árvéla í landi Hjallatorfu.**

Álitin í heild liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslur framkvæmdaraðila er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is.**

**Skipulagsstofnun**

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# FEYKIVEL GERT!




★★★★★

„Meistaralega unnið verk."
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

„Ein af bestu bókum Einars."
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN, RÚV

„Ofsalega góð bók."
GERÐUR KRISTNÝ / MANNAMÁL, STÖÐ 2




„Grípur lesandann allt frá fyrstu síðu."
SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Þetta er gríðarlega flott skáldsaga … feykilega vel skrifuð."
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN, RÚV

„Afbragðsvel byggð saga."
GAUTI KRISTMANNSSON / VÍÐSJÁ, RÚV




★★★★

„… allt í senn, einstaklega fyndin, áleitin og óþægileg."
FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

BÆKURNAR ERU PRENTAÐAR Á ÍSLANDI




„Hagleikssmíði … sérstaða [höfundarins] er hafin yfir allan vafa."
HJALTI SNÆR ÆGISSON / VÍÐSJÁ, RÚV

„Dásamleg bók."
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / WWW.GURRIHAR.BLOG.IS




„… leikandi og hröð … snörp."
GEIR SVANSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Virkilega góð sakamálaflétta."
KOLBRÚN ÓSK SKAFTADÓTTIR / EYMUNDSSON




„Fyrirtaks reyfari sem rígheldur."
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON / DV

„Ómögulegt að leggja hana frá sér."
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN

FORLAGIÐ

FYLGSTU MEÐ METSÖLULISTANUM Á www.forlagid.is

JPV ÚTGÁFA / MÁL OG MENNING / IÐUNN / VAKA-HELGAFELL

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 6 og 10.30 | 16 |
| EAGLE EYE | kl. 8 og 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 6 (650 kr.) - ÍSL.TAL | L |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10.15 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 8 | L |







„STÆRSTA OPNUN Á DANS & SÖNGVAMYND ALLRA TÍMA Í U.S.A"




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HSM 3 | kl. 6D - 7:30 - 8:30D - 10:10 | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 5:30 | VIP |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:30 DIGITAL | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 8:20 - 10:30 DIGITAL | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 5:50 | L |
| WILD CHILD | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 8 | L |
| SEX DRIVE | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 6 - 8 | L |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 6 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 8 | L |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 10.20 | 16 |
| QUARANTINE LÚXUS | kl. 5.50 - 10.20 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5 - 10.20 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 10.20 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.40 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 9 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| WHERE IN THE WORLD IS OSAMA BIN LADEN | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| HÉR ER DRAUMURINN | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 8 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 8 - 10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 6 - 8 - 10* | 14 |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 6 | L |

*Síðasta sýning

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Hilmar áhrifamikill

Hilmar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP sem gefur út Eve Online, hefur verið valinn fjórði áhrifamesti maður heims innan þess geira sem starfar við fjölspilunarleiki á netinu.

Það var tölvutímaritið Beckett Massive Online Gamer sem hélt könnun á meðal fólks í bransanum og komst að þessari niðurstöðu. „Ég er einhver persónugervingur CCP, það er ekki ég sjálfur sem geri þetta," segir Hilmar um þessa viðurkenningu. „Að sjálfsögðu er þetta frábær heiður fyrir fyrirtækið að vera sett þetta hátt á þennan lista," segir hann.

Búist er við að sjö hundruð manns komi hingað til lands um helgina vegna Fanfest-hátíðar Eve Online sem verður haldin í fimmta sinn í Laugardalshöll. Einnig er von á tæplega eitt hundrað blaðamönnum alls staðar að til að fjalla um viðburðinn.

Talið er að hátíðin færi til landsins um 120 milljónir króna í gjaldeyristekjur sem veitir ekki af í hinu erfiða efnahagsástandi. - fb



**HILMAR PÉTURSSON** Hefur verið valinn fjórði áhrifamesti maður heims af tímaritinu Beckett Massive. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Unicef-bolir í sjö litum

Ungmennaráð UNICEF á Íslandi og íslenskir hönnuðir hafa tekið höndum saman og framleitt boli til styrktar Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. Hönnun bolanna er sem fyrr í höndum Kron Kron og grafíska hönnuðarins Harðar Kristbjörnssonar. Með bolunum vilja þau vekja athygli á því að í heiminum í dag standa fjölda-mörg börn frammi fyrir miklum hindrunum á leið sinni að mannsæmandi lífi. Bolirnir verða seldir í verslun Kron Kron, Spútnik og í jólabúð UNICEF, Laugavegi 42. Þeir fást í sjö litum og öllum stærðum, bæði á börn og fullorðna. Í tilefni af útgáfu bolana mun hljómsveitin Hjaltalín halda órafmagnaða tónleika á Kaffi Hljómalind í kvöld kl. 21.

# Þröstur lagður í einelti vegna Eddu-verðlaunanna

**Jóhann Sigurðarson, Ólafur Darri Ólafsson og Þröstur Leó Gunnarsson eru tilnefndir í sama flokki fyrir leik sinn í Brúðgumanum. Ólafur og Jóhann hafa bundist tryggðarböndum um að koma í veg fyrir að Þröstur fái verðlaunin.**



**Í STRÍÐ** Ólafur Darri og Jóhann Sigurðarson ætla að berjast fyrir því með kjafti og klóm að Þröstur Leó fái ekki Edduna. Þröstur Leó segir það eingöngu formsatriði að mæta og taka við verðlaununum.

Brúðguminn hlaut fjórtán tilnefningar til Eddu-verðlaunannna. Og hefur eiginlega tryggt sér ein. Því bestu karlleikararnir í aukahlutverkum leika allir í kvikmyndinni. En þrátt fyrir að hafa dvalist langtímum saman í sumarsólinni á Flatey er grunnt á því góða og Þröstur Leó Gunnarsson virðist hafa orðið undir í baráttunni.

„Þetta gæti verið mjög skemmtilegt. Og það er sko engin skömm að því að tapa fyrir Jóhanni," segir Ólafur Darri í samtali við Fréttablaðið. „Jóhann er langstærsti leikarinn af okkur," bætir hann við. Hann telur það hins vegar útilokað að Eddan fari til Þrastar Leó. „Það væri náttúrlega alveg fráleitt. Í myndinni eru kannski eitt eða tvö atriði með mér og Presti sem eru ágæt. Annars hef ég aldrei verið hrifinn af Þresti sem leikara," segir Ólafur sem telur að hann eigi ekki þessi verðlaun skilið. Í sama streng tekur Jóhann Sigurðarson. Segir að Ólafur yrði vel að þessum verðlaunum kominn. „Ég gæti alveg sætt mig við það. En ef Þröstur vinnur þetta þá er bara alveg eins hægt að hætta þessu. Alla vega hætti ég ef Þröstur stendur uppi sem sigurvegari," segir Jóhann. Þröstur lét ummæli þeirra félaga ekki slá sig út af laginu þegar Fréttablaðið bar þau undir hann. Sagðist bara vera heppinn að hafa lent í flokki með tveimur svona miðlungsleikurum. „Þeir Ólafur og Jóhann hafa eitthvað misskilið þetta hugtak „stórleikari". Það er sko ekki þyngdin sem þar ræður för heldur eitthvað allt annað," segir Þröstur sem er alveg pollrólegur yfir því að félagar hans skuli reyna að bregða fyrir hann fæti. „Það er í raun bara formsatriði að vinna þetta. Ég er reyndar að sýna þetta kvöld og skora því bara á þá kumpána að mæta og taka við verðlaununum fyrir mína hönd. Þeir geta þá flutt stutta ræðu um mitt ágæti sem leikari." - fgg


föstudagur

fylgir Fréttablaðinu á morgun




**Gerður Kristný rithöfundur er búin að skrifa draugasögu fyrir börn**

Mér fannst frekar leiðinlegt að vera barn og ætlaði ekki að leggja það á neinn




FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga


RISA
ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
MARKAÐUR
Nú færum við
Perlumarkaðinn
og verðum í MEST húsinu
Norðlingaholti
AÐEINS
10 DAGAR
6. - 16.
NÓVEMBER
Opnum
í dag frá
12 til 20
VIÐ ERUM HÉR
Norðlingabraut
Norðlingabraut
Suðurlandsvegur
Helluvað
BROS
olis
Norðlingabraut
Norðlingavað
Hólmvað
Hólmvað
Bugða
Hólavað
Kólguvað
Krókavað
Kambavað
Bugða
Hólavað
Bugða
Hólmvað
Útsöluvörur frá
Kaupfélagið
skór.is
STEINAR WAAGE
ecco
BLEND
PUMA
adidas
Clarks
SKECHERS
RBK

## > Stoppa KR-ingar Pál Axel í kvöld?

Það verður sannkallaður stórleikur í Iceland Express-deild karla í DHL-Höll þeirra KR-inga í kvöld þegar Grindvíkingar koma í heimsókn og einu ósigruðu lið deildarinnar mætast í sannkölluðum toppslag. KR-ingar unnu úrslitaleik liðanna í Powerade-bikarnum á dögunum á flautukörfu Jasons Dourisseau en þeir þurfa að finna leiðir til að stoppa vonarstjörnu deildarinnar. Páll Axel Vilbergsson hefur skorað rúmlega stig á mínútu í fyrstu fimm leikjum Grindavíkur (33,6 stig á 32,8 mínútum) og hann hefur hitt úr 61 prósenti af þriggja stiga skotum sínum (22 af 36). Aðrir leikir kvöldsins eru Þór Akureyri-Stjarnan og Keflavík-FSu en allir þrír leikirnir hefjast klukkan 19.15.




**sport**

sport@frettabladid.is

**TONY PERSSON, YFIRMAÐUR ÍÞRÓTTAMÁLA HJÁ GAIS:** ER ÁNÆGÐUR MEÐ NÝJUSTU LIÐSMENN SÆNSKA FÉLAGSINS

# *Hugarfar íslenskra leikmanna er til eftirbreytni*





Sænska úrvalsdeildarfélagið GAIS kynnti á blaðamannafundi í gær þrjá nýja liðsmenn til sögunnar, þá Hallgrím Jónasson, Guðjón Baldvinsson og Guðmund Reyni Gunnarsson. Af því tilefni hafði Fréttablaðið samband við Tony Persson, yfirmann íþróttamála hjá GAIS, og spurði hann út í þessa miklu trú og stóraukinn áhuga sænska félagsins á íslenskum leikmönnum en fyrir hjá GAIS er fyrrum Fylkismaðurinn Eyjólfur Héðinsson. Þá sneri Keflvíkingurinn Jóhann Birnir Guðmundsson aftur heim í sumar eftir þrjú tímabil með sænska félaginu.

„Já, núna erum við með fjóra íslenska leikmenn á okkar snærum og erum mjög ánægðir með það. Eyjólfur hefur verið frábær hjá okkur og Jóhann einnig og þeir hafa báðir þetta íslenska hugarfar sem okkur líkar og er öðrum til eftirbreytni. Við bindum því miklar vonir við nýjustu liðsmenn okkar,“ segir Persson.

Þremenningarnir Hallgrímur, Guðjón og Guðmundur Reynir skrifuðu allir undir fimm ára samninga við GAIS og Persson útskýrir af hverju sænska félagið lagði ríka áherslu á það.

„Við lögðum mikla áherslu á að Hallgrímur, Guðjón og Guðmundur Reynir myndu skrifa undir langtímasamninga við okkur vegna þess að þeir eru ungir og efnilegir leikmenn sem við teljum að hafi alla burði til þess að ná enn lengra í framtíðinni. Við teljum að með því að gera fimm ára samninga við leikmennina að þá séum við í raun að tryggja enn betur fjárfestingu okkar í þeim. Við lögðum til mikla peninga til þess að fá þá til félagsins og við viljum geta fengið eitthvað af þeirri upphæð til baka og vonandi meira til ef þeir fara í annað félag í framtíðinni,“ segir Persson.




**ÓSÁTTUR** Hermann hefur lítið fengið að spreyta sig með Portsmouth á þessari leiktíð. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hermann Hreiðarsson:

## Óánægður með fá tækifæri

**FÓTBOLTI** Landsliðsfyrirliðinn Hermann Hreiðarsson hefur lítið fengið að spreyta sig með Portsmouth á þessari leiktíð og hagur hans hefur ekkert vænkast þó svo að stjóraskipti hafi orðið á Fratton Park þegar Tony Adams tók við af Harry Redknapp.

Umboðsmaðurinn Ólafur Garðarsson staðfesti í viðtali við The Times að Hermann væri ósáttur við stöðu mála.

„Á þessum tímapunkti á ferlinum er erfitt fyrir hann að sitja bara á varamannabekknum og fá ekkert að spila,“ segir Ólafur. - óþ

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Sáttur hjá Barca

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen ítrekaði í viðtali við spænska blaðið Revista í gær að hann væri ánægður hjá Barcelona og hafi fengið nýja sýn á stöðu mála undir stjórn Pep Guardiola.

„Ánægjan kemur með jákvæðum úrslitum og þegar þú spilar vel. Það má vera að það hafi komið tímabil í fyrra þar sem ég sá ekki til sólar með það að gera. Ég hef mikinn metnað til þess að vinna titla með Barcelona og Guardiola hefur sannfært mig um að ég hafi hlutverk að leika hjá honum,“ segir Eiður Smári. - óþ

# Veigar Páll kominn í úrvalshóp

**Veigar Páll Gunnarsson endaði um síðustu helgi frábært tímabil með Stabæk í Noregi en hann er aðeins fimmti íslenski knattspyrnumaðurinn sem nær að skora tíu mörk fyrir erlent meistaralið.**

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson átti frábært ár, skoraði 10 mörk fyrir Noregsmeistara Stabæk auk þess að leggja upp önnur 14 mörk. Hann leiddi norsku deildina í stoðsendingum annað árið í röð og hefur alls lagt upp 31 mark síðustu tvö tímabil.

Veigar Páll náði tíunda markinu á tímabilinu þegar hann skoraði þrennu í 6-2 sigri á Vålerenga en með þeim þremur stigum tryggði Stabæk-liðið sér norska meistaratitilinn. Með því að verða meistari og skora tíu mörk bættist Veigar Páll í úrvalshóp fjögurra annarra íslenskra knattspyrnumanna sem hafa afrekað slíkt á erlendri grundu og sá fyrsti sem nær því í Noregi.

### Spila skemmtilegasta boltann

„Ég er mjög sáttur við tímabilið þó svo að ég sé með færri mörk og færri stoðsendingar heldur en í fyrra, þá fannst mér ég vera að spila betur í ár en í fyrra. Það segir að ég held hver einasti maður hér í Noregi að við séum búnir að vera sannfærandi besta liðið og að við séum að spila skemmtilegasta boltann,“ segir Veigar Páll sem er einn þriggja leikmanna Stabæk sem voru tilnefndir sem bestu leikmenn deildarinnar í ár.

Veigar Páll segir það mikinn heiður að vera nefndur í sömu mund og þeir Teitur Þórðarson, Ásgeir Sigurvinsson, Arnór Guðjohnsen og Eiður Smári Guðjohnsen.

„Það er gaman að vita að maður sé kominn í hóp með þessum þremur. Ég leit gríðarlega upp til Ásgeirs og Arnórs þegar þeir voru að spila þegar ég var smástrákur. Eiður er síðan að mínu mati besti fótboltamaður sem Ísland hefur átt. Það er ekki leiðinlegt að kast í þann hóp,“ segir Veigar Páll.



**1978 OG 1980** Teitur Þórðarson skoraði bæði árin 11 mörk í 26 leikjum með Svíþjóðameisturum Öster.



**1984** Ásgeir Sigurvinsson skoraði 12 mörk í 31 leik með Þýskalandsmeisturum Stuttgart.



**1987** Arnór Guðjohnsen skoraði 19 mörk í 34 leikjum með Belgíumeisturum Anderlecht.

Teitur Þórðarson var fyrstur Íslendinga til að komast í þennan hóp og hann er enn fremur sá eini sem hefur náð þessu tvívegis. Teitur skoraði 11 mörk í 26 leikjum fyrir Öster þegar liðið vann sænska meistaratitilinn 1978 og endurtók leikinn síðan tveimur árum síðar en hann skoraði þá einnig 11 mörk í leikjunum 26.

### Valdir bestir í sínum deildum

Ásgeir Sigurvinsson átti sitt besta tímabil þegar hann vann þýska titilinn með Stuttgart árið 1984. Ásgeir skoraði þá 12 mörk í 31 leik af miðjunni og var í lok tímabilsins kosinn besti leikmaður deildarinnar valinn af öðrum leikmönnum.

Arnór Guðjohnsen átti einnig einstakt tímabil með Anderlecht í Belgíu 1986-87. Arnór náði þá þrennu sem enginn hefur enn leikið eftir sem er að vera meistari, markahæstur og kosinn bestur. Arnór skoraði 19 mörk í 34 leikjum fyrir Anderlecht þetta tímabil en hann spilaði oftast framarlega á miðjunni.

### Í bestu deild í heimi

Eiður Smári Guðjohnsen átti frábært tímabil með Chelsea þegar liðið vann sinn fyrsta meistaratitil í fimmtíu ár 2004-05. Eiður Smári skoraði 12 mörk í 37 leikjum og var í áttunda sæti yfir markahæstu leikmenn úrvalsdeildarinnar. Það var aðeins Frank Lampard sem skoraði fleiri deildarmörk en Eiður en hann skoraði einu marki meira. Tveir leikmenn voru afar nálægt því að komast í þennan hóp en það voru þeir Eyjólfur Sverrisson og Þórður Guðjónsson. Eyjólfur skoraði 9 mörk í 33 leikjum fyrir Besiktas þegar liðið vann tyrkneska meistaratitilinn 1994-95 og Þórður skoraði 9 mörk í 28 leikum fyrir Genk þegar liðið vann belgíska meistaratitilinn 1998-99.

Samvinna Veigars Páls og Svíans Daniels Nannskog hefur skilað stórum hluta af þeim 58 mörkum sem liðið hefur skorað í sumar.

„Það sem einkennir mig og framherjann Daniel Nanneskog að við erum svo ólíkar týpur. Við erum að búa til svo mikið svæði fyrir hvor annan. Hann er alltaf að ógna fyrir aftan vörnina en síðan er ég alltaf að ógna á milli miðju og varnar. Stundin veit vörnin ekkert hvað hún á að gera,“ segir Veigar Páll í léttum tón.




**2008** Veigar Páll Gunnarsson skoraði 10 mörk í 26 leikjum með Noregsmeisturum Stabæk.




**2005** Eiður Smári Guðjohnsen skoraði 12 mörk í 37 leikjum með Englandsmeisturum Chelsea.

NORDICPHOTOS/GETTY

Veigar Páll varð tvisvar meistari með KR áður en hann fór út til Stabæk. Hann skoraði 14 mörk í 30 leikjum á sínum tveimur sumrum í Vesturænum. „Þetta er ekki öðruvísi en þegar ég vann með KR. Mér finnst þetta aðeins merkilegra því maður er að spila í sterkari deild og þetta er miklu stærra en á Íslandi. Þegar ég vann titilinn með KR í fræga þyrluleiknum er stærsta stundin mín á ferlinum ásamt þessari hérna,“ segir Veigar Páll.

### Geta unnið tvöfalt

Veigar Páll og félagar eiga enn möguleika á að bæta við titli því liðið mætir Vålerenga í bikarúrslitaleiknum á sunnudaginn kemur. „Það er gríðarlega skemmtilegt að fara að spila bikarúrslitaleik. Þetta verður alveg sögulegt ef við vinnum tvöfalt,“ segir Veigar Páll.

ooj@frettabladid.is





MIÐNÆTUROPNUN
- OPIÐ FRÁ 12:00 – 01:00 Í KVÖLD, SALA HEFST 23.59!
SPECIAL EDITION! FÆST AÐEINS Í GAMESTÖÐINNI
Stórfengleg saga. Í Gears of War 2 höldum við áfram sögu Marcus Fenix og Delta Sveitinni sem eru í stigmagnandi bardaga við næturverurnar Locust Horde fyrir tilvistarétt mannkynsins. Gears of War 2 er stórfengleg saga um afkomu mannkynsins, söknuðar og hefndar.
Ódýrastur!
KREPPULEIKIR!
- Allir spilaðir playstation 2 leikir á 999,-
999,-
SVONA VIRKAR GAMESTÖÐIN!
1 KOMDU MEÐ GÖMLU LEIKINA EÐA LEIKJATÖLVUNA
2 SKIPTU ÞEIM UPP Í... EÐA FÁÐU PENINGINN!
3 KAUPTU LEIKJATÖLVUR EÐA LEIKI Á ÓTRÚLEGUM KJÖRUM!
50% AFSLÁTTUR!
- Af völdum spiluðum PS3, Wii og Xbox 360 leikjum
1.499,-
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA
- BORGAÐU MINNA!
Komdu með rispaða diska til okkar og við gerum þá eins og nýja
Virkar fyrir tónlistar-, leikja-, og DVD diska!
OPIÐ 12-22 ALLA DAGA · SKEIFAN 17 · 550 4400

## Meistaradeildin í fótbolta

E-riðill

**Celtic-Man. United 1-1**
1-0 Scott McDonald (13.), 1-1 Ryan Giggs (84.)

**Aalborg-Villarreal 2-2**
0-1 Guiseppe Rossi (41.), 1-1 Jeppe Curth (54.), 1-2 Guille Franco (75.), 2-2 Anders Due (81.)

F-riðill

**Lyon-Steaua 2-0**
1-0 Juninho (44.), 2-0 Reveillere (89.)

**Fiorentina-Bayern München 1-1**
1-0 Adrian Mutu (11.), 1-1 Tim Borowski (78.).

G-riðill

**Arsenal-Fenerbahce 0-0**

**Dinamo Kiev-Porto x-x**
1-0 Artem Milevskyi (21.), 1-1 Rolando (69), 1-2 Lucho (90.+2).

H-riðill

**Real Madrid-Juventus 0-2**
0-1 Alessandro Del Piero (17.), 0-2 Alessandro Del Piero (67.)

**BATE-Zenit 0-2**
0-1 Pavel Pogrebnyak (34.), 0-2 Danny (90.+4).

## N1-deild karla í handbolta

**FH-Haukar 29-28 (13-17)**
Mörk FH: Aron Pálmarsson 10 (16), Guðmundur Pedersen 6/3 (7/3), Hjörtur Hinriksson 3 (5), Ólafur Guðmundsson 3 (11), Sigurður Ágústsson 2 (2), Sigursteinn Arndal 2 (3), Jón Helgi Jónsson 2 (5), Ásbjörn Friðriksson 1 (3),
Varin skot: Magnús Sigmundsson 13/1 (33/3 39,4%), Daníel Andrésson 6/1 (14/4 42,9%)
Mörk Hauka: Sigurbergur Sveinsson 9/3 (16/4), Andri Stefan 6 (11), Einar Örn Jónsson 4/2 (7/3), Kári Kristján Kristjánsson 3 (5), Gísli Jón Þórisson 2 (3), Gunnar Berg Viktorsson 2 (4), Pétur Pálsson 1 (1), Freyr Brynjarsson 1 (5)
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 14 (37/2 37,9%), Gísli Guðmundsson 4 (10/1 40%)

## Iceland Express-kvenna

**Hamar-Valur 67-51 (42-27)**
Stig Hamars: LaKiste Barkus 17 stig, Dúfa Ásbjörnsdóttir 12, Julia Demirer 11, Íris Ásgeirsdóttir 10, Hafrún Hálfdánardóttir 8,
Stig Vals: Signý Hermannsdóttir 15 (10 frák.,4 stoðs.), Lovísa Guðmundsdóttir 12, Þórunn Bjarnadóttir 9 (8 frák.), Berglind Ingvarsdóttir 6,

**Keflavík-Grindavík 75-78 (30-35)**
Stig Keflavíkur: Pálína Gunnlaugsdóttir 16, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 16.
Stig Grindavíkur: Petrúnella Skúladóttir 19, Ólöf Helga Pálsdóttir 12, Íris Sverrisdóttir 12,

**Haukar-Fjölnir 71-60**

Öruggur sigur Hamars á Val í Hveragerði í gærkvöld:

# Ævintýri Hamarskvenna heldur áfram

**KÖRFUBOLTI** Hamar hélt áfram sigurgöngu sinni í Iceland Express-deild kvenna með öruggum 16 stiga sigri, 67-51, á Val í Hveragerði í gær. Hamar tók frumkvæðið þegar liðið skoraði 8 stig í röð og breytti stöðunni úr 11-14 í 19-14 í fyrsta leikhluta og leit aldrei til baka eftir það. Hamar var 42-27 yfir í hálfleik og náði mest 21 stigs forskoti en staðan var 52-38 fyrir lokaleikhlutann.

Hamarsstelpurnar settu nýtt félagsmet með því að vinna fimmta leikinn í röð en strákalið Hamars hafði mest náð að vinna fjóra fyrstu leiki sína á tímabili. Liðsheild og barátta Hamarsliðsins skilar liðinu langt og þá sérstaklega í vörninni og sóknarfráköstunum en Hamarsliðið tók alls 18 sóknarfráköst í gær og hélt Valsliðinu í 32 prósent skotnýtingu. Ari Gunnarsson er greinilega búinn að kenna stelpunum að vinna leiki og það verður gaman að fylgjast með þeim í næstu leikjum.

LaKiste Barkus (17 stig, 12 fráköst og 7 stoðsendingar) var taust í liði Hamars og þær Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir og Íris Ásgeirsdóttir áttu báðar frábæra innkomu af bekknum og skoruðu saman 22 stig og tóku 12 fráköst. Hjá Val lék Signý Hermannsdóttir best en hitti illa eins og restin af liðinu. Sóknarleikur Valsliðsins er að verða mikill höfuðverkur fyrir Robert Hodgson þjálfara. - óój



**STERKAR** Dúfa Dröfn og Íris Ásgeirsdóttir komu sterkar af bekknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓÓJ

# Háspenna í Hafnarfirði

**Boðið var upp á frábæra skemmtun í Krikanum í gær þegar hið unga lið FH skellti Íslandsmeisturum Hauka fyrir framan hátt í 3.000 áhorfendur.**

**HANDBOLTI** Spútniklið FH í N1 deild karla gerði sér lítið fyrir og lagði nágranna sína úr Haukum, 29-28, í frábærum handboltaleik fyrir framan tæplega 2.600 áhorfendur í Kaplakrika.

„Þetta er besti dagurinn á mínum handboltaferli. Ég var með gæsahúð allan leikinn og nett í maganum. Þvílíkir áhorfendur sem við eigum hérna,“ sagði Hjörtur Hinriksson í geðshræringu eftir leikinn.

Haukar voru sterkari í fyrri hálfleik og voru fjórum mörkum yfir í hálfleik, 13-17. FH byrjaði síðari hálfleikinn vel og skoraði sex mörk í röð og náði tveggja marka forystu, 22-20, þegar enn voru 18 mínútur eftir af leiknum. Eftir það var leikurinn í járnum.

„Við vorum að spila við hörkulið. Við áttum í erfiðleikum í fyrri hálfleik gegn sterkri vörn. Aron hélt okkur á floti í fyrri hálfleik. Þetta var mikið betra í síðari hálfleik. Þá lékum við fína vörn og hlutirnir gengu betur.

„Það er ákveðin ástríða sem maður hefur fyrir því að vera hérna í FH. Þetta eru strákar sem kunna ekkert annað en að vinna í handbolta og það er þvílíkur heiður og heppni að fá að spila með þeim. Hverjir hefðu ekki brotnað við að missa tveggja marka forskot og vera allt í einu undir þegar tvær og hálf mínúta var eftir? Þessir strákar eru 18 ára en eru það hvorki líkamlega né andlega. Við erum með hörkulið.

„Þetta gengur vonum framar en við höldum okkur við okkar markmið og það er að halda sætinu í deildinni. Það hefur ekki breyst,“ sagði fyrirliði toppliðs FH.



**FRÁBÆR** Ungstirnið Aron Pálmarsson átti enn einn stórleikinn er FH skellti Íslandsmeisturum Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**STEMNING** Það var brjáluð stemning á pöllunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikil dramatík var á lokasprettinum. Aron Pálmarsson sem fór á kostum í liði FH skoraði síðasta mark leiksins þegar fjörutíu sekúndur voru eftir og hófst í kjölfarið mikill darraðardans þar sem liðin misstu boltann á víxl þar til virtist sem Andri Stefan hefði jafnað metin þegar 10 sekúndur voru til leiksloka en dæmd voru skref.

„Andri skorar fullkomlega löglegt mark hér í restina að mér sýnist og þá hefðu úrslitin væntanlega orðið jafntefli. Þeir dæma skref sem ég skil ekki,“ sagði ósáttur Aron Kristjánsson í leikslok.

„Ég hefði viljað sjá reynslumeira par á leiknum. Þetta var erfitt verkefni en þeir hefðu komist ágætlega frá verkefninu ef þeir hefðu ekki gert þessi mistök í lokin. Þetta var mjög svekkjandi. Hér var leikinn hörkuhandbolti á löngum köflum. Við missum taktinn í kortér í seinni hálfleik og þeir komast inn í leikinn og yfir. Svona er þetta stundum.

Við gerðum okkur seka um mistök sem við erum ekki vanir að gera. Menn urðu svolítið æstir eins og einkennir þessa nágrannaslagi,“ sagði Aron að lokum sem hrósaði FH fyrir frábæra umgjörð leiksins. - gmi

Línur farnar að skýrast í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu:

# Juventus skellti Real á Spáni

**FÓTBOLTI** Ryan Giggs kom Manchester United til bjargar gegn Celtic á útivelli í gær með marki seint í leiknum. United er komið áfram sem og Villarreal í E-riðli en spænska liðið gerði jafntefli við Álaborg.

Lyon og Bayern Munchen eru líka svo gott sem komin áfram í F-riðli eftir leiki gærkvöldsins. Arsenal stendur vel að vígi þrátt fyrir markalaust jafntefli gegn Fenerbahce á heimavelli. Arsenal á toppnum með 8 stig og Porto í öðru sæti með 6 eftir ævintýralegan sigur á Dynamo Kiev í Kænugarði.

Juventus er komið áfram í H-riðli eftir frækinn sigur á Real Madrid á Santiago Bernbeau. Alessandro Del Piero skoraði mörkin sem bæði voru stórglæsileg. Real Madrid í öðru sæti þrátt fyrir tapið en Zenit er aðeins tveim stigum á eftir Real þegar tvær umferðir eru eftir af riðlakeppninni. - hbg



**MAGNAÐUR** Gamla brýnið Alessandro Del Piero skoraði tvö frábær mörk gegn Real Madrid í gær. NORIDC PHOTOS/GETTY IMAGES

BlueSprinkler
Moppuskaft með innbyggðu úðakerfi
Hver áfylling dugar til að þrífa 100 fm.
Engin fata eða skúringavagn,
bara eitt létt ál-moppuskaft.
Vönduð Microfiber moppa fylgir með.
Einfaldaðu þrifin...það er svo miklu skemmtilegra...
Hrein snilld!
TAKK hreinlæti ehf.
Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500
www.takk.is

Gæðamálning á góðu verði
Berið saman verð og gæði!
DEKA PRO 10 - 10L
4.990 kr.
Opið mán-föstud. 8-18
laugardaga 9-16
Meiri gæði / Lægra verð
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Kletthálsi 7 Sími 412 2500

Auglýsingasími
512 50 50

FÁKUR
Kynningafundur um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Víðidal
Hestamannafélagið Fákur efnir til kynningafundar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Víðidal mánudaginn 10. nóvember kl. 20:00 í félagsheimili Fáks.
Breytingin nær til suð-vesturhluta hestaíþróttasvæðis Fáks sem á núverandi skipulagi er skilgreint sem uppgrætt bílastæði. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu atvinnutengdrar starfsemi og þjónustu fyrir hestamenn.
Sjá nánar á www.fakur.is

JACK & JONES
Manu bolur
SMÁRALIND: 990 kr.
KØBEN: 2.770 kr.
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Helgarferð í Smáralind er alltaf ódýrari




# LAGERSALA

## FIMMTUDAG, FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG

í lagerhúsnæði okkar að
Norðurhellu 10, Hafnarfirði (sjá kort)

**OPIÐ ALLA LAGERSÖLUDAGANA KL. 12-18**

## ALLAR VÖRUR MEÐ 50-90% AFSLÆTTI

Útlitsgallaðar vörur og sýnishorn úr verslun
Mikið úrval af vörum sem eru að hætta í sölu

TEKK COMPANY

Gerum hús að heimili www.tekk.is

## > Zach Braff

„Þar sem búið er að gera fimm þáttaraðir þá er þetta ekki lengur spurning um að reyna að laða fólk að. Við vitum hvað fólki líkar og nú höldum við áfram að láta það fá það sem það vill.“ Braff leikur lækninn J.D. Dorian í þættinum Nýgræðingar (Scrubs) en Sjónvarpið byrjar að sýna nýja þáttaröð í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON VELTIR FYRIR SÉR DVÍNANDI VÆGI SJÓNVARPSFRÉTTA

# *Í fréttum er þetta helst ...*

Eftir því sem fréttamiðlar á netinu sækja í sig veðrið hefur á sama tíma dregið mjög úr vægi kvöldfrétta sjónvarpsstöðvanna.

Langmest af því sem sagt er í kvöldfréttunum hefur þegar komið fram á netinu fyrr um daginn og í raun er engu við það að bæta. Að auki eru í þessum fréttatímum margoft vitnað í viðtöl sem þegar hafa birst í spjallþáttum annaðhvort í Ríkissjónvarpinu eða á Stöð 2.

Sem sagt, fylgist fólk með netinu yfir daginn og einnig með þáttum á borð við Silfur Egils og Markaðinn er eftir harla litlu að slægjast í kvöldfréttunum.

Bestar eru þær þegar sagt er frá líðandi atburðum í beinni útsendingu. Þar nýtist sjónvarpsmiðillinn gríðarlega vel, enda oft á tíðum mikill hasar í slíkum útsendingum.



**FRÉTTATÍMI** Netmiðlar hafa tekið við sem aðalfréttaveita almennings á kostnað kvöldfrétta sjónvarpsstöðvanna.

Einnig geta fréttatímarnir verið góðir í að sýna á myndrænan hátt samantektir á ákveðnum málefnum, eins og þeim sem tengjast efnahagsástandinu. Línurit og gröf koma þar sterk inn til að útskýra málin enn betur. Ítarlegar fréttaskýringar geta einnig verið áhugaverðar þar sem dregin er upp skýrari mynd af áhugaverðum málum.

Netið hefur engu síður algjörlega tekið við sem aðalfréttaveita almennings. Þar gerist allt á örskotsstundu, maður fær glænýjar fréttir beint í æð og er því orðinn vel saddur þegar kemur loks að kvöldfréttatímanum.

Hvort dauði kvöldfréttanna sé yfirvofandi er aftur á móti annað mál. Þær eru þrátt fyrir allt ágæt samantekt á málefnum dagsins, en vægi þeirra er bara ekki það sama og áður.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30 Game tíví** SKJÁREINN



▶ **19.50 Tottenham - Dinamo Zagreb** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Godsend** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.35 Prison Break** STÖÐ 2



▶ **22.25 Kvennaráð (Mistresses)** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kajsa og kýrin** (1:3)(e)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Kallakaffi** (9:12) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Káta maskínan** Þorsteinn J. fjallar um myndlist, leiklist og kvikmyndir.
**20.45 Nynne** (Nynne) (3:13) Dönsk gamanþáttaröð frá 2005 byggð á vinsælum dálki í Politiken um unga konu sem er illa haldin af neyslubrjálæði, lifir fyrir merkjavöru og skyndikynni við karlmenn, og á nóg af ónotuðum kortum í líkamsræktarstöðvar. Aðalhlutverk: Mille Dinesen og Mette Storm.
**21.30 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk leika Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Kvennaráð** (Mistresses) (3:6) Bresk þáttaröð um fjórar vinkonur og fjölskrúðugt ástalíf þeirra. Meðal leikenda eru Sarah Parish, Sharon Small, Shelley Conn, Orla Brady, Raza Jaffrey, Adam Rayner og Patrick Baladi.
**23.15 Sommer** (Sommer) (1:10) (e)
**00.15 Kastljós** (e)
**00.55 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Deuce Bigalow. European Gigolo**
**10.00 Jimmy Neutron. Boy Genius**
**12.00 Life Support**
**14.00 Deuce Bigalow. European Gigolo**
**16.00 Jimmy Neutron. Boy Genius**
**18.00 Life Support**
▶**20.00 Godsend** Hörkuspennandi drama um hjón sem missa ungan son sinn en í samvinnu við dularfullan og sérvitran lækni ákveða þau að klóna hann.
**22.00 The Business**
**00.00 Longford**
**02.00 The Prophecy 3**
**04.00 The Business**
**06.00 Home for the Holidays**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 La Fea Más Bella** (186:300)
**10.20 Grey's Anatomy** (31:36)
**11.15 Hell's Kitchen** (4:11)
**12.00 Grey's Anatomy** (4:25)
**12.45 Neighbours**
**13.10 Forboðin fegurð** (64:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (65:114)
**14.45 Ally McBeal** (19:23)
**15.35 Friends**
**16.00 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.25 Háheimar**
**16.50 A.T.O.M.**
**17.13 Hlaupin**
**17.23 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons** (22:22)
**19.55 Friends** (20:25)
**20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (3:10)
**20.50 The Celebrity Apprentice** (9:13) Auðkýfingurinn Donald Trump leiðir saman misskærar stjörnur í hörkuspennandi markaðs- og fjáröflunarkeppni.
▶**21.35 Prison Break** (6:22) Michael Scofield braust út úr fangelsi með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
**22.20 Bond On Location**
**22.45 Octopussy**
**00.50 Fringe** (4:22)
**01.35 Shade**
**03.05 Traveler** (7:8)
**03.50 Shark** (3:22)
**04.35 The Celebrity Apprentice** (9:13)
**05.20 The Simpsons** (22:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu**
**07.40 Meistaradeild Evrópu**
**08.20 Meistaradeild Evrópu**
**09.00 Meistaradeild Evrópu**
**16.10 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**17.50 Meistaradeild Evrópu**
**18.30 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**19.25 Inside the PGA**
▶**19.50 UEFA Cup** Bein útsending frá leik Tottenham og Dinamo Zagreb í Evrópukeppni félagsliða.
**21.50 Utan vallar** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.
**22.40 24/7 Calzaghe - Roy Jones jr.** Fylgst með undirbúningi Joe Calzaghe og Roy Jones jr. fyrir bardagann mikla.
**23.10 Ultimate Fighter** Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC.
**23.55 NFL-deildin** Hver umferð í NFL-deildinni er skoðuð í bak og fyrir. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
**00.25 Utan vallar**
**01.15 UEFA Cup**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Sunderland.
**19.00 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches** Newcastle - Tottenham, 1996.
**21.00 PL Classic Matches** Blackburn - Leeds, 1997.
**21.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.
**22.40 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**23.35 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**00.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Portsmouth og Wigan.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit / Útlit** (7:14) (e)
**09.35 Vörutorg**
**10.35 Óstöðvandi tónlist**
**16.30 Vörutorg**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Charmed** (7:22) (e)
**19.05 What I Like About You** (16:22)
▶**19.30 Game tíví** (9:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. í kvöld verður m.a. nýi James Bond-leikurinn gagnrýndur, farið er í glænýjan íþróttaraunveruleik og kíkt á leikina Gears of War 2, Legendary, Killzone 2 og Mirror's Edge auk þess sem Empire of the Rising Sun liðið úr hinum vinsæla leik Command&Conquer 3 verður sérstaklega kynnt.
**20.00 Family Guy** (16:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
**20.30 30 Rock** (9:15) Það er komið að jólapartíi hjá starfsliði TGS en Tracy getur ekki tekið þátt í fjörinu vegna þess að honum er gert að ganga með armband sem fylgist með alkóhólnotkun hans. Liz fær skrautlega fjölskyldu sína í heimsókn og mamma Jacks kemur óvænt frá Flórída til að heimsækja litla soninn sinn.
**21.00 House** (10:16) House og hans lið reyna að hjálpa konu sem missir allan mátt í höndunum og verður til þess að dóttir hennar slasast. House er sannfærður um að konan segi honum ekki allan sannleikann. Þegar hún missir sjónina og líkaminn fer að gefa sig þarf House að komast að leyndarmáli hennar til að bjarga henni.
**21.50 CSI. Miami** (7:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 America's Next Top Model** (6:13)
**00.20 Vörutorg**
**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ARCTIC TRUCKS

# Er jeppinn þinn í lagi?

Sérhæfð viðhalds- og viðgerðaþjónusta fyrir jeppa-eigendur

Nú þegar vetur er genginn í garð er mikilvægt að huga að öryggi og virkni bílsins. Arctic Trucks býður sérhæfða viðhalds- og viðgerðaþjónustu fyrir breytta og óbreytta jeppa. Þjónustan er framkvæmd í fullkominni jeppaskoðunarstöð Arctic Trucks, af starfsmönnum sem eru sérfróðir um jeppa.

Kynntu þér málið á www.arctictrucks.is eða hjá ráðgjöfum okkar í síma 540 4900.



**Arctic Trucks býður sérstök afsláttarkjör af dekkjum og dekkjavinnu í nóvember:**
18% afsláttur af öllum dekkjum
15% afsláttur af allri dekkjavinnu

Arctic Trucks - Kletthálsi 3 - Sími 540 4900 - www.arctictrucks.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20
### Eldsnöggt með Jóa Fel

Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel er mættur til leiks og verður nú á flakkinu sem aldrei fyrr. Í þáttaröðinni sækir hann heim okkar færustu matreiðslumeistara. Snillingar sem sannarlega eru á heimsmælikvarða. Í þessum þriðja þætti bregður Jói undir sig betri fætinum og skellir sér út fyrir borgarmörkin. Leiðin liggur í Kjósina þar sem Leifur Kolbeinsson á La Primavera eyðir mestum tíma sínum á sumrin, ekki þó við veiðar heldur sér hann um hið rómaða veiðihús í Laxá í Kjós, ásamt mági sínum og fjölskyldu. Það gefur því augaleið að laxinn verður í aðalhlutverki í þessum skemmtilega þætti.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Sex and the City

**Stöð 2 extra kl. 18.00 og 18.30, endursýnt kl. 20.30 og 21.00**

Á fimmtudögum mun Stöð 2 Extra sýna eina eftirminnilegustu þáttaröð síðari tíma, Sex and the City. Carrie Bradshaw er dálkahöfundur sem býr og skrifar fyrir dagblað í New York. Þar veltir hún fyrir sér spurningunni: „af hverju eru svona margar frábærar einhleypar konur í borginni en engir frábærir karlmenn til að vera með þeim.“ Hennar helsta upplýsingaveita fyrir skrifin eru bestu vinkonur hennar, Samantha, Charlotte og Miranda.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**11.45** Í mótbyr
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Zampa
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Í nýju landi
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (53:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (54:260)
**17.00 Seinfeld** (8:24)
**17.30 Help Me Help You** (5:13)
**18.00 Sex and the City** (1:12)
**18.30 Sex and the City** (2:12)
**19.00 Hollyoaks** (53:260)
**19.30 Hollyoaks** (54:260)
**20.00 Seinfeld** (8:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
**20.30 Help Me Help You** (5:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem fæst við að hjálpa veiku fólki að takast á við raunveruleikann en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
**21.00 Sex and the City** (1:12)
**21.30 Sex and the City** (2:12)
**22.00 Grey's Anatomy** (3:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þær áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Dr. Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace stendur frammi fyrir því að missa sinn sess sem eitt virtasta háskólasjúkrahús landsins.
**22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður Neytendasamtakanna, ræðir um hagsmuni neytenda.
**21.30 Óli á Hrauni** Umsjónarmaður er Ólafur Hannesson, formaður Jafnréttindafélagsins. Hann tekur fyrir málefni sem brenna á þjóðinni.

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Plan dk **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Update **15.30** Isa's stepz **16.00** Den amerikanske drage **16.25** Søvnløse nætter **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Hvor er vi landet? **19.30** Aldrig mere fængsel **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** SOS **21.50** Sugar Rush **22.15** Eureka **22.55** Hul igennem **23.40** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Barmeny **13.30** ‚Allo, ‚Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Fabrikken **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** Hannah Montana **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 70-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Höök **21.30** Berserk gjennom Nordvestpassasjen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Kodenavn Hunter **23.45** Diamantenes verden

## SVT 1

**12.05** Morgonsoffan **12.55** Plus **13.25** Fråga doktorn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Hannah Montana **15.30** Rea **15.55** Bernard **16.00** Jultomtens lärling **16.10** Krumelurdjur **16.15** En unge till **16.20** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.25** Farbrorn som inte vill va' stor **16.35** Evas superkoll **16.55** Tre Kronor live. Karjala Cup **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Tre Kronor live. Karjala Cup **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Tre Kronor live. Karjala Cup **19.30** Andra Avenyn **20.00** Höök **21.00** Debatt **21.45** Grosvold **22.30** Kulturnyheterna **22.45** Uppdrag Granskning **23.45** Toppform **00.15** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Konan mín skammar mig alltaf fyrir morgunmatinn sem samanstendur yfirleitt af kaffibolla. En þegar ég man eftir því að borða þá er það yfirleitt Allbran og AB-mjólk en yfirleitt er ég svo mikið að flýta mér að ég gleymi því.*

Ragnar Bjarnason, söngvari.v

# Guðlastari ritar um guðsmann

„Er það ekki hæfilegt? Svo má finna þess merki í gömlum frásögnum að kirkjunni þótti sumt í Passíusálmum jaðra við guðlast,“ segir Úlfar Þormóðsson rithöfundur sem sent hefur frá sér sögulega skáldsögu um sjálfan séra Hallgrím Pétursson.

Án þess að farið sé nánar út í það var Úlfar, þá ritstjóri spaugblaðsins Spegilsins, dæmdur fyrir guðlast. Spegillinn var gerður upptækur að beiðni ríkislögreglustjóra. Hallgrímur er hins vegar eitt af stóru nöfnunum í kirkjusögunni, og reyndar menningarsögunni allri, en Úlfar segir þó engan hafa fett fingur út í að hann sé að fjalla um Hallgrím. „Þetta eru nú bara tveir Skagfirðingar að tala saman,“ segir Úlfar. Og skýtur ekki loku fyrir að þeir séu skyldir. „Hann átti langalangafa sem var kaþólskur prestur og átti fimmtíu börn auk lausaleiksbarna. Við náum saman þar.“



**ÚLFAR ÞORMÓÐSSON** Hefur enn ekki fengið viðbrögð frá kirkjunnar mönnum þótt hann, guðlastarinn, fjalli þarna um hin helgu vé.

Bók Úlfars um Hallgrím er nýlega komin út og hafa viðbrögð þeirra sem hafa lesið verið afar góð að sögn Úlfars. Svo góð að hann er nánast feiminn. Myndin sem dregin er upp af Hallgrími er sú að hann hafi verið holdlegur og breyskur maður. Úlfar hefur ekki fengið viðbrögð frá kirkjunnar mönnum. Ekki enn. „Kirkjan er yfirleitt svifasein. Þeir voru með kirkjuþing, ætluðu sér að gera eitthvað voðalega mikið en svo heyrist ekkert í þeim. Þeir eiga líklega eftir að lesa þetta blessaðir mennirnir. Þeir eru sæmilega launaðir og ættu að hafa efni á að kaupa bókina. Ef þeir eru ekki mjög fastir á fé, nema þeir hafi tapað því í ofursjóðum,“ segir Úlfar. Sem telur reyndar að kirkjan ætti að þakka sér að frelsa Hallgrím úr ofurþögn guðshúsanna – þar sem hann á ekki heima. **- jbg**



**HALLGRÍMUR PÉTURSSON** Í bók Úlfars er meðal annars dregin upp sú mynd af Hallgrími að hann hafi verið holdlegur og breyskur maður.



**LÁRÉTT**
**2.** atlaga, **6.** í röð, **8.** þrá, **9.** rúm ábreiða, **11.** drykkur, **12.** klingja glösum, **14.** þvo, **16.** sjó, **17.** flott, **18.** beita, **20.** skóli, **21.** bylgja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds, **3.** kyrrð, **4.** ástir, **5.** atvikast, **7.** aftursæti, **10.** klastur, **13.** hrós, **15.** ilmur, **16.** andi, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** árás, **6.** áb, **8.** ósk, **9.** lak, **11.** te, **12.** skála, **14.** skola, **16.** sæ, **17.** fín, **18.** áta, **20.** fg, **21.** liða.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** ró, **4.** ástalíf, **5.** ske, **7.** baksæti, **10.** kák, **13.** lof, **15.** angi, **16.** sál, **19.** að.

## VESTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Hussein
2. Borgarfirði eystri
3. Kristján Arason







## EINAR BÁRÐARSON: SÉ ÞETTA SEM LEIÐ TIL AÐ VERÐA AÐ GAGNI

# Umboðsmaður Íslands tekur að sér alþingismann

„Þegar kallað er eftir aðstoð úr þessari átt, á tímum sem þessum, getur maður ekki skorast undan. Ég sá þetta sem leið til að geta orðið að einhverju gagni,“ segir Einar Bárðarson sem oft hefur verið kallaður umboðsmaður Íslands.

Einar hefur nú verið ráðinn til að verða aðstoðarmaður Kjartans Ólafssonar, 4. þingmanns Suðurkjördæmis, og situr hann á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Kjartan er 3. varaforseti Alþingis og hefur verið frá 2007. Nú, þegar allt leikur á reiðiskjálfi í samfélaginu og stjórnmálamenn sitja undir ámæli um að ráða ekki neitt við neitt, hlýtur það að teljast afar sterkur leikur hjá Kjartani að ráða Einar til sín. Einar Bárðarson hefur um langt skeið verið einhver allra farsælasti umboðs- og athafnamaður Íslands. Meðal skjólstæðinga hans eru, og hafa verið, stórstjörnur á borð við Garðar Thor Cortes, Nylon-flokkurinn og hljómsveitin Skítamórall. En það er ekki eins og Einar líti svo á að hann sé til þess ráðinn að passa upp á Kjartan heldur miklu frekar vera honum innan handar með ýmis mál og tiltekin. Suðurkjördæmi nær frá Garði austur að Höfn í Hornafirði, gríðarlega víðfeðmt kjördæmi og í mörg horn að líta.

„Kjartan er duglegur, fylginn sér og heiðarlegur,“ segir Einar. Aðspurður hvernig þetta hafi komið til þá voru þeir staddir saman við athöfn í haust þegar Reykjanesbrautin var tvöfölduð. En Einar hefur nú verið búsettur um hríð í Reykjanesbæ. Þá færði Kjartan þetta í tal við Einar, sagðist vera að leita eftir góðum aðstoðarmanni og hvort Einar væri til í það. „Kjartan er frændi minn og mér að góðu kunnur frá því að ég ólst upp á Selfossi.“



**EINAR BÁRÐARSON** Er vanur að sjá um stjörnurnar en leggst nú á árarnar með Kjartani Ólafssyni, 4. þingmanni Suðurkjördæmis. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**KJARTAN ÓLAFSSON** Ekki er ónýtt fyrir þingmanninn, í þeim ólgustjó sem stjórnmálamenn nú eru, að njóta liðsinnis sjálfs umboðsmanns Íslands.

Einar segir að breyttar aðstæður, frá því að hann var á ferð og flugi um heim allan og til þess að vera nú alfluttur heim, hafi kallað á meiri áhuga hans á því sem er að gerast innanlands og í samfélaginu. Hann slær á létta strengi aðspurður um pólitísk afskipti sín. „Já já, ég náttúrlega hef tuðað við sjónvarpið eins og aðrir landsmenn. En, jú, svo var ég varaformaður ungra sjálfstæðismanna í Árnessýslu um tíma. Seint á síðustu öld. En flakk mitt um heiminn hefur öðru fremur orsakað að ég hef ekki fest mig í neinum embættum eða verkefnum sem tengjast stjórnmálum áður.“

Einar hefur að undanförnu unnið í hlutastarfi við verkefnastjórn, verkefni sem Einar segir ákaflega spennandi og heitir Víkingaheimar, sem opna á í Reykjanesbæ í maí. Einar mun eftir sem áður fylgja því verkefni eftir og úr hlaði. **jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Alger sprenging hefur orðið í ástundun sjósunds hér á landi. Og hópurinn sem til að mynda mætir í hádeginu á miðvikudögum stækkar stöðugt. Í gær voru sextíu til sjötíu manns mættir í Nauthóls-víkina til að synda: Hópur frá bæði Fréttablaðinu og lögreglunni. Margir meðal þeirra sem syntu á haf út eru ekki þeir sem manni dytti fyrst í hug að legðu sjósund fyrir sig. Til dæmis mátti þarna sjá **Öldu Lóu Leifsdóttur** ljósmyndara sem mætt var fyrsta sinni sem og **Úlfar Linnet** sem kjörinn var fyndnasti maður Íslands fyrir nokkru. Sá hópur sem hefur verið iðnastur við kolann er frá deCODE þótt **Kári Stefánsson** hafi látið sig vanta.



Í vikunni voru þau **Einar Kárason**, **Jónína Leósdóttir**, **Guðbergur Bergsson**, **Auður Jónsdóttir** og **Guðmundur Andri Thorsson** saman komin í Rósenberg til að lesa úr nýjum kiljum Klassíska kiljuklúbbsins. Í hléi birtist hvítklæddur maður og bað um orðið; hann væri Íri, hér á landi í níunda sinn, sér þætti vænt um Íslendinga og vildi endilega syngja fyrir viðstadda írska stemmu sem hann og gerði við góðar undirtektir. Guðbergur spurði hvort ekki ættu þá allir að syngja en enginn gaf sig fram. Stökk Guðbergur þá sjálfur á svið og söng portúgalskan fadósöng fyrir viðstadda og ætlaði þá allt um koll að keyra. **- jbg**









# Gítarleikari Abba átti íslenska kærustu

„Ég hlakka mikið til að koma. Ég hef komið nokkrum sinnum til Íslands áður og fyrsta kærastan mín var meira að segja íslensk,“ segir Finn Sjoberg sem væntanlegur er til Íslands á laugardaginn en hann hyggst spila með Abba-sveitinni Arrival. Þrátt fyrir að nafnið Sjoberg hringi ef til ekki mörgum bjöllum þá spilaði þessi geðþekki náungi á gítar með Abba á árunum 1974-1977 og lék jafnframt inn á nokkrar plötur sveitarinnar.

Hann segist fyrst og fremst vera undrandi á því Abba-æði sem ríki í heiminum um þessar mundir vegna kvikmyndarinnar Mamma Mía!. „Þetta heldur bara áfram að vaxa. Í Svíþjóð hafa tvær milljónir séð myndina sem þýðir að fólk fer aftur og aftur á hana,“ segir Sjoberg sem hafði fyrir fram aldrei trúað því að tónlist Abba myndi lifa svona lengi í manna minnum. „Ég vissi að fólk myndi muna eftir sveitinni, hún var jú svo vinsæl. En að þetta yrðu svona miklar vinsældir kemur mér algjörlega í opna skjöldu.“

Sjoberg hefur um fjögurra ára skeið unnið með Arrival. En þess á milli leikur hann instrumental-tónlist og hefur gefið út nokkra geisladiska. Hans aðalstarf tengist þó ekki tónlist heldur starfar hann sem tölvuráðgjafi á daginn. En hvað skyldi svo standa upp úr frá árunum með Abba? „Án nokkurs vafa eru það stundirnar með Benny [Andersson] í hljóðverinu. Hann naut sín til fullnustu þar,“ segir Finn. **- fgg**



**SPILAR MEÐ ARRIVAL** Gamall gítarleikari Abba-sveitarinnar, Finn Sjoberg, kemur til Íslands á laugardaginn og tekur lagið með Arrival.


PUMA
... á góðu verði
Íþróttatreyjur
Margar gerðir
frá 1.990 kr
Dömukvartbuxur
2.990 kr
Leðurbelti
Margar gerðir, karla og kvenna
1.500 kr
Íþóttagalli
Í barna- og fullorðinsstærðum
3.990 kr
Íþóttagalli
Í barna- og fullorðinsstærðum
3.990 kr
Æfingapeysur
1.990 kr
Puma treyja
Í barnastærðum
og fullorðinsstærðum
1.990 kr
Speedo
ferðataska
á hjólum.
3.990 kr
PUMA fótboltaskór
Vorum að fá vörubretti
með ýmsum stærðum
FAXAFENI 10
11-18 ALLA VIRKA DAGA
11-18 LAUGARDAGA
12-17 SUNNUDAGA
S: 534 4450
OUTLET 10
+++ Merki fyrir minna +++

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



BAKÞANKAR
Ólafs Sindra Ólafssonar

# Kosningavaka

Biðin eftir úrslitum í bandarísku forsetakosningunum var ekki fyrir spennufíkla. Spennan var þvert á móti í sögulegu lágmarki og kosningavakan langþráður endir sakamálamyndar sem allir voru búnir að fatta plottið í fyrir löngu. Svolítið eins og Svartir englar.

**ANDRÚMSLOFTIÐ** á kosningavöku bandaríska sendiráðsins var í senn furðulegt og lýsandi fyrir kosningarnar í heild. Furðulegt vegna þess að rakarakvartettsútgáfur af ABBA lögum eru ekki það fyrsta sem mér dettur í hug þegar ég hugsa um bandarískar forsetakosningar. Satt að segja held ég að þær séu ekki meðal þess fyrsta sem mér dettur í hug, sama hvert umhugsunarefnið er. Þess vegna ákvað ég, eftir stutt ráf um troðinn salinn meðal íslenskra fyrirmenna og bandarískra lögreglumanna, að staldra ekki lengi við á vökunni.

**ÞÁ** kom að hinum lýsandi hluta andrúmsloftsins. Öðru megin í salnum hafði verið komið upp áróðursspjöldum fyrir Obama, hinum megin fyrir McCain. Ég ákvað af rælni að reyna að nappa mér skiltum með nöfnum frambjóðendanna áður en ég yfirgaf samkomuna. Það er alltaf gott að eiga minjagripi og ég hugsaði sem svo að þessi skilti færu vel við hliðina á þýska fánanum sem útigangskona í Hamburg gaf mér á HM í fótbolta 2006, og öðrum ómetanlegum gripum í safni mínu.

**MCCAIN** megin var verknaðurinn löðurmannlegur. Ég kippti einu spjaldi af borðinu og rúllaði upp. Í sama mund kallaði á mig kona sem stóð við borðið. Ég bölvaði í hljóði og var sannfærður um að nú yrði hóað í eina bandaríska lögguna og mér hent út, skiltaþjófnum sem ég er. Sjálfsbjargarviðleitnin tók völdin og ósjálfrátt var ég farinn að skima eftir hentugum útgönguleiðum. Þeir skyldu aldrei ná mér lifandi! Konan kallaði aftur á mig og tók annað skilti af borðinu. „Viltu ekki fá annað handa vini þínum?“

**OBAMA** megin var hins vegar stemmningin önnur. Flest skiltin voru þegar farin heim með skiltaþjófum sem höfðu komið á undan mér. Þeirra tveggja Obama-skilta sem eftir voru var vandlega gætt af sendiráðsstarfsmönnum og ég þóttist greina lágvært urr blóðhunda undan dúklögðu borðinu. Ég ákvað því að lýsa stuttum ferli mínum í skiltaþjófnaði loknum og fór sneyptur heim Obamalaus – en með tvö eintök af McCain.

**MIG** grunar líka að McCain-skiltin eigi eftir að verða verðmætari meðal safnara þegar fram líða stundir. Ég saknaði þess bara að finna engin Palin-spjöld.



## GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 6. nóvember, 311. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.28 | 13.11 | 16.53 |
| Akureyri | 9.25 | 12.56 | 16.26 |

Heimild: Almanak Háskólans

Tal

LÆKKAÐU SÍMREIKNINGINN Í DAG!

HEIMASÍMI
NET
GSM

Tal býður allan pakkann, Net, Heimasíma og GSM frá **3.990 kr** á mánuði. Þú þarft ekki einu sinni að skipta um símanúmer. Hringdu í 1817, farðu inná www.tal.is eða komdu við í nýjum húsakynnum Tals að Suðurlandsbraut 24 og lækkaðu símreikninginn strax.

Suðurlandsbraut 24 – 108 Reykjavík – þjónustuver: 1817 – skrifstofa: 445-1600 – www.tal.is – tal@tal.is